

Miðvikudaginn 22. ágúst 2007 er fundur settur í matsnefnd, og kveðinn upp svofelldur

Úrskurður:

I.

Málsaðilar.

Sóknaraðili er Landsvirkjun, kt. 420269-1299, Háaleitisbraut 68, Reykjavík.

Lögmaður hennar er Þórður Bogason hdl.

Varnaraðilar eru:

- 1) Eigendur vatnsréttinda í Jökulsá á Dal, að undanskildu íslenska ríkinu o.fl. Lögmenn þeirra eru Hilmar Gunnlaugsson hrl. og Jón Jónsson hdl.
- 2) Eigendur vatnsréttinda í Jökulsá í Fljótsdal, aðrir en íslenska ríkið og Valþjófsstaður. Lögmaður þeirra er Kristinn Bjarnason hrl.
- 3) Eigendur vatnsréttinda í Kelduá í Suðurdal, að undanskildu íslenska ríkinu. Lögmaður þeirra er Bjarni Eiríksson hdl.
- 4) Prestsetrasjóður eigandi jarðarinnar Valþjófsstaðar. Lögmaður hans er Helgi Jóhannesson hrl.
- 5) Gunnhildur Þ. Hjarðar, kt. 191224-3029, eigandi fjórðungshlutar í jörðinni Laugavöllum í Laugarvalladal. Lögmaður hennar er Friðjón Örn Friðjónsson hrl.
- 6) Íslenska ríkið. Ekki er mætt af hálfu ísl. ríkisins, en aðkoma þess að málinu verður skýrð síðar.

Í eigendaskrá, sem er hluti greinargerðar lögmannanna Hilmars Gunnlaugssonar og Jóns Jónssonar, kemur fram, að þeir gæta hagsmuna eigenda 35 jarða vestan Jöklu (norðan Jöklu á máli heimamanna), en 14 austan árinna.

Í viðauka I, sem fylgir samningnum frá 13. desember 2005, eru 40 jarðir tilgreindar vestan Jöklu en 27 á austurbakka hennar, þar með taldar jarðirnar Valþjófsstaður og Skriðuklaustur báðar í Fljótsdal. Eigendur eru ýmist íslenska ríkið (18 jarðir), einstaklingar, mismargir að hverri jörð, Prestsetrasjóður, eigandi Valþjófsstaðar, og einkahlutafélagið Lífsval ehf. sem er eigandi að jörðunum Sleðbrjóti I og II.

Viðauki II er skrá yfir jarðir, sem vatnsréttindi eiga í Jökulsá í Fljótsdal og Kelduá. Þar kemur fram, að vatnsréttindi fylgja fimm jörðum á vestari bakka Jökulsár í Fljótsdal. Íslenska ríkið er eigandi fjögurra þessara jarðeigna, en einnig á Valþjófsstaður vatnsréttindi þar. Austan árinna eru 7 býli, þar af er eitt í eigu íslenska ríkisins, en nokkrir einstaklingar eru eigendur hinna jarðanna. Eigendur fjögurra lögbýla í Suðurdal koma einnig að málinu vegna vatnsréttinda í Kelduá austanverðri. Íslenska ríkið kemur einnig þar að sem eigandi jarðeigna

á vestari árbakka. Þá gera eigendur tveggja jarða í Norðurdal, Glúmstaða I og II, tilkall til vatnsréttinda sem fylgja hluta vestari árbakka Kelduár.

Rétt þykir að gera grein fyrir aðild íslenska ríkisins að málinu.

Íslenska ríkið er eigandi fjölmargra jarða, sem vatnsréttindi eiga í þeim vatnsföllum, sem hér koma við sögu, eins og áður er getið. Í upphafskafla samningsins í 3. tölulið er aðild ríkisins lýst svo: „*Ráðuneytið (landbúnaðarráðuneytið) kemur ekki að skipun matsnefndar skv. 3. kafla samnings þessa. Ráðuneytið mun fá allar sömu upplýsingar og aðrir samningsaðilar um málsmeðferð á öllum stigum og getur komið að sérstökum sjónarmiðum til matsnefndar gefi kröfugerðir annarra samningsaðila tilefni til slíks, en mun annars gera kröfur annarra landeigenda fyrir matsnefnd að sínum, séu þær ekki ósamræmanlegar hagsmunum íslenska ríkisins sem landeigenda.*“

Í viðauka III eru taldar upp þær jarðir, sem íslenska ríkið er eigandi að, og einnig þau vatnsréttindi, sem það hefur haldið eftir við sölu jarðeigna og þeirra jarða getið.

II.

Notkun hugtaka, nafna og örnefna í úrskurði þessum.

Jökulsá á Dal kann einnig að verða nefnd Jökulsá á Brú eða Jökla. Þeir eigendur vatnsréttinda í Jöklu, aðrir en ríkið og Prestsetrasjóður verða nefndir Jökuldælingar, þegar það þykir henta. Vísað verður til eigenda vatnsréttinda í Jökulsá í Fljótsdal sem Norðurdælinga eða Fljótsdælinga, en til eigenda vatnsréttar í Kelduá sem Suðurdælinga, þegar greina þarf þeirra í milli.

Vatnsréttindin sem metin eru tengjast jörðum sem land eiga að vatnsföllunum. Í úrskurðinum er ýmist vísað til bakka ána sem nyrðri og eystri bakka, í samræmi við málvenju á svæðinu, eða sem vinstri og hægri bakka og er þá miðað við að horft sé niður viðkomandi vatnsfall.

Landsvirkjun verður nefnd sóknaraðili, Landsvirkjun eða LV eftir atvikum.

Eigendur vatnsréttinda verða nefndir varnaraðilar, þegar ekki þarf að aðgreina þá sérstaklega.

Matsnefnd sú, sem getið er í upphafsorðum, á rætur í samningi frá 13. desember 2005. Vísað verður til hennar sem matsnefndar með eða án greinis, en til samningsins sjálfs sem samningsins án frekari tilgreiningar, nema þess þyki sérstök þörf.

Framkvæmd sú, sem málið varðar, verður nefnd Kárahnjúkavirkjun, en raforkuverið sjálft verður nefnt Fljótsdalsstöð.

Vísað verður til orkukaupandans Alcoa-Fjarðarás hf. sem Fjarðarás hf. eða Fjarðarás.

III.

Málsmeðferð.

Með samningnum frá 13. desember 2005 afhentu varnaraðilar Landsvirkjun til eignar vatnsréttindi sín (virkjunarréttindi) í vatnsföllunum, Jökulsá á Dal, Jökulsá í Fljótsdal og Kelduá, auk vatnsfalla, sem í þær renna og látin hefðu verið af hendi til Kárahnjúkavirkjunar, ef komið hefði til eignarnáms. Matsnefnd skal ákveða vatnsréttareigendum endurgjald úr hendi Landsvirkjunar, sbr. gr. 2.1. í samningnum. Í gr. 2. 2. segir, að matsnefndin skuli skera úr um umfang og verðmæti vatnsréttindanna, skil réttinda milli einstakra jarðeigna og/eða vatnsréttarhafa og greiðslur til hvers um sig. Rísi ágreiningur um skiptingu milli einstakra rétthafa um landamerki skal matsnefndin afmarka það landsvæði sérstaklega og tilgreina verðmæti vatnsréttinda, sem því tilheyra. Matsnefnd sker ekki úr um skiptingu vatnsréttinda milli vatnsréttarhafa, ef ágreiningur er um landamerki eða um skiptingu innbyrðis milli sameigenda að vatnsréttindum eða jörðum. Matsnefndinni ber að haga störfum sínum í samræmi við ákvæði samningsins frá 13. desember 2005 og virða samtímis lagareglur um eignarnám og meginreglur stjórnisýslulaga, eftir því sem við á. Nefndin skal leysa úr ágreiningi um málsmeðferð, sem upp kann að koma, og eru ákvarðanir hennar endanlegar.

Fjallað er um skipun í matsnefndina í 3. gr. samningsins. Þar segir, að Héraðsdómur Reykjavíkur skuli skipa formann hennar, sem fullnægi almennum dómaraskilyrðum. Formaður velji síðan tvo nefndarmenn, verkfræðing og hagfræðing/endurskoðanda. Landsvirkjun tilnefni lögfræðing en varnaraðilar verkfræðing.

Héraðsdómur Reykjavíkur skipaði Skúla J. Pálmason, fyrrverandi héraðsdómara, sem formann nefndarinnar og valdi hann með sér Sigurð Þórðarson, verkfræðing, og Sverri Ingólfsson, löggiltan endurskoðanda. Landsvirkjun tilkvaddi Gest Jónsson hrl., en varnaraðilar tilnefndu Egil Benedikt Hreinsson, prófessor í rafmagnsverkfræði við Háskóla Íslands. Nefndarskipunin skyldi fullfrágengin innan tveggja mánaða frá undirritun samningsins og gekk það eftir. Í 3. gr. samningsins segir enn fremur, að stefnt skuli að því, að nefndin ljúki störfum 1. september 2006. Snemma varð öllum ljóst, sem að málinu komu, að það myndi ekki takast og var því sammælt um að verja til þess þeim tíma, sem þyrfti, en leitast skyldi við að hraða málsmeðferð, eins og frekast væri kostur. Ýmsar ástæður hafa valdið því, að dregist hefur að ljúka málinu, en óþarft þykir að geta þeirra sérstaklega.

Málið var fyrst tekið fyrir í fullskipaðri matsnefnd 14. febrúar 2006. Lögmaður LV skilaði matsnefnd greinargerð sinni á fundi með lögmonnum málsaðila hinn 7. apríl 2006, en lögmennt vatnsréttarhafa afhentu nefndinni greinargerðir sínar á fundi 7. júní s.á. Á þeim fundi fór lögmaður LV fram á frest til að taka afstöðu til fjölmargra atriða í greinargerðum lögmannna vatnsréttarhafa og svara fyrirspurnum þeirra og áskorunum. Honum var veittur frestur til 13. október s.á., sem síðan var breytt í 16. sama mánaðar að ósk lögmannna. Lögmaður LV lagði þá fram ýmis ný gögn. Einnig var þar ákveðið, að munnlegur málflutningur færi fram á Egilsstöðum dagana 4. og 5. janúar 2007. Málinu var því næst

frestað til 27. nóvember 2006 til gagnaöflunar að beiðni lögmanna vatnsréttarhafa. Sá frestur var síðan framlengdur til 12. desember 2006, að beiðni sömu lögmanna, sem þá óskuðu enn eftir viðbótarfresti, þar sem ódrjúgur tími færi í hönd, jólahald og áramót, og því yrði erfitt að afla nauðsynlegra gagna. Matsnefnd gerði lögmönnum þá strax grein fyrir því, að þessi beiðni um frest, myndi verða þess valdandi að fresta yrði máflutningi til vors vegna séraðstæðna matsnefndarmanna. Málinu var því næst frestað til 30. janúar 2007 og skyldi þá ljúka gagnaöflun með framlagningu andsvara varnaraðila við viðbótargreinargerð og gagnaframlagningu Landsvirkjunar á fundinum 16. október 2006. Ljóst varð á fundinum 30. janúar sl., að ekki myndi takast að flytja málið í marsmánuði, eins og áður hafði verið ákveðið og ekki reyndist unnt að finna tíma, sem öllum hentaði, fyrir en dagana 14. og 15. maí sl. Formaður matsnefndar ritaði formanni stjórnar LV bréf, dags. 18. janúar sl. og fór þess á leit, að aflétt yrði leynd gagnvart nefndinni um efni samnings Landsvirkjunar og Fjarðaráls hf. um raforkuverð Stjórn LV féllst á tilmæli formanns og átti nefndin fund 21. febrúar sl. með samninganefnd LV gagnvart Fjarðaráli hf. Nefndarmönnum var þar greint munnlega frá efni umrædds samnings, eftir að þeir höfðu undirritað svonefnda trúnaðaryfirlýsingu um að veita engar upplýsingar um þá vitneskju, sem þeim yrði látin í té. Lögmenn varnaraðila lögðu fram viðbótargögn sín á fundi matsnefndar 27. febrúar sl. Á þeim fundi upplýsti formaður lögmenn málsaðila um fundinn 21. sama mánaðar með samninganefnd LV og lét þess jafnframt getið að í væntanlegum úrskurði yrði ekki byggt á þeim upplýsingum, sem nefndinni hefði þar verið veittar. Formanni barst síðan tölvubréf frá lögmönnum Jökuldælinga, þar sem óskað var eftir fundi í tilefni þess að nefndin byggi yfir upplýsingum, sem varnaraðilar hefðu ekki aðgang að og kynni því að vera vanhæf til að fjalla hlutlaust um málið. Fundur var haldinn 14. mars og lýsti lögmaður LV því þar yfir, að hann myndi beita sér fyrir því, að lögmenn varnaraðila fengju sömu upplýsingar og matsnefndarmenn með sama trúnaðarskilorði. Þetta gekk eftir. Þegar til átti að taka neituðu lögmenn Jökuldælinga að undirgangast trúnaðarskilyrðið og ítrekuðu tilmæli sín um það, að nefndin tæki afstöðu til hæfis síns. Það var gert á fundi 24. apríl sl., en þar ákvað nefndin, að hún hefði ekki valdið vanhæfi sínu með því að afla umræddra upplýsinga.

Málið var tekið til úrskurðar hinn 15. maí sl. að afloknum munnlegum máflutningi.

Geta ber þess, að matsnefndin fór á vettvang 24. og 25. ágúst 2006, ásamt lögmönnum málsaðila og fulltrúum ríkisins og nokkrum öðrum hagsmunaaðilum og kannaði aðstæður.

IV.

Kröfur málsaðila.

Sóknaraðili.

Landsvirkjun gerir kröfu til þess, að matsnefndin ákvarði vatnsréttarhöfum hæfilegt endurgjald fyrir framsal þeirra á vatnsréttindum (virkjunarréttindum) í Jökulsá á Dal, Jökulsá í Fljótsdal og Kelduá til Landsvirkjunar vegna Kárahnjúkavirkjunar, er jafngildi því að greiddar

væru bætur fyrir eignarnám hinna framseldu réttinda. Skuli framsal vatnsréttarhafa til Landsvirkjunar og endurgjald fyrir þau, miðast við orkunýtingarréttindi Jökulsár á Dal frá hæstu lónsstöðu Háslóns í 625 metra hæð yfir sjó (m.y.s.) um aðrennslisgöng að Kárahnjúkavirkjun, síðan eftir árfarvegi Jökulsár í Fljótsdal og Lagarfljóts til sjávar, en vatnsréttindi Jökulsár í Fljótsdal frá 625 m.y.s. að 26 m.y.s. og að vatnsréttindi Kelduár skuli miðast við öll orkunýtingarréttindi frá 669 m.y.s. að skurðsenda í Fljótsdal í um 26 m.y.s.

Jafnframt að kveðið verði á um skil réttindanna milli vatnsréttarhafa og bætur til hvers um sig, sbr. 1. og 2. mgr. 2. gr. sammingsins.

Þá er gerð krafa um, að vatnsréttarhöfum verði ákvarðaður hæfilegur málskostnaður, sbr. 2. mgr. 6. gr. sammingsins.

Varnaraðilar.

1) Jökuldælingar gera þær kröfur, að við mat á fallhæð vatnsréttinda verði miðað við meðalvatnsborðshæð við landamerki jarðar, sem vatnsréttindi fylgja og að meðalrennslí síðustu 10 ára verði lagt til grundvallar. Vatnsréttindi komi til skipta milli einstakra jarðeigna í samræmi við hlutfallslegt umfang réttinda hvers vatnsréttarhafa, m.v. fallhæð.

Þá er þess krafist, að umfang þeirra vatnsréttinda, sem vatnsréttarhafar láta af hendi og LV fær til umráða, skv. niðurstöðu matsnefndar, verði ákveðið sem tiltekið meðalrennslí Jökulsár á Dal, 92,07 m³/sek, í samræmi við það meðalrennslí, sem LV þurfi nauðsynlega á að halda til beinnar orkunýtingar og til að uppfylla þau skilyrði, sem gilda um framkvæmd vegna Kárahnjúkavirkjunar.

Til vara krefjast Jökuldælingar þess, að umfang vatnsréttindanna skuli svara til þess vatnsrennslis, sem LV geti á hverjum tíma nýtt til raforkuframleiðslu í aflstöð Kárahnjúkavirkjunar, enda hækki matsnefnd bótafjárhæð um 5% miðað við aðalkröfu.

Þess er og krafist, að hverjum og einum vatnsréttarhafa við Jökulsá á Dal verði úrskurðaðar fullar bætur fyrir vatnsréttindi, sem látin eru af hendi vegna Kárahnjúkavirkjunar og við það miðað, að fullt verð vatnsréttinda vegna allra vatnsfalla, sem tekin eru til beinnar nýtingar vegna Kárahnjúkavirkjunar, nemi kr. 93.330.000.000, sem skiptist á alla vatnsréttarhafa í samræmi við umfang vatnsréttinda, sem látin eru af hendi. Vatnsréttindi, sem látin eru af hendi vegna áhrifa Kárahnjúkavirkjunar að öðru leyti og skuli nema kr. 2.640.000.000, og skiptist á alla vatnsréttareigendur við Jökulsá á Dal.

Til vara krefjast Jökuldælingar þess, að heildarverðmæti vatnsréttinda vegna Kárahnjúkavirkjunar verði ákveðið 60 milljarðar, að viðbættum bótum, sem renni óskiptar til þeirra vegna stækkunar Lagarfljótsvirkjunar, að fjárhæð 1.696.500.000 kr.

Loks er krafist greiðslu málskostnaðar hvers og eins vatnsréttarhafa í samræmi við gjaldskrá Regula lögmannsstofu.

2) Eigendur jarðeignanna Glúmstaðasels, Glúmstaða I og Glúmstaða II, í Norðurdal í Fljótsdalshreppi, krefjast þess, að Landsvirkjun verði gert að greiða hverjum þeirra fullt verð fyrir vatnsréttindi í Jökulsá í Fljótsdal, sem þeim tilheyra og framseld voru

með aðild þeirra að samningi um framsal og yfirtöku vatnsréttinda vegna Kárahnjúkavirkjunar og um málsmeðferð til að ákvarða endurgjald fyrir þau, dags. 13. desember 2005.

Eigendur jarðeignanna Víðivalla I og Víðivalla II í Fljótsdalshreppi, sem eiga land í sameign á hægri bakka Jökulsár í Fljótsdal frá landamerkjum við Langhús að enda frárennslisskurðar, krefjast þess einnig, að Landsvirkjun verði gert að greiða hverjum þeirra fullt verð fyrir vatnsréttindi þeirra.

Þá krefjast eigendur vatnsréttinda í Jökulsá í Fljótsdal hver um sig málskostnaðar að skaðlausu úr hendi LV að teknu tilliti til 24,5% virðisaukaskatts, samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

3) Eigendur jarðeignanna Víðivallargerðis, Víðivalla fremri, og Víðivalla ytri I og II, gera þá kröfu, að úrskurðað verði, að sóknaraðili greiði hverjum varnaraðila fullt verð fyrir vatnsréttindi, sem honum voru framseld. Greiðslan eigi að vera sú sama og ef eignarnám hefði átt sér stað. Meta skuli réttindin út frá fallhæð Kelduár fyrir hverri jörð miðað við meðalvatnsborð árinna við landamerki hveirrar jarðar, sem vatnsréttindi eigi og komi vatnsréttindin til skiptingar milli jarða í réttu hlutfalli af heildarfallhæð Kelduár.

Þeir krefjast einnig málskostnaðar að skaðlausu úr hendi Landsvirkjunar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

4) Prestssetrasjóður, eigandi Valþjófsstaðar, krefst þess, að Landsvirkjun verði úrskurðuð til greiðslu fullra bóta vegna allra þeirra vatnsréttinda í Jökulsá á Dal og Jökulsá í Fljótsdal, er renna um jörðina Valþjófsstað og framseld eru Landsvirkjun vegna Kárahnjúkavirkjunar.

Þá krefst þessi varnaraðili málskostnaðar úr hendi LV í samræmi við hagsmuni málsins með hliðsjón af gjaldskrá LEX, lögmannsstofu.

5) Gunnhildur Þ. Hjarðar, eigandi að ¼ hluta jarðarinnar Laugavalla, gerir þær kröfur, að Landsvirkjun verði úrskurðuð til að greiða eigendum Laugavalla fullt verð fyrir vatnsréttindi í Jökulsá á Brú, sem þeim tilheyra og framseld voru með samningum frá 13. desember 2005 vegna Kárahnjúkavirkjunar.

Þessi varnaraðili krefst einnig málskostnaðar að skaðlausu úr hendi Landsvirkjunar að teknu tilliti til 24,5% virðisaukaskatts samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

V.

Málavextir.

Frá miðri síðustu öld hafa virkjunarmenn sýnt jökulánum á Norðaustur- og Austurlandi mikinn áhuga. Undir lok síðustu aldar og við upphafi þessarar voru áform um að virkja Jökulsá í Fljótsdal neðan Eyjabakka. Sú virkjunarhugmynd var nefnd Fljótsdalsvirkjun.

Virkjunin átti að skila allt að 210 MW afli, og skyldi orka hennar nýtast álveri, sem Norsk-Hydro hugðist reisa á Reyðarfirði og framleiða átti allt að 200 þúsund tonnum áls á ári. Undirbúningur var vel á veg kominn, þegar hætt var við þau áform, því að hagkvæmara þótti

að reisa allt að tvöfalt stærra álver og því var deginum ljósara, að afl fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar myndi ekki fullnægja orkuþörf svo stórs álvers. Því var ákveðið að ráðast í Kárahnjúkavirkjun. Þar er samnýtt vatn úr Jökulsá í Fljótsdal, Kelduá og Jökulsá á Dal og því veitt saman með jarðgöngum og skurðum að Teigsbjargi þar sem það fellur niður lóðrétt göng u.þ.b. 400 metra að hverflum Fljótsdalsstöðvar og þaðan um frárennslisskurð í farveg Jökulsár í Fljótsdal og Lagarfljóts, sem er í 25,5 metra hæð yfir sjó. Vatnsmagn Lagarfljóts mun því aukast er svarar vatnsmagni Jökulsár á Dal. Vatni verður veitt til aflvéla virkjananna eftir þörfum að mati Landsvirkjunar. Uppsett afl Kárahnjúkavirkjunar verður 690 MW og er ráðgert virkjað meðalrennslí um 110 m³/sek. Meðalorkugeta virkjunarinnar 4570 GWst (gígavattstundir) á ári.

Landsvirkjun sendi Skipulagsstofnun til athugunar svonefnda matsskýrslu hinn 20. apríl 2001. Lýst var þar umhverfisáhrifum fyrirhugaðra framkvæmda, þar sem stefnt var að virkjun með 750 MW afli. Skipulagsstofnun hafnaði tillögum Landsvirkjunar með bréfi, dags. 1. ágúst s.á. Sú ákvörðun Skipulagsstofnunar var kærð til umhverfisráðherra hinn 1. ágúst 2001. Með úrskurði, dags. 20. desember s.á., veitti umhverfisráðherra heimild til framkvæmdarinnar að uppfylltum 20 skilyrðum, sem ekki verða tíunduð hér að einu undanskildu, en það snertir kröfur Jökuldælinga. Skilyrðið er tölusett nr. 10 og hljóðar svo: „*Framkvæmdaraðili nýti yfirfallsvatn á skipulegan hátt á ferðamannatíma og leitist við að ná meðalrennslí í farveg Jökulsár í Fljótsdal og Kelduár í júlí og ágúst í góðum vatnsárum. Í lakari vatnsárum skal framkvæmdaraðili leggja áherslu á að hafa rennslí á ferðamannatíma í farvegi Jökulsár í Fljótsdal og síðan í Kelduá, eftir því sem yfirfallsvatn dugar til*“.

Alþingi veitti Landsvirkjun heimild til að reisa og reka Kárahnjúkavirkjun og veita Jökulsá á Brú frá miðlunarlóni (Háslóni) um aðrennslisgöng undir Fljótsdalsheiði að stöðvarhúsi í Fljótsdal og út í farveg Jökulsár í Fljótsdal, sbr. lög nr. 38/2002. Heimildin náði einnig til þess að veita Jökulsá í Fljótsdal, ásamt vatni af Hraunum inn í aðrennslisgöng Kárahnjúkavirkjunar á Fljótsdalsheiði. Í lögnum er reyndar gert ráð fyrir að vinna verkið í tveimur áföngum, en horfið var frá því ráði af hagkvæmnisástæðum. Svæðisskipulagi miðhálandisins var breytt með tilliti til fyrirhugaðrar framkvæmdar og sérstakt svæðisskipulag fyrir Kárahnjúkavirkjun var staðfest af umhverfisráðherra, sbr. tvær auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda 16. ágúst 2002. Forsætisráðherra veitti leyfi til framkvæmdanna á grundvelli 2. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 3. gr. sl., og öllum öðrum lagaskilyrðum var fullnægt, m.a. framkvæmdaleyfi sveitarstjórna Norður-Héraðs og Fljótsdalshrepps. Iðnaðar-ráðherra veitti Landsvirkjun virkjunarleyfi fyrir Kárahnjúkavirkjun, með bréfi, dags. 2. september 2002.

Upphaflega var ráðgert, að Norsk-Hydro yrði kaupandi raforku frá Kárahnjúkavirkjun til orkunota við fyrirhugaða álbræðslu á Reyðarfirði. Norsk-Hydro sleit samningaviðræðum um raforkukaupin vorið 2002. Í kjölfarið tókust samningar um raforkukaup við Fjarðarál hf.,

sem er í eigu Alcoa og dótturfyrirtækja þess. Í greinargerð Landsvirkjunar er virkjunartilhögun lýst svo:

„Jökulsá á Dal er stífluð við Fremri-Kárahnjúk og myndað miðlunarlón, Háslón. Lítið lón, Ufsarlón, er myndað í Jökulsá í Fljótsdal um tvo km neðan við Eyjabakkafoss með stíflu í ánni. Úr Háslóni rennur vatnið um jarðgöng austur um Fljótsdalsheiði og þau tengjast öðrum göngum úr Ufsarlóni nokkru suðaustan við Þrælaháls. Eftir það rennur allt vatnið í einum göngum til norðausturs út í Teigsbjarg og að stöðvarhúsi inni í fjallinu um tvö fallgöng. Vatnið greinist á sex aflvélar í stöðvarhúsinu og rennur svo frá því um jarðgöng og skurð út í farveg Jökulsár í Fljótsdal austur undan Valþjófsstað. Miðlunarlónið Háslón verður til með því að stífla á þremur stöðum. Stærsta stíflan, Kárahnjúkastífla, verður í Jökulsá á Dal nærri syðri enda Hafrahvammagljúfra við Fremri-Kárahnjúk. Hinar tvær stíflurnar eru mun minni: Desjarárstífla í drögum austanvert undir Fremri-Kárahnjúki og Sauðárdalsstífla í dalverpi að vestanverðu. Vatnsborð í fullu lóni verður í 625 metra hæð yfir sjávarmáli og mun lónið þá ná inn að jaðri Brúarjökuls og flatarmál þess verða um 57 km². Miðlunarrými lónsins er áætlað um 2.100 Gl (milljónir rúmmetra). Kárahnjúkastífla verður um 193 metra há og 730 metra löng grjótstífla með steyptri svuntu. Desjarárstífla verður um 60 metra há og 1.100 metra löng og Sauðárdalsstífla verður um 25 metra há og 1.100 metra löng, en þær eru hefðbundnar grjót- og malarstíflur. Ufsarlón verður um 1 km² að flatarmáli og vatnsborð þess verður í 625 metra hæð yfir sjó, þ.e.a.s. jafnhátt og vatnsborð í fullu Háslóni. Ufsarstífla er um 630 metra löng og 38 metra há grjót- og malarstífla. Þremur þverám á Múla og Hraunum austan Jökulsár í Fljótsdal verður veitt í Ufsarlón, þ.e. Kelduá, Grjótá og Innri-Saudá, ásamt útrennsli úr Sauðárvatni (Hraunaveita). Hluti vatnsvega Hraunaveitu eða um 3,65 km eru jarðgöng. Langstærsta stíflan í Hraunaveitu verður í Kelduá, um 1.650 m löng og 26 metra há. Þetta verður hefðbundin grjót- og malarstífla. Þarna myndast um 8 km² miðlunarlón sem ná mun m.a. yfir Folavatn. Aðrar stíflur og lón verða mun minni. Jarðgöngin frá Háslóni að Teigsbjargi verða um 38 km löng og til viðbótar koma ríflega 13 km göng úr Ufsarlóni. Frá gangamótum suðaustan við Þrælaháls liggja ein jarðgöng norðaustur heiðina út í Teigsbjarg, skammt innan við Valþjófsstað. Með þessu fyrirkomulagi má nota miðlun í Háslóni þannig að rennsli beggja jökulánna nýtist fyrir virkjunina. Frá aðrennslisgöngunum í Teigsbjargi verða tvö um 400 metra löng fallgöng að stöðvarhúsinu sem verður neðanjarðar, um 800 metra inn í bjarginu. Stöðvarhúsið verður um 115 metra langt, 14 metra breitt og mesta hæð um 34 metrar. Í stöðinni verða sex vélasamstæður af Francis gerð með tilheyrandi búnaði, hver um sig 115 MW. Uppsett afl Kárahnjúkavirkjunar er því 690 MW. Virkjað meðalrennsli um 110 m³ á sekúndu og meðalorkugeta um 4.570 GWst á ári. Afl stöðvarinnar er ákveðið ríflegt miðað við það vatn sem er til umráða þannig að ætíð sé borð fyrir báru. Þannig fer nærri að í Kárahnjúkavirkjun sé ein vélin til vara. Framleiðslugetan ræðst þannig af innrennsli í lónin og miðlunarrými þeirra en ekki uppsettu afli virkjunarinnar. Við hlið stöðvarhússins verður spennasalur. Þar

verður aðalspennum virkjunarinnar komið fyrir og rafmagnið frá aflvélunum spennt upp í 245 kV. Vatninu verður veitt úr stöðvarhúsinu um frárennslisgöng sem opnast út í Fljótsdal. Frá gangamunnum verður grafinn frárennslisskurður út í farveg Jökulsár austur undan Valþjófsstað þar sem áin er í um 25,5 metra hæð yfir sjó. Kárahnjúkavirkjun framleiðir rafmagn fyrir álver Alcoa í Reyðarfirði. Frá tengivirki við stöðvarhús í Fljótsdal liggja tvær háspennulínur, Fljótsdalslínur 3 og 4, hvor um sig um 50 km langar, verða þær byggðar fyrir 420 kV spennu, en reknar á 220 kV spennu. Þessar háspennulínur, sem eru í eigu Landsnets hf., hafa eingöngu það hlutverk að flytja raforku til álversins. Hluti Byggðalínu, Kröflulína 2, 132 kV, sem liggur frá Kröflu og að Hryggstekk verður sveigð af Fljótsdalsheiði fram á Teigsbjarg og að tengivirkinu í Fljótsdal. Þaðan liggur jarðstrengur yfir Fljótsdal sem tengist Byggðalínunni aftur austanmegin í dalnum og að Hryggstekk.“

Málavaxtalýsing Landvirkjunar hefur ekki sætt andmælum varnaraðila.

Lögmenn Jökuldælinga benda þó á, að Háslón muni að mestu verða myndað af innstreymi vatns úr ám, sem renni um landsvæði, sem tilheyri jörðunum Brú og Laugavöllum og falli inn í Háslón í þeirra landi. Um sé að ræða, Jökulsá á Dal, Illukvísl (Gljúfrakvísl), Kringilsá og Sauða vestari, auk ótalra lækja. Jökulkvísl og Sauða eystri renni í Háslón austanvert. Matsnefnd beri að taka tillit til þessa við ákvörðun um skiptingu bóta fyrir vatnsréttindin milli Brúar og Laugavalla annars vegar og Valþjófsstaðar hins vegar.

Þá byggja Jökuldælingar á því, að vatnsmagn Lagarfljóts muni aukast sem svari vatnsmagni Jökulsár á Dal, og því sé unnt að auka uppsett afl Lagarfljótsvirkjunar um 20 MW og orkuvinnslu um 130 GWst. Bætur fyrir þessa sérstöku nýtingu vatns úr Jökulsá á Dal, falli aðeins til þeirra, sem þau réttindi eiga. Matsnefnd beri að ákveða þessar bætur í samræmi við framsettar kröfur.

Matsnefndin fól Vatnamælingum Orkustofnunar að mæla meðalrennslis vatnsfalla og hæð yfir sjó (fall) á landamerkjum þeirra jarða, sem land eiga að þeim ám, sem nýttar verða til að knýja rafala Fljótsdalsstöðvar og gera skýrslu um verkefnið. Vatnamælingar skiluðu vandaðri og ítarlegri skýrslu í ágúst 2006. Þar er mælistaður sýndur á loftljósmynd, hnit hans skráð og hæð yfir sjó. Miðað er við efri mörk hveggjar jarðar. Í niðurlagi skýrslunnar eru samandregnar upplýsingar um fallhæð hlutaðeigandi vatnsfalls í landi hveggjar jarðar fyrir sig frá fjalli til fjöru. Matsnefnd fól Verkfræðistofunni Vatnaskilum að reikna rennslis (rennslisraðir) á nokkrum tilgreindum stöðum í jökulánum þremur. Rennslisraðirnar ná yfir tímabilið frá 1. september 1950 til 31. ágúst 2005. Niðurstöður Vatnaskila koma fram í bréfi til matsnefndarinnar dags. 8. desember 2006 (mskj. nr. 47) og skýrslu frá apríl 2007 (mskj. nr. 88).

Matsnefndin styðst við niðurstöður Vatnaskila og Orkustofnunar við skiptingu bótafjárhæða milli vatnsréttarhafa.

Kaup á vatns-og hitaréttindum.

Velflestir þeirra, sem koma að þessu máli, vísa til fyrri matsgerða og samninga, sem varða bætur til eigenda virkjunaréttinda. Því þykir rétt að fara um efnið nokkrum orðum.

Ýmis kaup á vatnsréttindum áttu sér stað á fyrstu tugum síðustu aldar, sem ástæðulaust þykir að fjalla um.

Kaup á vatnsréttindum jarðarinnar Úlfljótsvatns á árinu 1929.

Reykjavíkurborg keypti á árinu 1929 land jarðarinnar Úlfljótsvatns meðfram vesturbakka Sogsins frá Þingvallavatni og niður í Úlfljótsvatn. Sérstakri nefnd var falið að verðmeta vatnsréttindin. Henni var einnig falið að meta 10 ha lands, sem látnir voru samtímis af hendi. Í matsgerðinni segir hvaða fimm atriði nefndin hafi haft til hliðsjónar niðurstöðu sinni. Í fyrsta lagi leit hún til kaupa og leigu *á vatnsafla hér á landi að undanfögnu*. Þar segir enn fremur, að svo virðist, *að kaupverð eða leiguhæð hafi nálega alltaf verið ákveðið af handa hófi*. Þá var litið til fasteignamatsverðs, svo og til framboðs á vatnsréttindum og eftirspurnar eftir þeim, og loks í fjórða og fimmta lagi var hagkvæmi virkjunar með hliðsjón af virkjanlegu afli einn af ráðandi þáttum í verðákvörðun nefndarinnar. Auk vatnsréttinda voru metin spjöll á veiðirétti. Fallhæð milli Þingvallavatns og Úlfljótsvatns var talin 22,8 m „*nægilega stöðugt*“ og rennsli allt að 80 teningsmetrar á sekúndu. Í aðfararorðum að niðurstöðu segir: *Afl Efra-Sogs var áætlað 18240 hestokkur til stöðugar notkunar allan sólarhringinn. Af þessu kemur helmingur í hlut Úlfljótsvatns, sem næst 9120 hestokkur*. Matsnefndin taldi vatnsréttindi jarðarinnar Úlfljótsvatns mun verðmætari en vatnsréttindi almennt á landinu vegna nálægðar við almennan markað, mikils afls og þess, hve auðvelt væri að virkja aflið. Meiri hluti nefndarinnar mat helming réttindanna á 98.000 kr., (u.þ.b. 29,5 m.kr. jan. 2006, samkvæmt álitssgerð verkfræðinganna, Péturs Stefánssonar og Unnar Helgu Kristjánsdóttur, sem síðar verður vikið að og eftirleiðis vísað til sem álitssgerðar verkfræðinganna). Minnihluti nefndarinnar mat sömu réttindi á 40 þús. kr.

Kaup Reykjavíkurborgar á árinu 1935.

Sérstakri matsnefnd var einnig falið að verðmeta vatnsréttinda í tilefni af kaupum Reykjavíkurborgar á vatnsréttindum fyrir eystri bakka Sogsins frá landamerkjum við Kaldárhöfða að ofan, niður að merkjum Efri-Brúar milli Írafoss og Ljósafoss að neðan. Nefndin skyldi ákveða verðmæti þessara vatnsréttinda og að auki verð á 8,2 ha eignarlandi undir raforkuver, réttar til vatnsflutninga og vatnsborðsbreytinga fyrir landi Efri-Brúar. Nefndin skilaði niðurstöðu í desembermánuði 1935, sem var á þá leið, að verðmæti allra hinna afhentu réttinda voru virt á 54.000 kr. (u.þ.b. 16 m.kr. á verðlagi jan. 2006 sbr. álit verkfræðinganna). Í matsgerðinni er tekið fram, að nefndin hafi með mati sínu talið tveimur skilyrðum fullnægt, „*að eigendur jarðarinnar fái hæfilegt endurgjald fyrir réttindi þau er þeir láta af hendi miðað við fyrri vatnssölu í Soginu og að virkjunarfyrirtækinu sé ekki íþyngt um of með greiðslu matsupphæðarinnar*.“

Ákvörðum bóta vegna Mjólkárvirksunar.

Hinn 22. desember 1961 ákvað gerðardómur eigendum vatnsréttinda bætur fyrir þau vatnsréttindi (virkjunarréttindi), sem samnýtt voru með svonefndri Mjólkárvirksun. í Arnarfirði. Ágreiningur var um orkumagn vatnsfallanna og verðlagningu orkunnar. Ýmsir vatnsmiðlunarkostir voru kannaðir og einnig ólíkar leiðir um val á fallhæð og virkjuðu rennsli, eins og segir í álitsgerð verkfræðinganna Péturs og Unnar. Gerðardómurinn taldi „að miða beri verðmæti vatnsréttinda við hagrænt nýtanlega brúttóorku eða brúttókílóvött, sem svara til hennar. Nýtanleg brúttóorka alls vatnasvæðisins var metin 150 GWst/ári eða sem nemur 17.500 kW brúttó árs afls“

Í forsendum gerðardómsins segir, að afl vatnsfalla sem aðallega verði hagnýtt til orkuvinnslu til heimilisnota eða smærri iðnaðar sé, að öðru óbreyttu, verðmeira en afl fallvatna, sem hagrænast væri að virkja til orkuvinnslu fyrir orkufrek stóriðjuver. Vatnsaflíð í Arnarfirði telja gerðarmenn til fyrri flokksins.

Fram kom sú afstaða, að hár virksunarkostnaður og slæmar aðstæður til virksunar, svo og fjarlægð frá markaði hefði áhrif á verðmæti virksunarréttindanna til lækkunar, en á móti kæmi mikil fallhæð, sem leiði til hagkvæmari virksunar en ella. Einnig segir í gerðardóminum, að engin gögn um rekstur orkuvera í Arnarfirði hafi legið fyrir og því hafi ekki verið hægt að meta verðmæti vatnsréttindanna á þeim grundvelli. Þess er á hinn bóginn getið, að gerðardómurinn hafi reynt að gera sér grein fyrir því, hvað gæti talist eðlilegt og sanngjarnt hlutfall milli vatnsréttindaverðs og annars stofnkostnaðar orkuverðs, en ekki treyst sér til að meta verðmæti vatnsréttindanna á þeim grundvelli, þar sem engar upplýsingar um arðsemi orkuvera í Arnarfirði lögju fyrir. Einnig er þess getið, að einkaréttur ríkisins til að reisa og reka raforkuver stærra en 100 hestöfl, skv. 1. gr. laga nr. 12/1946, hefði áhrif á verð vatnsréttindanna til lækkunar. Gerðardómurinn hafði hliðsjón af þeim kaupum og matsgerðum, sem áður hefur verið fjallað um. Hann lýsti þeirri afstöðu sinni, að ekki þætti rétt að taka mið af erlendri verðlagningu vatnsréttinda, s.s. í Noregi, vegna hins mikla framboðs á vatnsréttindum hér á landi miðað við eftirspurn. Mætti því gera ráð fyrir lægra vatnsréttindaverði héraðs en erlendis.

Gerðardómurinn miðaði verðmat sitt við 1. ágúst 1956 og taldi, að öllu virtu, verðmæti vatnsréttindanna að meðtöldum réttindum til landsnytja nema 1.680.000 kr., sem svara til u.þ.b. 45,5 m. kr. í janúar 2006 að mati. verkfræðinganna.

Bætur til eigenda vatnsréttinda vegna Blönduvirksunar.

Með úrskurði uppkveðnum 10. ágúst 1992 voru eigendum vatnsréttinda (virkjunarréttinda) í Blöndu ákveðnar bætur. Blanda var stífluð við Reftjarnabungu, u.þ.b. miðja vegu milli upptaka og árósa, þar sem myndað var miðlunarlón. Úr lóninu er ánni veitt um skurði og stöðuvötn út eftir Auðkúluheiði 24 km leið að inntaki á Eiðsstaðabungu en þaðan fellur vatnið um 287 m um aflstöðina út í farveginn á ný. Meðal vatnsrennsli í Blöndu

til virkjunar var talið 39 m³/s. Áætlað var að rennsli um allar þrjár vélar virkjunarinnar yrði 61,5 m³/s og afl vélanna alls 150 MW. Orkugeta virkjunarinnar var áætluð 750 GWst á ári.

Málið snerti fyrst og fremst ágreining um fjárhæð þeirra bóta, sem koma skyldu fyrir vatnsréttindin (virkjunarréttindin). Frásögn í greinargerð Landsvirkjunar er hér lögð til grundvallar, en þar segir svo:

„Matsnefndin taldi að bætur til matsþola bæri að miða við fjárhagslegt tjón eingöngu samkvæmt viðurkenndum sjónarmiðum skaðabótaréttar. Við mat á bótafjárhæð vegna vatnsréttinda væri til ýmissa þátta að líta. Þar mætti nefna atriði eins og stærð og hagkvæmni virkjunarinnar, samanburð við aðra virkjunarkosti, dreifikerfi orkunnar, orkumarkað, svo og sérhag til frádráttar bótum samkvæmt 140. gr. vatnalaga nr. 15/1923. Þrátt fyrir að aðstæður hér á landi væru ekki sambærilegar aðstæðum í Noregi, taldi matsnefndin ekki óeðlilegt að hafa nokkra hliðsjón af þeim sjónarmiðum, er liggja til grundvallar verðlagningu fallvatnsréttinda í Noregi.“

Í niðurstöðu matsnefndar er þeirri afstöðu lýst, að Blönduvirkjun sé stórvirkjun á íslenskan mælikvarða, sem framleiði 750 GWst á ári. Heildarkostnaður við byggingu hennar hafi numið u.þ.b. 13,2 milljörðum króna. Stærð virkjunarinnar hafi áhrif á verðmætamat vatnsréttinda til lækkunar, en á hinn bóginn hafi hagkvæmni hennar leitt til hækkunar við mat á verði vatnsréttindanna. Þá lýsti nefndin þeirri afstöðu, að eðlilegt og sanngjarnt hlutfall ætti að vera milli vatnsréttinda annars vegar og stofnkostnaðar virkjunarinnar hins vegar. Síðan segir í lokaorðum matsnefndarinnar: *„Þegar öll framangreind atriði eru virt og að teknu tilliti til hagræðis af eingreiðslu bótanna telur matsnefndin að vatnsréttindi þau sem um er fjallað í máli þessu séu hæfilega metin í heild kr. 92.000.000.“* (154 m.kr. jan. 2006).

Þessi niðurstaða svarar til u.þ.b. 0,7% af stofnkostnaði virkjunarinnar.

Vatnsréttindi jarðarinnar Króks í Ásahreppi.

Lögmennirnir Eyvindur G. Gunnarsson hrl. og Ólafur Björnsson hrl. voru dómkvaddir í héraðsdómi Suðurlands til að meta vatnsréttindi jarðarinnar Króks í Ásahreppi, Rangárvallasýslu og verðmætisrýrnun á jörðinni vegna þess að engin vatnsréttindi fylgdu henni. Um var að ræða vatnsréttindi í Þjórsá. Matsgerð lögmannanna er dags. 17. janúar 2003. Byggt var á áformum Landsvirkjunar um að virkja Þjórsá við Urriðafoss. Jörðinni Króki tilheyrir land að austari bakka Þjórsár. Fall árinna fyrir landi jarðarinnar er um 4 metrar eða 10 % af virkjuðu falli Urriðafoss. Fram kemur í matsgerðinni, að Landsvirkjun áætli, að virkjunin skili 150 MW afli og meðalorkugeta hennar sé 890 GWst á ári. Matsmenn lögðu til grundvallar álit Lofts Þorsteinssonar, verkfræðings frá 1991, sem síðar verður lauslega lýst. Að mati Lofts er virkjanleg vatnsorka 30 TWst á ári (30.000 GWst á ári). Hlutfall virkjunarinnar af virkjanlegri orku var því 890/30000. Framreiknað heildarverð vatnsréttinda samkvæmt álitssgerð Lofts nam kr. 4.950 mkr. miðað við virkjunarvísitölu í nóvember 2002. Niðurstaðan var því sú, að heildarverðmæti vatnsréttinda jarðarinnar var talið nema 147 mkr. (890/30000x 4950). Matsgerðin var lögð fram í héraðsdómi Suðurlands í tengslum við mál,

sem Suðutækni ehf. höfðaði á hendur Byggðastofnun til greiðslu bóta fyrir vatnsréttindi, sem ekki fylgdu við kaup einkahlutafélagsins á jörðinni Króki. Í niðurstöðu héraðsdóms segir: „*Samkvæmt gögnum og framburði matsmanna er matið óháð því hvort til Urriðafossvirkjunar kemur eða ekki. Matið er ítarlegt og rökstutt, ekki hefur verið beiðst yfirmats, verður matið því lagt til grundvallar við tölulega niðurstöðu málsins.*“ Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar og matsgerðin staðfest með þessum orðum: „*Í mati hinna dómkvöddu matsmanna, sem aðaláfrýjandi hefur ekki hnekk, er komist að rökstuddri niðurstöðu um hæfilegan afslátt af kaupverði, sem nemur þeirri fjárhæð sem dæmd var í héraðsdómi.*“

Nokkur dæmi eru um það á síðustu árum, að vatnsréttindi hafi verið leigð til virkjunar gegn afgjaldi, sem nemur ákveðnu umsömdu hlutfalli af brúttó raforkuverði eða árlegu leiguafgjaldi.

Þannig leigðu eigendur vatnsréttinda í Botnsá og Þverá í Súgandafirði Dalsorku ehf, rétt til að virkja árnar með samningi, dags. 1. okóber 2001, gegn 5% leigugjaldi af brúttótekjum af raforkusölu. Gjaldið leiðréttist 1. júlí næsta árs í samræmi við tekjuáætlun stjórnar leigutaka. Leigusamningurinn gildir meðan raforkuver Botnsár og Þverár er starfrækt. Virkjunin er 600 kW að uppsettu afli en aflið sveiflast frá 230 kW og upp í 550 kW. Þessar upplýsingar segjast lögmenn Jökuldælinga hafa eftir munnlegri frásögn fyrirvarsmanna Dalsorku ehf.

Í Ólafsfirði var Burstabrekkuá virkjuð. Í leigusamningi frá 9. desember 2003 er umsamin leigufjárhæð sögð nema 5% af heildarsölu raforku hvers mánaðar, sem greiðist mánaðarlega. Virkjunin er talin framleiða orku með 370 kW afli, að sögn lögmanna Jökuldælinga í greinargerð þeirra. Ekki er að finna uppsagnarákvæði í samningnum.

Fallorka ehf. tók á leigu vatnsréttindi jarðanna Samkomugerðis, Valla og Rauðhúsa í Eyjafjarðarsveit til virkjunar Djúpadalsár. Samningarnir eru allir dagsettir 9. maí 2003. Samtals nam leiguafgjaldið 3,1% af heildarveltu virkjunarinnar af orkusölu eitt almanaksár í senn. Í öllum þremur samninganna segir, að gildistími þeirra skuli vera meðan virkjunin er starfrækt. Í samningum Fallorku ehf. í tengslum við Djúpadalsvirkjun II var horfið frá þeirri tilhögun að miða afgjaldið við hlutfall af heildarveltu en þess í stað var leigugjaldið fastákveðin árleg upphæð, sem skyldi breytast í hlutfalli við breytingar á heildsölugjaldskrá Landsvirkjunar. Eigandi jarðarinnar Valla endurnýjaði fyrra samkomulag sitt við Fallorku hf. með nýjum samningi dags. 1. janúar 2005. Eldri samningur var samtímis felldur úr gildi. Þar var afgjaldinu breytt í fasta krónutölu kr. 1.000.000 fyrir árið 2005, sem síðan skyldi breytast eins og áður segir, fyrst árið 2006. Ákvæði samningsins um gildistíma var óbreytt frá fyrri samningi. Í desember 2004 og apríl 2005 gerði Fallorka ehf. v/ Djúpadalsvirkjunar II tvo samninga um leigu vatnsréttinda í Djúpadalsá við eigendur jarðanna Syðra-Dalsgerðis (hluti) og Ytra-Dalsgerðis. Í báðum samningunum miðaðist umsamin árleg greiðsla við fasta krónutölu, 450.000 kr. í öðrum samningnum, en 500.000 kr. í hinum, með sams konar endurskoðunarákvæði og gildi í samningi við eiganda Valla. Gildistími þessara beggja

samninga var til ársins 2025. Afl Djúpadalsvirkjunar I er talið vera tæp 2 MW en Djúpadalsvirkjunar II 1,9 MW.

Hinn 3. júlí 2003 gerðu Íslensk Orkuvirkjun ehf. (ÍOV) og Seyðisfjarðarkaupstaður samning um heimild ÍOV til að virkja Fjarðará í Seyðisfirði í tveimur virkjunum, annarri svonefndri Bjólfsvirkjun en hin er svonefnd Gúlsvirkjun. Samkvæmt virkjunarleyfi frá 15. maí 2006 er áætlað afl Bjólfsvirkjunar 6,4 MW en Gúlsvirkjunar 3,4 MW. Leigusamningurinn er til 50 ára með forleigurétti leigutaka. Með viðauka við samninginn, dags. 3. júlí 2006 var samið um endurgjald ÍOV fyrir vatnsréttindi/virkjunarrétt og landnot, samkvæmt stighækkandi hlutdeild af brúttótekjum sínum af rekstri virkjananna við Fjarðará þannig: Frá gangsetningu virkjunar og fyrstu 10 árin miðað við áramót 2,5%, síðan frá og með 11. rekstrarári 5%, frá og með 16. heila rekstrarári 7,5% og loks frá og með 21. rekstrarári 10%. Vegið meðaltal samkvæmt útreikningi lögmannna Jökuldælinga er 7,75%.

Hitaréttindi.

Einnig hafa verið nefnd til sögu mál, sem varða bætur fyrir hitaréttindi.

Svartsengi.

Í svonefndu Svartsengismáli var gerðardómi falið með samningi að meta verðmæti jarðhitaréttinda við Svartsengi í nágrenni Grindavíkur. Úrskurður var kveðinn upp í málinu hinn 21. janúar 1976. Í forsendum hans er tekið fram, að verð hitaréttindanna við Svartsengi hafi verið ákvarðað með því að finna mismun áætlaðs framleiðsluverðs á heitu vatni við Svartsengi og áætlaðs orkuverðs frá næsthagkvæmasta orkugjafa. Fyrstu árin var notkun díselolíu álitin næstbesti kosturinn en eftir það sennilega varmi frá kyndistöðum er notuðu svartolíu og afgangsráfmagn. Einnig er þess getið, að engar upplýsingar hafi legið fyrir, sem veitt gætu vísbindingar um gangverð slíkra hitaréttinda.

Orðrétt segir svo í forsendum úrskurðarins: „*Til grundvallar ákvörðun á verðmæti umræddra jarðhitaréttinda ber einkum að miða við, hvað telja megi líklegt söluverð þeirra til aðila, sem hefði yfir að ráða nægilegri tækniþekkingu, fjárhagslegu bolmagni og markaðs- aðstöðu til að hagnýta þau. Þar verður að taka tilliti til þess, að ekki er fyrir að fara mörgum slíkum aðilum. Að því leyti er um þröngan markað þessara réttinda að ræða, en það rýrir verðmæti þeirra.*”

Bætur fyrir jarðhitaréttindin ein og sér voru ákveðnar 82 milljónir kr. eða sem næst 2% af heildarávinningi af nýtingu jarðvarmans í samanburði við aðra orkugjafa, eins og segir í niðurlagi úrskurðarins. Svarar bótafjárhæðin til u.þ.b. 120 milljóna króna á verðlagi janúar 2006.

Deildartunguhver.

Matsnefnd eignarnámsbóta kvað upp úrskurð 30. desember 1980 í tilefni af eignarnámi íslenska ríkisins á Deildartunguhver í Borgarfirði, samkvæmt heimild með lögum nr. 57/1979. Eignarnámsheimildin var veitt í þágu Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, sem skyldi fá hin eignarnámsheimild til afnota gegn greiðslu eignarnámsbóta. Afkastageta Deildartunguhvers

var talin vera 180 sekúndulítrar af 100° gráðu heitu vatni (celsius). Til frádráttar komu 10 sekúndulítrar, sem eigendur fengu að halda eftir endurgjaldslaust til eigin nota. Umtalsvert varmatap var álitid verða á leið vatnsins til neytenda. Eignarnemi lagði áherslu á, að bætur skyldu miðast við tjón eignarnámsþola en ekki þann hagnað sem eignarnemi kynni að öðlast. Eignarnámsþoli byggði á því, að eignarnámsbætur bæri að miða við fyllstu nýtingu þeirrar orku, sem fælist í Deildatunguhver, þótt slík nýting næðist ekki af hálfu hitaveitunnar. Matsnefndin taldi nýtingu jarðhitans óháða tæknilegum örðugleikum og lítt kostnaðarsama og byggði niðurstöðu sína annars vegar á líklegu söluverði og hins vegar á arðsemi í höndum eignarnema. Hún leit til þess við ákvörðun sína, að um væri að ræða *tiltölulega þrönga markaðsstöðu*, sem áhrif hefði til lækkunar. Niðurstaða matsnefndar nam 532 milljónum gamalla króna sem svarar til 128 milljóna króna á verðlagi í janúar 2006..

Álitsgerðir um arðsemi Kárahnjúkavirkjunar.

Eigendur Landsvirkjunar fólu sérstakri nefnd að yfirfara útreikninga starfsmanna Landsvirkjunar um arðsemi Kárahnjúkavirkjunar. Nefndina skipuðu Sigurður Snævarr, borgarhagfræðingur, Friðrik Már Baldursson, prófessor og Arnar Árnason, löggiltur endurskoðandi. Nefndin skilaði skýrslu, dags. 7. janúar 2003. Í fyrri umfjöllun um þessa skýrslu hefur verið vísað til hennar sem eigendaskýrslunnar og verður svo gert enn.

Nefndin skilgreindi verkefnið svo í upphafi skýrslu sinnar, að mat yrði aðeins lagt á arðsemi og fjárhagslega áhættu Kárahnjúkavirkjunar, en ekki yrði tekin afstaða til þjóðhagslegra né umhverfislegra áhrifa hennar. Litið yrði eingöngu til núvirts fjárstreymis frá verkefninu á líftíma þess miðað við forsendur LV um kostnað og tekjur. Arðsemismatið miðaðist við sjóðstreymi, án þess að horft væri til reiknaðra liða, s.s. afskrifta. Nefndin taldi, að búast mætti við rekstrarlegu tapi fyrstu árin vegna mikils fjármagnskostnaðar og afskrifta. Nefndin yfirfór forsendur LV, s.s. stofnkostnað, raforkusölu og raforkuverð, álverð og þróun þess, fjármögnun og fjármagnskostnað, gengi nokkurra gjaldmiðla, sem áhrif hefðu á arðsemismatið, rekstrarkostnað og líftíma virkjunarinnar. Umfjöllun nefndarinnar um hvern einstakan lið var í meginatriðum á þessa leið:

Stofnkostnaður.

Talið var að stofnkostnaður næmi 95 milljörðum króna á verðlagi og gengi nóvember 2002. Byggðist sú áætlun á upplýsingum LV, fyrirliggjandi tilboðum og skiptingu fjármögnunar verkefnisins milli tilgreindra gjaldmiðla.

Raforkusala og raforkuverð.

Í skýrslunni kemur fram, að fyrir liggi samningur við Fjarðarál hf. um orkusölu til 40 ára frá 1. október að 2007 að telja. Raforkuverð myndi breytast í réttu hlutfalli við breytingar á heimsmarkaðsverði á áli. Gert væri ráð fyrir sölu á 4.704 GWst á ári, en arðsemisáætlun LV væri miðuð við sölu á 4.660 GWst á ári. Í slæmum vatnsárum gæti orkuvinnsla fallið niður í 4.460 GWst. en við venjulegar aðstæður megi búast við, að LV anni orkuþörf Fjarðaráls. Því er lýst, að ýmis tryggingarákvæði séu í samningnum á báða bóga, s.s. um endurskoðun

raforkuverðs við ákveðnar aðstæður. Ekki er getið um raforkuverð í þessum kafla skýrslunnar né síðar. Þar segir að raforkuverð tengist verði á áli, og það sé mikilvægasta forsenda arðsemismatsins, en jafnframt sú umdeildasta. LV hafi byggt áætlun sína um þróun álverðs á álitni viðurkenndra erlendra sérfræðinga. Í samningnum við Fjarðarálf hf. sé miðað við, að álverð í upphafi raforkusölu verði það sama, hvað verð og gengi varðar, og það var á árinu 2002, en lækki síðan árlega um 0,45% að raunvirði miðað við framleiðendaverðvísitölu í Bandaríkjunum á líftíma virkjunarinnar. Tekið er sérstaklega fram, að álverð sé lágt á þessum tíma í sögulegu samhengi og fullvíst að það sé undir langtímaleitni.

Fjármögnun og fjármagnskostnaður.

Fram kemur í skýrslunni, að LV njóti sama lánstrausts og ríkissjóður, þannig að auðvelt ætti að vera að tryggja nægilegt fé á hagstæðum kjörum. LV gangi út frá 25% eiginfjárlutfalli og 75% lánshlutfalli í arðsemismati sínu. Arðsemismatið miðist við 5,5% nafnvexti af lánsfé, en 11% ávöxtunarkröfu LV á eigið fé og verði því veginn fjármagnskostnaður 6,9%. Að mati skýrsluhöfunda sé vöð á mun lægri vöxtum á alþjóðamarkaði og nefna þeir sem dæmi, að Liborvextir til 6 mánaða séu í bandaríkjadöllum 1,4%. Bent er á samþykkt eigenda LV á árinu 1996 um 5-6% ávöxtun eigin fjár. Tekið er sérstaklega fram, að LV áskilji sér hærri ávöxtun eigin fjár vegna áhættu sem Kárahnjúka-verkefnið feli í sér. Þetta sé hliðstæð krafa og norska ríkisfyrirtækið Statkraft geri um ávöxtun eigin fjár. Hins vegar hafi meðalardsemi eigin fjár orkufyrirtækja í nágrannalöndunum á árunum 1998 til 2001 verið á bilinu 7,5% til 9,5% .

Gengi.

Skýrsluhöfundar taka fram, að arðsemismat LV miðist við, að gengisvísitala ísl. krónu verði 132,5 stig, gengi bandaríkjadals verði 87,5 kr. og hlutfall evru og bandaríkjadals verði 1,01. Gengi bandaríkjadals gagnvart öðrum erlendum myntum skipti verulegu máli, þar sem söguleg reynsla sýni, að álverð fylgi fremur „körfu“ mynta en gengi bandaríkjadals.

Rekstrarkostnaður.

Fram kemur að áætlaður árlegur rekstrarkostnaður Kárahnjúkavirkjunar muni nema 740 milljónum kr., að meðtöldum 120 milljónum króna kostnaði af mótvægisáðgerðum gagnvart umhverfisáhrifum. Þessi kostnaður sé nokkru lægri sem hlutfall af byggingarkostnaði en í öðrum virkjunum LV.

Líftími virkjunarinnar.

LV miði við 63 ára rekstartíma virkjunarinnar í arðsemismati sínu og að virkjunin verði verðlaus að þeim tíma liðnum, þ.e. eftir árið 2070. Skýrsluhöfundar telja að virkjunin muni endast lengur eða í allt að 100 ár. Þetta kunnir að breyta einhverju, t.d. ef verðmæti virkjunarinnar reiknist 80 milljarðar kr. árið 2070, en það bæti núvirði verkefnisins um 2 milljarða kr. miðað við 5% raunávöxtun.

Niðurstaða.

Í skýrslunni segir svo um mat LV á arðsemi verkefnis: „Arðsemin er metin á þrjá kvarða, þ.e. núvirt sjóðstreymi, afkastavextir og arðsemi eigin fjár.

Núvirt sjóðstreymi 6,6 milljarðar kr.

Afkastavextir (nafn) 7,3%, Afkastavextir (raun) 5,5%, Arðsemi eigin fjár, nafn 12,8%, Arðsemi eigin fjár (raun) 11%. Sú niðurstaða að afkastavextir verði 0,5% umfram veginn fjármagnskostnað leiðir til þess að núvirt sjóðstreymi reiknast jákvætt um 6,6 milljarða og arðsemi eigin fjár er 1,8 prósentustigum yfir eiginfjárstöðu.”

Skýrsluhöfundar taka fram, að arðsemi verkefnisins fari mjög eftir því, hvort forsendur LV standist, en helstu áhættuþættir lúti að stofnkostnaði, þróun álverðs, gengis og vaxta. Mesta áhættan liggja í þróun álverðs, en hverfandi líkur séu á því, að verkefnið skili ekki ávöxtun umfram lánsvexti. Sýnt er í töfluforni, hvaða áhrif breytingar á ýmsum forsendum hafa á arðsemi verkefnisins.

Í niðurstöðukafla skýrslunnar segir, að LV hafi beitt viðurkenndum aðferðum við arðsemismat sitt og faglega hafi verið að verki staðið. Tölulegar forsendur séu að sjálfsögðu óvissu háðar, en ekki verði annað séð, en vandað hafi verið til verks við ákvörðun þeirra og arðsemismatið vel rökstutt. „Það sé hins vegar eigenda fyrirtækisins að ákveða, hvort metin arðsemi Kárahnjúkavirkjunar sé fullnægjandi að teknu tilliti til þeirrar áhættu, sem felst í verkefninu og annarra þeirra þátta sem þeir telja mikilvæga ..”, en þannig hljóða lokaorð skýrslunnar.

Álitsgerð verkfræðinganna Péturs Stefánssonar og Unnar Helgu Kristjánsdóttur.

Í ársbyrjun 2006 í aðdraganda að starfi matsnefndar, fór LV þess á leit, að nafngreindir verkfræðingar legðu óháð mat á verðmæti vatnsréttinda vegna Kárahnjúkavirkjunar, eins og segir í skýrslu þeirra, sem dags. er 7. apríl s.á. Vísað verður til skýrslunnar sem verkfræðinga-skýrslunnar, eins og áður er getið.

Í skýrslunni er litið á verðmat vatnsréttinda frá ýmsum hliðum og fyrri vatnsréttinda-kaupum lýst. Bent er m.a. á þau ummæli í niðurstöðu gerðardóms um vatnsréttindi tengdum Mjólkárveikjun, að gerðarmenn hafi reynt að gera sér grein fyrir því, hvað væri eðlilegt og sanngjarnt hlutfall milli vatnsréttindaverðs og annars stofnkostnaðar orkuvers. Í svipaðan streng taki gerðardómur um vatnsréttindi vegna Blönduvirkjunar. Þar komi fram sú afstaða, að eðlilegt og sanngjarnt hlutfall eigi að vera milli verðs vatnsréttinda annars vegar og stofnkostnaðar hins vegar. Bætur fyrir vatnsréttindi Blöndu hafi verið 0,7% af stofnkostnaði virkjunarinnar.

Verkfræðingarnir vísa einnig til greinargerðar Lofts Þorsteinssonar, fyrrv. frkv. stj. Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen (VST. hf.) sem birt var í október 1991. Þar hafi Loftur leitast við að leggja mat á heildarverðmæti vatnsréttinda og fullnýtingu vatnsorku á Íslandi. Loftur hafi talið virkjanlega orku á Íslandi svara til u.þ.b. 30 TWst á ári, (30.000 GWst). Einnig komi fram í skýrslu hans, hvernig verðmæti vatnsréttinda skiptist á einstakar virkjanir.

Miðað hafi verið við allt virkjanlegt vatnsafl og því verði að horfa til þess, að hagkvæmustu virkjunarkostirnir hafi þegar verið nýttir. Það leiði til þess, að ónýtt vatnsorka verði dýrari. Loftur gefi sér þær forsendur, að raforkuverð til stóriðju muni verða lægra en til almennra nota. Hann benti á þau almæltu sannindi, að því aðeins yrði ráðist í virkjun að það gæfi af sér hæfilegan ágóða.

Óþarft þykir að fjalla nánar um útreikningsforsendur Lofts, en niðurstaða hans er á þá leið, að hæfilegar bætur fyrir afsal vatnsréttinda svari til 5% af arði virkjunarinnar, ef 10% ágóða- og áhættuhlutur skili sér óskertur til virkjunaraðilans.

Verkfræðingarnir benda á nokkur atriði, sem hafa verði hliðsjón af við verðmat á vatnsréttindum vegna Kárahnjúkavirkjunar. Fyrst nefna þeir stærð virkjunarinnar, sem enga hliðstæðu eigi hér á landi. Orkuvinnsla virkjunarinnar sé 4570 GWst á ári og verði því rúmlega tvöfalt meiri en orkuvinnsla Búrfellsvirkjunar, sem skili 2093 GWst á ári, en hún sé nú stærsta sinnar tegundar hér á landi. Því hafi Kárahnjúkavirkjun algjöra sérstöðu. Virkjunin sé staðsett á ystu mörkum raforkukerfisins og flutningsgeta byggðalínu sé óveruleg í hlutfalli við afköst virkjunarinnar. Efnahagsleg umsvif á svæðinu hafi verið lítil og markaður fyrir raforku í samræmi við það. Kárahnjúkavirkjun sé þess eðlis, að hún verði ekki reist í litlum áföngum, heldur helst í einum. Orkuvinnsla hennar svari til meira en 60 ára aukningar innanlandsmarkaðar, eins og hann hafi verið síðasta áratug. Orkusala geti því aðeins átt sér stað til stórnotanda. Þar sé við beina samkeppni að etja við ódýra vatnsorku eða jarðgas úti í heimi, sem leiði til þess, að orkuverð til stóriðju skili litlu til skiptanna, þrátt fyrir óumdeilda stærðarhagkvæmni Kárahnjúkavirkjunar. Markaðsstaða LV hafi því verið slæm, enda verði ekki séð af fyrirbyggjandi gögnum, að eftirspurn hafi verið eftir umræddum virkjunarréttindum. Á það er bent, að óvissa ríki um framtíðarnot af virkjuninni. Margar virkjanir hafi að sönnu reynst eigendum sínum notadrjúgar, eftir að „eðlilegum“ afskriftartíma þeirra sé lokið. Komi þar hvort tveggja til, að þessar virkjanir hafi oft reynst í góðu rekstrarhæfu ástandi og næg þörf hafi verið fyrir orku frá þeim í raforkukerfinu. Slíkar tekjur séu þó léttar í vasa, þegar þær hafi verið núvirtar við upphaf rekstrar. Horfa verði til þess, að lítil not verði fyrir orku virkjunarinnar að loknum afskriftartíma, þegar eða ef að því komi, vegna lítillar flutningsgetu raforkukerfisins og því verði stórnotandi að koma til.

Þá vísa verkfræðingarnir til áhættu nýrrar bortækni og vandamála, sem upp hafi komið við jarðgangagerð. Enn fremur benda þeir á mikil umhverfisspjöll, sem valdið hafi virkjunaraðila miklum vandræðum og auknum kostnaði, beinum og óbeinum, sem hljóti að rýra stórlega verðgildi vatnsréttindanna. Vandséð sé, að erlendur virkjunaraðili hefði fengist til að nýta vatnsréttindin með hliðsjón af þeirri andstöðu, sem nýtingu þeirra sé samfara.

Verkfræðingarnir fjalla um helstu forsendur eigendaskýrslunnar í sérstökum kafla álitgerðar sinnar og vísa til þess að um það bil þrjú ár séu liðin frá gerð eigendaskýrslunnar. Upphafleg kostnaðaráætlun LV hafi að mestu staðist, að þeirra áliti, þótt verulega sé tekið að saxast á þann lið í áætluninni, sem ætlaður hafi verið til að mæta ófyrirséðum kostnaði, m.a.

vegna erfiðleika við borun jarðganga, ófyrirséðra sprungna í eldra bergi, og vandamála tengdum undirstöðum Kárahnjúkastíflunnar. Bent er á miklar sveiflur á álverði og breytingar á gengi ísl. krónu frá upphaflegum áætlunum. Gengi ísl. krónu hafi styrkst verulega og einnig hafi álverð hækkað langt umfram væntingar, en í frumforsendum hafi verið búist við lækkun álverðs. Þessar breytur hafi að mestu upphafið hvor aðra og valdi því engum grundvallar-breytingum í tekjuáætlun eigendaskýrslunnar.

Verkfræðingarnir gera ekki athugasemdir við ávöxtunarkröfu LV til verkefnisins, en láta þess getið, að hún (5% raunávöxtun) sé síst of há, miðað við umfang verkefnisins og áhættu sem því sé samfara.

Þá sé 63 ára líftími virkjunarinnar frá upphafi rekstrar, eins og arðsemisútreikningur LV gerir ráð fyrir, býsna langur tími, einkum í ljósi þess, að orkusölusamningurinn við Fjarðarál sé einungis til 40 ára. Á hinn bóginn sé hver króna í svo fjarlægri framtíð létt í vasa afvöxtuð til núvirðis. Til þess megi líta, að margar eldri vatnsaflsvirkjanir mali eigendum sínum gull eftir lok venjulegs afskriftartíma.

Að öllu virtu töldu verkfræðingarnir verðmæti vatnsréttinda þeirra vatnsfalla, sem nýtt væru til að knýja Kárahnjúkavirkjun lægi á bilinu frá 150-375 milljónum króna, þ.e. 2-5% af núvirtum arði hennar.

Þeir ljúka skýrslu sinni þessum orðum: „*Það er skoðun höfunda að yfirferð þessari lokinni að Kárahnjúkavirkjun sé heilbrigð fjárfesting frá fjárhagslegu sjónarmiði. Hinu er ekki að leyna að arðurinn getur að þeirra mati vart talist mikill af svo umfangsmikilli og sumpart áhættusamri framkvæmd. Fullvíst má því telja að hvatinn að Kárahnjúkavirkjun hafi ekki verið hinn fjárhagslegi hagnaður virkjunaraðilans, heldur meintur þjóðhagslegur ávinningur og byggðaþróun á Austurlandi.*”

Álitsgerð Sigurðar Ingólfssonar verkfræðings.

Lögmenn Jökuldælinga óskuðu eftir álitum Sigurðar Ingólfssonar verkfræðings á verðmæti vatnsréttinda umbj. þeirra og afstöðu hans til þess, á hvaða þætti bæri að leggja áherslu við verðmætamatið. Fyrri skýrsla hans er gerð í maí 2006. Þá leituðu lögmennirnir til dr. Jóns Þórs Sturlusonar og lögðu fyrir hann nokkrar spurningar um núvirðisútreikninga o.fl., sem hann svaraði í álitsgerð, dags. 5. júní 2006. Efni þessara skýrslna verður nú rakið í stórum dráttum.

Sigurður Ingólfsson benti á, að orkunýting Kárahnjúkavirkunar muni verða mjög góð. Gert sé ráð fyrir því í forsendum LV, að nýtingin verði 90% forgangsorka en 10% ótryggð orka. Verulegur verðmunur sé á þessu tvennu og vísar höfundur í því sambandi til svars iðnaðarráðherra á þingi 1999-2000, en af því megi ráða, að verð tryggðrar orku sé 6,7 sinnum hærra en ótryggðrar. Enn fremur verði að líta til þess, að vatnsmagn muni aukast verulega á næstu árum í þeim ám, sem nýttar verða við Kárahnjúkavirkun vegna hlýnandi loftslags og aukinnar úrkomu af völdum gróðurhúsaáhrifa. Því megi gera ráð fyrir að öll orka virkjunarinnar verði forgangsorka árið 2020. Við mat á verðmæti vatnsréttinda í viðkomandi

ám verði að taka tillit til þessa. Þá taldi Sigurður, að Landsvirkjun bæri að bæta vatnsréttareigendum Jöklu sérstaklega það vatn, sem ekki sé skilað í fyrri farveg, heldur renni til sjávar eftir farvegi Lagarfljóts. Virkjað fall sé 599 metrar, þ.e. úr 625 metra hæð í Háslóni í 26 metra hæð við enda frárennslisskurðar í Fljótsdal. Ónýtt fall frá frárennslisskurði til sjávar sé 4,34% af heildarfallhæð, sem taka verði tillit til við ákvörðun bóta til vatnsréttarhafa í Jökulsá á Dal. Enn fremur benti Sigurður á, að virkjað heildarrennsli verði 138 m³/sek, þar af sé rennsli Jöklu 107 m³/sek eða 77,5% í stað 75,69%, eins og Magnús Sigurðsson geri ráð fyrir í útreikningi sínum frá 28. febrúar 2006. Sigurður bar saman niðurstöður í þeim matsmálum, sem áður hefur verið lýst, með hliðsjón af verðlagningu hvers MW, bæði að því er varðaði vatnsaflsvirkjanir og jarðhitavirkjanir. Hann komst þannig að þeirri niðurstöðu, að vegið meðaltal hvers MW nemi 1.393.908 kr. á verðlagi ársins 2002, en 1.634.000 kr./MW uppfært til verðlags í maí 2006. Heildarverðmæti vatnsréttinda vegna Kárahnjúkavirkjunar nemi 1.127.460.000 kr. þannig reiknað. Til viðbótar komi 4,34% til eigenda vatnsréttinda á Jökuldal, þar sem vatni Jöklu verði ekki skilað aftur. Hlutur Jökuldælinga nemi því ca. 911.703.000 kr. ($1.127.460.000 \times 0,775 \times 1,0434 \approx 911.703.000$ kr.).

Sigurður bar einnig saman verðmæti vatnsréttinda sem hlutfall af afli. Vegið meðaltal reiknað með þessum hætti var 1,18%. Hlutfall vatnsréttinda af afli Blönduvirkjunar var 0,75%. Sama hlutfallstala fæst gagnvart stofnkostnaði Blönduvirkjunar og úrskurðaðra bóta til vatnsréttarhafa. Sigurður gaf sér því þá niðurstöðu, að því er virðist, að vegið meðaltal stofnkostnaðar og verðmætis vatnsréttinda væri það sama og vegið meðaltal verðmætis vatnsréttinda sem hlutfall af afli. Sé þeirri reikningsaðferð beitt nemur hlutur Jökuldælinga 946.365.000 kr. að teknu tilliti til falls frá skurðsenda í Fljótsdal til sjávar. (Áætlaður stofnkostnaður $99.180.000,00 \times 1,18\% \times 0,775 \times 1,0434 = 946.365.000$).

Sigurður taldi rétt og lagði til að miða verðmæti vatnsréttinda við hlutfall af brúttósöluverði raforku og áleit 5% eðlilegt hlutfall, enda væri það velþekkt stærð í Noregi um þessar mundir. Niðurstaðan nam 380.250.000 kr. á ári, ef byggt væri á því, að brúttósöluverð raforku væri 2 kr/kWst. ($4700 \text{ GWst á ári} \times 2 \text{ kr.} \times 5\% \times 0,775 \times 1,0434$). Núvirt eingreiðsla (margföldunarstuðull 28,57, u.þ.b. 3,5% ársvextir) til Jökuldælinga næmi því tæpum 11 milljörðum. Ýmsar fleiri útfærslur mátti finna í greinargerð Sigurðar Ingólfssonar, sem ekki verða gerð sérstök skil. Saman dregin var niðurstaða hans sú, að rétt væri að miða við þá frjálssu samninga, sem gerðir hafa verið hér á landi í seinni tíð, enda sé engum betri gögnum til að dreifa við mat á verðmæti vatnsréttinda í tengslum við Kárahnjúkavirkjun.

Álitsgerð Dr. Jóns Þórs Sturlusonar fólst í svörum við spurningum, sem fyrir hann voru lagðar. Fyrsta spurning vissi að því, hvort rétt væri að miða við hreint núvirði Kárahnjúkaverkefnisins, sem grunn að virðingu vatnsréttinda viðkomandi vatnsfalla. Í svari sínu við þessum lið, fjallaði Jón Þór að mestu um eðli núvirts arðs og mismun þess hugtaks og hugtaksins hreint núvirði, svo og inntak þeirrar aðferðar, sem LV kaus að beita, þ.e. veginn fjármagnskostnaður (weighted cost of capital). Jón Þór gerði ýmsar athugasemdir við

forsendur LV og sýndi með dæmum, hve stærðir breytast hratt og mikið með breyttum forsendum, t.d. um ávöxtun og vaxtakjör. Engin efni þykja hníga til þess að gera þessum útreikningsaðferðum sérstök skil hér. Í niðurstöðu þessa kafla segir m.a.: „Því miður er ekki auðvelt að leiðrétta tillögur verkfræðinganna um eðlilegar bætur vegna skerðingar vatnsréttinda með því einu að nota rétt hugtök. Gróf áætlun undirritaðs bendir þó til þess að mjög mikið bil sé á milli þessara tveggja stærða, þ.e. hreins núvirðis og núrvirts arðs.” Önnur spurning til Jóns Þórs varðaði það álitamál, hversu stór hluti af verðmæti virkjunarframkvæmda ætti að koma í hlut vatnsréttareigenda, ef á annað borð ætti að beita slíkri skiptingu. Af svari hans mátti ráða, að staða samningsaðila væri ávallt ráðandi þáttur um niðurstöðuna, þegar upp væri staðið. Þá var að því spurt, hvort forsendur eigendaskýrslu stæðust tímans tönn, þar sem hún væri orðin þriggja ára og ýmsar forsendur hafi breyst, s.s um álverð, gengi og stofnkostnað. Að mati höfundar voru forsendur gjörbreyttar og niðurstaðan hlyti því að bera svipmót þess. Einnig var Jón Þór beðinn um að benda á aðrar aðferðir en að miða við tiltekið hlutfall af arði, þegar verðleggja ætti vatnsréttindi. Benti Jón Þór á, að ekki mætti líta einangrað á raforkusölu til Fjarðaráls hf. Með tilkomu öflugra landsnets og dreifikerfis raforku, gæti afhending rafmagns til Fjarðaráls hf. allt eins komið frá Suðurnesjum eða Kröflu. Ef litið væri til yfirlýstrar verðstefnu í eigendasamningi LV mætti telja líklegt, að langtímaverð til almenningsveitna verði um 3 kr./kWst. frá árinu 2010 að telja. Jón Þór setti fram þá skoðun að *út frá takmörkuðum upplýsingum um væntar tekjur af orkusölu til Reyðaráls má vænta þess að orkuverðið sé talsvert lægra eða 1,9 krónur á kilóvattstund og er þá miðað við sama álverð og í eigendaskýrslunni.* ”

Jón Þór taldi eðlilegast að ákvarða bætur til vatnsréttarhafa sem hlutfall af brúttóverðmæti, eins og tíðkast hefði í Noregi, enda stefndi þróun hérlendis í þá átt.

Landsvirkjun skilaði endurskoðuðu arðsemismati, sem dags. er 23. ágúst 2006. Þar var farið yfir öll sömu atriði og upphaflegt arðsemismat byggðist á.

Stofnkostnaður var nú talinn nema 116 milljörðum kr. að meðtöldum áætluðum 700 milljón kr. greiðslum til vatnsréttarhafa. Sú áætlun byggðist á raunkostnaði til 30. júní 2006 og áætluðum kostnaði til verkloka. Raforkusala til Fjarðaráls hf. var talin óbreytt eða 4.660 GWst á ári, en tekið fram að um varlega áætlun sé að ræða og búast mætti við auknum afköstum. Gengisforsendum var breytt með hliðsjón af fenginni reynslu síðustu ára. Þá var árlegur rekstrarkostnaður áætlaður 784 milljónir kr. sem fól í sér lækkun raungildis frá upphaflegri áætlun. Forsendur um líftíma virkjunarinnar og fjármögnunar- og fjármagnskostnað voru óbreyttar.

Niðurstöðukafla endurmatsins hljóðar svo:

„Niðurstaðan þegar ofangreindar grunnforsendur eru notaðar í sjóðstreymislíkani Landsvirkjunar er að jákvætt núvirði Kárahnjúkavirkjunar er tæplega 4,4 milljarðar króna og lækkar um 2,2 milljarða kr. frá því í upphaflegu arðsemismati. Því er ljóst að fyrirtækið nær að mæta kröfum um vexti á lánsfé og eigendur geta vænst 11,9% arðsemi sem er umfram þá

11% eiginfjárkröfu sem gerð var. Afkastavextir verkefnisins áætlast 7,1% á meðan veginn fjármagnskostnaður Landsvirkjunar var metinn 6,9%. Að sjálfsögðu er það svo að niðurstöður eru viðkvæmar fyrir breytingu á helstu forsendum. Sem dæmi má nefna að ef reiknað er með óbreyttum forsendum um gengi Bandaríkjadals og álverð frá fyrra mati hljóðar niðurstaðan upp á 13,9% arðsemi eigin fjár og jákvætt núvirði að fjárhæð 12,6 milljarðar króna.”

Verkfræðingarnir Pétur Stefánsson og Unnur Helga Kristjánsdóttir, Friðrik Már Baldursson, einn af höfundum eigendaskýrslunnar svonefndu, Sigurður Ingólfsson, verkfræðingur og Jón Þór Sturluson skiluðu allir viðbótarskýrslum og tjáðu sig um framlögð gögn, eins og þau lágu fyrir, þegar skýrslur þeirra voru samdar. Ekki verður sérstaklega fjallað um skýrslur þeirra hér.

VI.

Málsástæður og lagarök Landsvirkjunar.

Kröfum Landsvirkjunar, sóknaraðila, er áður lýst og vísast til þeirrar umfjöllunar. Sóknaraðili vill taka af öll tvímæli um það, að kröfur hans lúti að því að fá afhent til ráðstöfunar allt vatnsmagn þeirra vatnsfalla, sem annars vegar renni í Háslón og hins vegar vatnsmagn þeirra vatnsfalla, sem myndi Kelduárlón og Ufsarlón. Í þeirri kröfu felist, að öll orkunýtingarréttindi þess vatns, sem inn í lónin renna, hafi verið framseld LV að fullu. Einu gildi, hvort innrennsli í lónin minnki eða aukist, endurgjaldið sé ákveðið í eitt skipti fyrir öll. Landsvirkjun eigi skýran rétt til nýtingar á þessu vatni til orkuframleiðslu. Að sama skapi eigi vatnsréttareigendur enga kröfu til þess, að vatni verði veitt um yfirfall. Matsnefndinni beri að skipta endurgjaldi fyrir þessi orkunýtingarréttindi hlutfallslega milli vatnsréttarhafa, þegar skipting milli vatnsfalla hafi verið ákveðin, á grundvelli falls fyrir landi hvers og eins vatnsréttarhafa, án tillits til meðalrennslis. Vatnsréttarhafar í Jökuldal haldi orkunýtingarrétti sínum neðan Kárahnjúkastíflu, en undirriti yfirlýsingu þess efnis, að þeir hafi þegið greiðslu vegna þeirra skerðingar á orkunýtingarréttindum, sem felst í virkjun árinna við Kárahnjúka, gerð Háslóns og tilhögunar Kárahnjúkastíflu. Þetta þýði í raun, að vatnsréttarhöfum sé heimil öll orkunýting í farvegi árinna án takmarkana, m.a. á öllu yfirfallsvatni eða lekavatni, með þeim takmörkunum, sem af gerð Háslóns leiði.

Landsvirkjun samþykkir þá kröfu vatnsréttareigenda að Jökulsá í Fljótsdal, að yfirtaka öll orkunýtingarréttindi í farvegi árinna niður að skurðsenda í Fljótsdal, þar sem sá hluti sem eftir verður, sé ónýtanlegur. Landsvirkjun gerir engar athugasemdir við það, að matsnefnd meti þessi réttindi sérstaklega.

Að mati Landsvirkjunar reynir fyrst á það álitaefni, hvernig með skuli fara, þegar vatnsfalli sé veitt í heild sinni í farveg annars. Vegna þessarar sérstöðu sé gengið út frá því, að heildarfallhæð vatnsréttindanna í Jökulsá á Dal sé frá 625 m.y.s., þ.e.a.s. frá Háslóni og alveg niður að sjávarmáli. Þetta atriði hafi aðeins áhrif á skiptingu réttindanna milli einstakra landeigenda en engin áhrif á endurgjald fyrir vatnsréttindin í heild sinni.

Gengið sé út frá því, að heildarfallhæð vatnsréttindanna í Jökulsá í Fljótsdal sé 599,5 m og nái frá Ufsarlóni í 625 m.y.s. niður að skurðenda í Fljótsdal í 25,5 m. y. s. Heildarfallhæð vatnsréttindanna í Kelduá sé 643,5 metrar, þ.e. nái frá Kelduárlóni í 669 m.y.s. niður að skurðenda í Fljótsdal í 25,5 m.y.s.

Orkugeta Kárahnúkvirkjunar sé samtals um 4570 GWst á ári og skiptist milli þriggja vatnasviða, þannig að meðalrennsli Jökulsár á Dal sé 75,69%, Jökulsár í Fljótsdal 17,47% og Hraunaveitu (Kelduár) 6,84%.

Samningur málsaðila frá 13. desember 2005.

Sóknaraðili vísar til þess, að samningurinn frá 13. desember 2005 sé sá rammi, sem matsnefnd og málsaðilum beri að fara eftir. Í 1. gr. hans segi m.a., að gerð hans komi í stað eignarnáms á vatnsréttindum, skv. 23. gr. raforkulaga nr. 65/2003, viðkomandi ákvæða vatnalaga, nr. 15/1923, og laga nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms. Þar segi einnig, að réttindi þau, sem Landsvirkjun öðlist við gerð og framkvæmd samnings, skuli að öllu leyti jafngild og væru þau numin eignarnámi lögum samkvæmt. Enn fremur komi þar fram, að matsnefnd skuli skera úr um umfang og verðmæti vatnsréttindanna, skil þeirra milli einstakra jarðeigenda og/eða vatnsréttarhafa og greiðslur til hvers um sig, sbr. 2. mgr. 2. gr. Matsnefndin skuli við mat sitt byggja á almennum reglum um eignarnámsbætur, raforkulögum og lagareglum um eignarnám á sviði vatnamála, sbr. 6. mgr. 4. gr.

Lagaumhverfi og ákvörðum eignarnámsbóta.

Í vatnalögum nr. 15/1923 séu vatnsréttindi flokkuð sem sérstök eignarréttindi að fasteignum. Sú meginregla komi fram í 2. gr. vatnalaga, að landareign hverri fylgi réttur til umráða og hagnýtingar á því vatni, sem á henni er, á þann hátt sem lögin heimili. Þar sé um að ræða allar helstu hagnýtingarheimildir, sem máli skipta, þar á meðal réttinn til orkuvinnslu. Meginreglan um nýtingarrétt landeigenda á vatnsorku komi fram í 1. mgr. 49. gr. nógildandi vatnalaga, en þar segi m.a. „*Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku ...*“. Í 2. mgr. 49. gr. vatnalaga segir, að um leyfi til að virkja fallvatn fari samkvæmt raforkulögum.

Í samningi málsaðila sé tekið fram, að greiðsla Landsvirkjunar til vatnsréttarhafa skuli vera sú sama og ef eignarnám á réttindunum, skv. vatnalögum, hefði átt sér stað. Engar almennar reglur sé að finna í íslenskum lögum um það, hvernig meta skuli verðmæti eigna, sem tekin séu eignarnámi, en þó megi í lögum finna ýmis ákvæði um sjónarmið, sem hafa beri í huga við ákvörðun eignarnámsbóta.

Fyrst sé að nefna 72. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, sem hljóði svo: „*Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.*“

Í öðru lagi 1. mgr. 140. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, sem sé svohljóðandi: „*Þegar meta skal bætur fyrir lögnám á eignarhluta eða álagningu kvaða eða skerðingu réttinda, þá skal*

láta koma til frádráttar sérhag þann, er eigninni verður að fyrirtæki því, sem fyrirhugað er að koma upp, enda komi ekki tillagsskylda á eignina eða endurgjald annað til fyrirtækisins samkvæmt lögum þessum.“

Í þriðja lagi 5. mgr. 23. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, en þar segi svo: *„Framkvæmd eignarnáms á grundvelli laga þessara fer eftir almennum reglum. Við ákvörðun eignarnámsbóta vegna orkulindar skal taka sérstakt tillit til óvissu um orkulindina og kostnaðar af leit og vinnslu.“*

Í fjórða lagi 3. mgr. 30. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, sem hljóði þannig: *„Framkvæmd eignarnáms á grundvelli þessara laga fer eftir almennum reglum. Við ákvörðun eignarnámsbóta skal taka sérstakt tillit til óvissu um auðlindina og kostnaðar af leit og vinnslu.“*

Í tilvitnuðum lagaákvæðum sé gengið út frá því, að við ákvörðun eignarnámsbóta beri að taka tillit til kostnaðar við þá framkvæmd, sem eignarnámið grundvallist á, eins og síðar verði lýst.

Nauðsynlegt sé einnig að líta til laga nr. 61/1917, sem voru forveri gildandi laga nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms, en í bók dr. Gauks Jörundssonar, „Eignarréttur“, sé talið að sú regla, sem fram komi í 2. mgr. 10. gr. hinna eldri laga gildi enn í dag: *„Matsverð eignar skal miða við það gangverð, sem hún mundi hafa í kaupum og sölum, og sé um hluta fasteignar að ræða, skal frá matsverði draga það, sem hinn hluti eignarinnar við eignarnámið hefur stigið í verði fram yfir aðrar eignir, svo sem þegar spilda er tekin eignarnámi undir götu og við það vinnst hússtæði við götuna; svo ber og hins vegar að taka tillit til verðrýrnunar þess hluta eignarinnar, sem eftir er.“* Í sömu bók segi á bls. 115: *„Við ákvörðun eignarnámsbóta gildir sú meginregla, að eignarnámsþoli á aðeins kröfu til að fá bætt fjárhagslegt tjón. Um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón er ekki að ræða.“*

Það meginþingið eigi við í máli þessu sem endranær, að aðeins beri að bæta fjárhagslegt tjón og jafnframt skuli draga frá bótum þann sérhag, sem landeigendur hafi af virkjuninni. Þá skuli enn fremur taka tillit til þess kostnaðar, sem framkvæmdin hafi í för með sér fyrir Landsvirkjun.

Við ákvörðun eignarnámsbóta komi einkum þrenns konar sjónarmið til álita, þ.e.a.s. söliverð, notagildi og enduröflunarkostnaður við útvegum sambærilegrar eignar, sbr. dr. Gauk Jörundsson, bls. 117.

Það sé meginregla við bótaákvörðun, að eignarnámsþoli geti krafist þess verðs, sem ætla megi að fengist fyrir eign við frjálsa sölu á markaði. Markaðsvirðið ráðist almennt af þeim notum eða arði, sem hafa megi af eign. Í sumum tilvikum endurspeglar markaðsvirðið hins vegar ekki þau not (arð), sem viðkomandi eign skili eða eignin gangi hreinlega ekki kaupum og sölum. Þá komi til sögunnar leið notagildis. Við þær aðstæður sé eignarnámsþoli talinn eiga rétt á bótum á grundvelli þeirra nota, sem hafa megi af eign hans.

Augljóst sé, að sjónarmið um enduröflunarkostnað eigi ekki við í þessu matsmáli og verði ekki frekar fjallað um þau.

Þegar metin séu verðmæti vatnsréttinda, verði almennt að hafa til hliðsjónar þau not, sem matspoli hafi af eign. Í íslenskum rétti hafi verið talið, að bætur beri að miða við tjón eignarnámsþola en ekki þann hagnað, sem eignarnemi kynni að öðlast. Þannig eigi bætur til matsþola að miðast við sannanlega og eðlilega notkun hans af eigninni. Bæta beri honum tjón en ekki ákvarða bætur eða endurgreiðslu fyrir hugsanlega verðhækkun í framtíðinni eða verðhækkun, sem framkvæmdin, sem eignarnámið lúti að, leiði af sér. Lagareglur tryggi matsþola, að hann sé jafnsettur sem ekki hefði komið til eignarnáms.

Sóknaraðili vísar til samninga og matsgerða um verð vatnsréttinda og jarðhitaréttinda, sem áður hefur verið gerð grein fyrir, svo og til álitsgerðar verkfræðinganna Péturs og Unnar Helgu í þessu sambandi.

Sóknaraðili bendir sérstaklega á, að verðmæti vatnsréttinda annars vegar og jarðhitaréttindi hins vegar verði ekki metin að jöfnu, en eðlilegt sé engu að síður að líta til bótaákvæðana fyrir jarðhitaréttindi til rafmagnsframleiðslu.

Sóknaraðili vekur sérstaka athygli á útreiknings- og ákvörðunaraðferð, sem beitt var í svonefndu Svartsengismáli. Þar var mismunur besta og næstbesta kosts álitinn sýna áætlaðan ávinning af virkjun jarðhitans. Endurgjald fyrir réttindin hafi síðan verið ákveðið í aðalatriðum sem sú hlutdeild í núvirði ávinningsins, er telja mætti hæfilegar bætur til eigenda réttindanna. Við umreikning áætlaðs ávinnings til núvirðis hafi verið gert ráð fyrir 6% ávöxtun á ári. Bætur hafi verið ákveðnar sem næst 2% af heildarávinningi. Í forsendum gerðardómsins, sem eigi ekki síður við í þessu máli, segi svo: *„Til grundvallar ákvörðun á verðmæti umræddra jarðhitaréttinda ber einkum að miða við, hvað telja megi líklegt söluverð þeirra til aðila, sem hefði yfir að ráða nægilegri tækniþekkingu, fjárhagslegu bolmagni og markaðsaðstöðu til að hagnýta þau. Þar verður að taka tilliti til þess, að ekki er fyrir að fara mörgum slíkum aðilum. Að því leyti er um þröngan markað þessara réttinda að ræða, en það rýrir verðmæti þeirra.“*

Sjónarmið í norrænum rétti.

Sóknaraðili telur ástæðulaust að fjalla sérstaklega um norrænan rétt eða aðrar erlendar réttarheimildir við úrlausn þessa máls. Bæði séu réttarreglur og aðstaða mismunandi frá einu landi til annars, auk þess sem sérstaða Kárahnjúkavirkjunar og fyrri úrlausnir um endurgjald fyrir vatnsréttindi gefi ekki tilefni til umfjöllunar um erlendar réttarreglur. Markaðsaðstæður séu einnig gjörólíkar, þar sem í nágrennalöndunum séu möguleikar seljanda orkunnar allt aðrir og meiri en í einangruðu kerfi Kárahnjúkavirkjunar. Þau fordæmi í Noregi, sem varnar- aðilar vísi til, eigi öll við um litlar virkjanir og séu því ekki samanburðarhæf við stórvirkjun á borð við Kárahnjúkavirkjun.

Nánar um endurgjald til vatnsréttarhafa.

Sóknaraðili heldur því fram, að leiða megi af ákvæðum laga og þeim fordæmum, sem rakin hafi verið, að byggt hafi verið á almennum reglum um eignarnámsbætur við ákvörðun endurgjalds fyrir vatnsréttindi til raforkuframleiðslu. Orðalag 72. gr. stjórnarskrárinnar um fullt verð vísi til réttarstöðu eignarnámsþola en ekki til eignarnema. Meta þurfi fjárhagslegt tjón eignarnámsþola út frá almennum skaðabótareglum. Hann eigi ekki að hagnast á þeirri verðmætaaukningu, sem af eignarnáminu kunni að leiða eða á þeim framkvæmdum, sem verið hafi tilefni eignarnámsins. Með því skapist ójöfnuður þeirra, sem sæti eignarnámi og hinna, sem eigi sambærileg réttindi, sem ekki nýtist í þágu framkvæmdanna. Enn fremur beri að líta til þess, að eignarnámsþoli leggi ekkert fjármagn til framkvæmdarinnar eða beri af henni neina áhættu. Oft ráði tilviljun ein stöðu hans. Þannig eigi ákvörðun eignarnámsbóta að miðast við ástand og verð hins eignarnumda á almennum grundvelli, áður en eignarnám fer fram. Af þessu leiði, að draga beri frá eignarnámsbótum þann ávinning, sem framkvæmdin skapi eignarnámsþola umfram aðra.

Fullyrða megi, að frjáls verðmyndun á vatnsréttindum sé ekki fyrir hendi hér á landi, a.m.k. ekki, ef um sé að ræða réttindi, sem nýta eigi til reksturs stórra raforkuvera. Þrátt fyrir samkeppni í raforkuframleiðslu, sé ákvörðun um stórvirkjanir bundin ákaflega mörgum þáttum, bæði opinberum leyfum og skilyrðum, s.s. virkjanaleyfi, skipulagsákvörðunum og mati á umhverfisáhrifum. Rannsóknir og annar undirbúningur eigi sér langan og kostnaðarsaman aðdraganda. Þá sé ónefndur sá kostnaður, sem felist í byggingu og rekstri raforkuvers, og sú óvissa sem kunni að ríkja um rekstur og framtíðartekjur. Því sé nær útilokað að leggja algildan mælikvarða á verðmæti vatnsréttinda til orkuöflunar. Meta verði hvert einstakt tilvik fyrir sig.

Meta beri endurgjald út frá öðrum þáttum en líklegu söluverði, þ.e.a.s. þeirri arðsemi, sem eignarnámsþoli hefði haft af eigninni. Vatnsréttarhafar í þessu máli hafi engan arð haft af vatnsréttindum sínum. Þau hafi sjaldnast verið metin til fasteignamats jarða eða haft áhrif á söluverðmæti þeirra. Þessi fullyrðing eigi a.m.k. við, þegar aðstæður til virkjunar séu erfiðar og fjarlægð sé mikil frá almennum orkumarkaði. Halda megi því fram, þar sem þannig hátti til, að vatnsréttindi séu í raun einskis virði. Sú leið hafi verið farin við ákvörðun bóta fyrir eignarnám vatnsréttinda að líta til þess, hversu hagkvæmt sé að virkja auðlindina og hversu auðvelt sé að markaðssetja hana. Þetta komi vel fram í gerðardómi, sem verðmat vatnsréttindi Mjólkárveirvirkjunar. Þar hafi verið litið til virkjunarkostnaðar og fjarlægðar frá almennum markaði. Í matsmáli vegna Blönduvirkjunar komi fram, að eðlilegt og sanngjarnt hlutfall eigi að vera milli verðs vatnsréttinda og stofnkostnaðar virkjunarinnar. Því megi draga þá ályktun, að eigandi vatnsréttinda, sem engin hafi sóst eftir, geti ekki vænst þess, að verðmæti þeirra sé metið án tillits til þeirrar framkvæmdar, sem eftirspurnina hafi skapað. Við þær aðstæður geti verðmæti vatnsréttinda aldrei talist svo stór hluti af stofnkostnaði framkvæmdarinnar, að hann einn og sér ráði því, hvort framkvæmdin teljist hagkvæm eða ekki og haft úrslitaáhrif um það,

hvort í hana verði ráðist eða ekki. Tilgangur eignarnáms sé einmitt að tryggja framgang ákveðinna framkvæmda, sem talið sé nauðsynlegt að ráðast í vegna almannahagsmuna.

Niðurstaðan verði sú, þegar litið sé á málið í heild, að vatnsréttindi hafi ekki þekkt markaðsvirði. Verði því fyrst og fremst að líta til þess notagildis eða arðs, sem eignarnámshafi hafi haft af réttindum sínum, þegar ákvarða skuli endurgjald fyrir þau. Hafi eignin ekki haft notagildi eða borið arð, virðist hafa verið litið til þess, hversu arðbær væntanleg hagnýting réttindanna verði talin og við það miðað, að eðlilegt og sanngjarnt hlutfall sé á milli virkjunarkostnaðar og verðmætis vatnsréttindanna. Ekki sé þó sjálfgefið að slíkt hagsmunamat eða arðsskipting eigi rétt á sér, þegar um stórfamkvæmdir sé að ræða, sem kosti mjög mikla fjármuni og séu áhættusamar í eðli sínu, líkt og eigi við um Kárahnjúkavirkjun. Því verði í þessu máli að meta bætur til vatnsréttarhafa mjög lágt, líkt og t.d. eigi við um land, sem hafi mjög takmarkað notagildi.

Ávinningur landeigenda vegna virkjunarinnar.

Ljóst sé, að framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun hafi margvíslegan ávinning í för með sér fyrir landeigendur á virkjunarsvæðinu. Fasteignir hafi hækkað í verði, samgöngur batnað til muna og fjarskipti. Allir þessi þættir leiði til þess, að fjárhagslegt tjón vatnsréttarhafa verði talið minna en ella hefði orðið. Líta verði til þessa við verðmat á vatnsréttindum landeigenda.

Kostnaður Landsvirkjunar vegna virkjunarframkvæmdanna.

Í 17. kafla verkfræðingaskýrslunnar sé gerð grein fyrir arðsemi Kárahnjúkavirkjunar. Þar sé því lýst, að arðsemi virkjana ráðist af fjölmörgum þáttum, s.s. stofnkostnaði, rekstrarkostnaði, orkusölu og rekstartíma. Allir þessir þættir séu óvissu háðir, að því er varði Kárahnjúkavirkjun.

Í svonefndri eigendaskýrslu frá 7. janúar 2003 hafi sérstök nefnd metið arðsemi og áhættu Landsvirkjunar vegna Kárahnjúkavirkjunar, sbr. málsskjal nr. 11. Þar komi fram, að stofnkostnaður Kárahnjúkavirkjunar með orkuveitum sé talinn verða 95 milljarðar kr. miðað við verðlag og gengi í nóvember 2002. Í verkfræðingaskýrslunni sé þessi kostnaður framreiknaður til janúar 2006 og talinn verða 108,5 milljarðar kr. Í endurskoðuðu arðsemismati frá 23. ágúst 2006 sé stofnkostnaður talinn verða 116 milljarðar króna að meðtöldum 700 milljónum króna fyrir vatnsréttindi. Byggt hafi verið á rauntölum til 30. júní 2006 og áætluðum kostnaði frá þeim tíma til verkloka. Í eigendaskýrslunni sé gert ráð fyrir, að árlegur rekstrarkostnaður Kárahnjúkavirkjunar verði 740 milljónir kr., þar af sé reiknað með að mótvægisáðgerðir vegna umhverfisáhrifa muni kosta um 120 milljónir kr. á ári. Þessi kostnaðarliður hafi einnig verið endurskoðaður í umræddu arðsemismati og nemi 784 milljónum á ári, sem sé nokkru lægri kostnaður að raungildi en upphaflega hafi verið áætlað. Útgjöld vegna trygginga Kárahnjúkavirkjunar séu áætluð 80 milljónir kr. á ári.

Eignarnámsákvæði raforkulaga nr. 65/2003 og auðlindalaga nr. 57/1998 geri ráð fyrir, að tekið sé tillit til kostnaðar við þá framkvæmd, sem eignarnámið beinist að, við ákvörðun eignarnámsbóta. Þetta sjónarmið hafi m.a. birst í gerðardómi vegna Mjólkáravirkjunar, sem

áður sé getið. Gerðardómurinn hafi talið, að virkjunarkostnaður og aðstæður til virkjunar skipti verulegu máli um vatnsréttindaverð.

Ljóst megi vera, að kostnaður Landsvirkjunar vegna Kárahnjúkavirkjunar sé umtalsverður, sem taka verði tillit til við ákvörðun endurgjalds til vatnsréttarhafa.

Verðmæti vatnsréttinda Kárahnjúkavirkjunar.

Í 18. kafla álitserðar verkfræðinganna sé fjallað um hugsanlegt verðmæti vatnsréttinda, sem framseld séu til raforkuframleiðslu Kárahnjúkavirkjunar. Þar sé bent á, að Kárahnjúkavirkjun hafi slíka sérstöðu að engum samjöfnuði við eldri virkjanir í landinu verði komið við. Vatnsréttindin verði eingöngu nýtt af aðila, er ráði yfir nægilegri tækniþekkingu, fjárhagslegu bolmagni, markaðsaðstöðu og samfélagslegu afli, þar sem um kostnaðarsama framkvæmd sé að ræða, sem háð sé vissum tæknilegum og umhverfislegum annmörkum. Þannig sé „markaður“ fyrir vatnsréttindin þröngur og það rýri verðmæti þeirra.

Verkfræðingarnir bendi einnig á það, að engar vísbendingar hafi fundist um eftirspurn eftir vatnsréttindum í Jökulsánum á Dal og Fljótsdal fyrir en á allra síðustu árum í tengslum við hugmyndir um stóriðju á Austurlandi. Bent sé á, að jarðaverð á Fljótsdalshéraði hafi verið lágt á landsvísu. Vatnsréttindi í Jökulsá á Dal og í Fljótsdal hafi ekki verið talin ýkja verðmæt við sölu jarða og ástæða sé til að ætla að „vel upplýstur kaupandi og vel upplýstur seljandi“ hefðu til jafnlengdar getað komið sér saman um mjög hóflegt verð þessara réttinda. Þessi viðhorf hafi þó breyst á allra síðustu árum í aðdraganda Kárahnjúkavirkjunar og undirbúningi að stóriðju á Austurlandi. Vatnsréttindi hafi fjárhagslegt verðmæti, eins og komi t.d. fram í „Svartsengisgerðardómnum“. Þar segi m.a., að réttindi til hagnýtingar landsgæða teljist verðmæt á fjárhagslegan mælikvarða, samkvæmt almennum reglum um ákvörðun eignarnámsbóta, þótt jafnvel aðeins einn aðili hafi áhuga og getu til að nýta þau. Verkfræðingarnir álíti á hinn bóginn útilokað að meta réttindin „beinni markaðsvirðingu“, þ.e.a.s. að unnt sé að meta gangverð eða söluverð þeirra. Landsvirkjun taki undir þetta sjónarmið og telji að ekki sé unnt að meta líklegt söluverð vatnsréttinda Kárahnjúkavirkjunar.

Arður og skipting arðs.

Verkfræðingarnir bendi á, að ákvörðun um endurgjald fyrir vatnsréttindi hljóti að taka mið af arðsemi þeirra. Núvirtur arður 63 ára reksturs Kárahnjúkavirkjunar sé áætlaður 7,5 milljarðar króna á verðlagi í janúar 2006, en 4,4 milljarðar við endurskoðað arðsemismat.

Þeir vísa til þess, að gerðardómur í Svartsengismálinu hafi talið sem næst 2% af heildarávinningi af nýtingu jarðhitans hæfilegt endurgjald. Enn fremur bendi þeir á minnisblaðs Lofts Þorsteinssonar, verkfræðings, frá árinu 1991. Niðurstaða hans sé byggð á þeirri grunnhugsun, að ágóðavænting og áhættuhlutur virkjunaraðilans annars vegar og þóknun til eigenda vatnsréttindanna hins vegar, sé að mestu óháð stund og stað. Loftur hafi lagt til grundvallar, að 0,5% af söluverði orkunnar kæmi í hlut eigenda vatnsréttindanna en það samsvari 5% af ágóða virkjunaraðilans, ef orkan væri seld með 10% álagi vegna ágóða og áhættu virkjunaraðilans. Verkfræðingarnir telja 5% hlutdeild í arði til handa eiganda

orkuréttinda vel þekkta stærð, a.m.k. á markaði með jarðhitaréttindi, og stundum raunar meir, einkum á lághitamarkaði, þar sem aðstæður séu hagstæðar. Það sé skoðun þeirra, að sú hlutfallstala, sem Loftur nefni, sé ekki óeðlileg viðmiðun við hefðbundnar meðalaðstæður á markaði með vatnsréttindi en síðan beri að skoða aðstæður í hverju tilviki fyrir sig. Síðan segi í álitargerðinni: „Í því tilviki sem hér um fjallar gæti þá verið eðlilegt að skoða einkum bilið frá 2% - 5%, sbr. Svartsengi annars vegar og hinar meintu meðalaðstæður hins vegar.“

Í endurskoðaða arðsemismatinu frá 23. ágúst 2006 hafi verið farið yfir allar helstu forsendur eigendaskýrslunnar og álitargerð verkfræðinganna. Ekki hafi verið talin ástæða til að breyta útreikningsforsendum nema að litlu leyti að því er varðar gengi og álverð. Niðurstaðan hafi verið sú, að núvirtur arður sé minni en gert hafi verið ráð fyrir í upphafi og nemi 4,4 milljörðum króna. Verkfræðingarnir hafi talið eðlilegt hlutfall til vatnsréttarhafa 2-5% af heildararði virkjunarinnar, þ.e.a.s. 150-375 milljónir króna (miðað við 7.5 milljarða), en e.t.v. væri miðbik fjárhæðarinnar eða jafnvel tæplega það nær lagi.

Það álit var m.a. stutt þeim rökum, að um erfíða og áhættusama „jaðarframkvæmd“ væri að ræða í landfræðilegu, tæknilegu, umhverfislegu og markaðslegu tilliti. Virkjunin væri í raun eyland í raforkukerfinu. Vatnsréttarhafar hafi vart átt annarra kost vól en ganga til samninga við LV til að koma réttindum sínum í verð, enda mjög ólíklegt, að nokkur erlendur virkjunaraðili hefði treyst sér til að kaupa og nýta þessi réttindi vegna hinnar óumflýjanlegu umhverfissröskunar og óvinveittrar afstöðu almennings, sem því hefði fylgt. Öll þessi atriði samandregin rýri gildi vatnsréttinda við Kárahnjúka.

Verkfræðingarnir skiluðu viðbótarskýrslu, dags. 16. október 2006, þar sem þeir tóku m.a. afstöðu til málsástæðna vatnsréttarhafa og rökstuddu frekar fyrri álitargerð. Þeir sáu ekki ástæðu til að breyta fyrri verðmætamati sínu, þrátt fyrir breytingar, sem orðið hafi á gengi ísl. krónu gagnvart erlendri mynt og hækkunar á heimsmarkaðsverði á áli, en þeir töldu breytingarnar upphæfja hvora aðra. Hér komi einnig til hærri stofnkostnaður en fyrri áætlun þeirra hafi byggst á, sem áhrif hafi á arðsemi virkjunarinnar og hugsanlegar tafir á gangsetningu.

Sóknaraðili leggur ríka áherslu á það, að bygging Kárahnjúkavirkjunar hafi í för með sér margvísleg jákvæð samfélagsáhrif á Austurlandi, sem vatnsréttarhafar njóti til jafns við aðra. Þeir beri á hinn bóginn ekki áhættu af byggingu eða rekstri virkjunarinnar. Þá hvíli á virkjuninni margvísleg skilyrði, er lúti að umhverfispáttum og gæti rekstarkostnaður Háslóns orðið umtalsverður, ef beita þurfi ítrústu tækni til mótvægisáðgerða. Ljóst sé, með vísan til dóms Hæstaréttar frá 17. mars 2005 í máli nr. 349/2004 (Þjórsártúnsdómur), að í íslenskum rétti miðist eignarnámsbætur við beint fjárhagslegt tjón eignarnámsþola.

Sóknaraðili vekur í þessu sambandi athygli á dómi Hæstaréttar í máli nr. 388/2005, sem kveðinn var upp 19. janúar 2006. Þar hafi Hæstiréttur staðfest dóm héraðsdóms, sem byggði niðurstöðu um verðmæti vatnsréttinda á matsgerð dómkvaddra matsmanna. Matsmenn hafi stuðst við álitargerð Lofts Þorsteinssonar verkfræðings um virkjanlega vatnsorku á Íslandi.

Hlutfallsleg orka fyrirhugaðrar Urriðafossvirkjunar í Þjórsá miðað við virkjanlega orku á landinu hafi ráðið niðurstöðu matsins þannig: $890/30000 \times 4950 = 147$ milljónir króna. Meðalorka fyrirhugaðrar virkjunar er álitin 890 GWst á ári en virkjanleg orka á landinu öllu 30000 GWst á ári. Heildarverðmæti vatnsréttinda var talið 4.950 milljónir króna á á verðlagi í nóvember 2002.

Ljóst sé af framansögðu, að fjárhagslegt tjón vatnsréttarhafa af framsali réttinda sinna til Landsvirkjunar sé óverulegt og endurgjaldið hljóti að taka mið af því. Því verði að telja, að mat verkfræðinganna á verðmæti vatnsréttindanna sé of hátt, enda miðist það við áætlanir um arðsemi virkjunarinnar, en ekki notagildi vatnsréttindanna fyrir eigendur þeirra.

Sóknaraðili kveðst hafa orðið við áskorunum vatnsréttarhafa um að leggja fram upplýsingar og gögn í þinghaldi í matsnefndinni 16. október 2006. Ekki hafi verið hægt að verða við öllum óskum vatnsréttarhafa í þessu sambandi, m.a. um framlagningu sammings hans við Fjarðarálf hf. um raforkuverð. Viðskiptahagsmunir standi því í vegi.

VII.

Málsástæður og lagarök varnaraðila.

Í þessum kafla verða kynntar þær málsástæður og lagarök, sem vatnsréttarhafar í Jökuldal byggja kröfur sínar einkum á. Aðrir varnaraðilar gera sjónarmið og málsástæður Jökuldælinga að sínum, nema þar sem hagsmunir rekast á, eða séraðstæður leiða sýnilega til annarrar afstöðu. Vikið verður að sérsjónarmiðum annarra varnaraðila í niðurlagi þessa kafla.

Vísað er til IV. kafla um kröfugerð varnaraðila.

Ástæðulaust þykir að gera sérstaka grein fyrir málavöxtum enda hafa þeim áður verið gerð sérstök skil, sbr. kafla V.

Jökuldælingar vekja þó sérstaka athygli á því, að vatni úr Háslóni, sem að langstærstum hluta komi úr Jökulsá á Dal, verði ekki skilað í farveg Jöklu eftir virkjun þess, heldur renni það um farveg Lagarfljóts til sjávar að sameiginlegum ósi Lagarfljóts og Jökulsár á Dal við Héraðsflóa. Hið aukna vatnsmagn hafi þannig skapað skilyrði til þess að auka verulega afkastagetu Lagarfljótsvirkjunar úr 7,5 MW í 20 MW og orkuvinnslu úr 60 GWst á ári í 130 GWst á ári. Sú virkjun sé þegar komin í gagnið og sé m.a. nýtt til að reynslukeyra álver Fjarðarálf hf.

Um hlutverk matsnefndar og málsmeðferð.

Jökuldælingar vísa til þess meginmarkmiðs sammingsins frá 13. desember 2005, að vatnsréttarhafar eigi að vera eins settir og um eignarnám væri að ræða. Í grein sammingsins nr. 1.2 sé vísað til orðalags 72. gr. stjórnarskrárinnar. Ljóst sé því, að það sé hlutverk matsnefndarinnar að greina til hvaða vatnsréttinda ætluð eignarnámsákvörðun hefði tekið með hliðsjón af réttindum hvers og eins vatnsréttarhafa, skv. 72. gr. stjórnarskrár og íslenskum rétti.

Í öðru lagi sé það hlutverk matsnefndarinnar að ákveða endurgjald fyrir vatnsréttindi, sem látin eru af hendi í samræmi við reglur um eignarnám. Ljóst sé í þessu sambandi, að sömu lagareglur eigi að gilda um málsmeðferð fyrir matsnefnd og beitt sé hjá matsnefnd eignarnámsbóta og að matsnefnd beri að fara eftir reglum stjórnarsýsluréttar en ekki reglum um einkamálaréttarfar. Vatnsréttarhafar vísi því til þeirra krafna, sem stjórnarsýslulög nr. 37/1993 geri til málsmeðferðar, s.s. um sjálfstæða rannsóknarskyldu, andmælarétt o.fl.

Um eignarrétt, vatnsréttindi og eignarnám.

Ágreiningslaust sé, að 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, sbr. lög nr. 97/1997, gildi um vatnsréttindi. Orðalagið *að skylda til að láta af hendi* í stjórnarskrár-ákvæðinu lýsi einkum því, sem jafnan sé kallað eignarnám, en í því felist, að eigandi sé skyldaður til að láta eignarrétt sinn af hendi að öllu eða nokkru leyti og oftast stofnist samsvarandi eignarréttur öðrum til handa.

Í vatnalögum nr. 15/1923 sé fjallað um vatnsréttindi. Í 2. gr. laganna komi fram meginregla þeirra um eignarrétt. „*Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar á því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt, sem lög þessi heimila.*” Vatnalögin frá 1923 hafi byggst á grunnsjónarmiðum minnihluta Fossanefndar um sér- eignarrétt landeigenda að vatnsréttindum. Nýting vatns til orkuvinnslu sé ein tegund vatnsréttinda, sbr. ákvæði V. kafla vatnalaganna. Heimildum landeigenda sé lýst í 49. gr. laganna. Í nefndarálitni minnihluta Fossanefndar segi m.a. um tilsvaramandi grein frumvarpsins (60. gr. í frumvarpinu), að rétturinn til orkunýtingar sé fyrst og fremst sérréttur landeigenda, sem hann verði ekki sviptur nema gegn fullum bótum, þegar þjóðfélagsþörfin útheimti. Í eftirfarandi umfjöllun kjósa Jökuldælingar að nefna vatnsréttindi fallréttindi. Þeir benda á, að vatnsmiðlanir séu oft byggðar til að auka hagkvæmni nýtingar fallréttindanna, sbr. VI. kafla vatnalaga. Komi vatnsmiðlun til álita séu vatnalögin byggð á því, að umráðamenn vatnsréttinda hafi forgang til vatnsmiðlunar, sbr. 2. mgr. 69. gr. vatnalaga.

Í eignarhaldi að fallréttindum felist almennur réttur eigenda til hagnýtingar og annarrar ráðstöfunar með þeim takmörkunum, sem lög kveði á um. Sá réttur sé verndaður af 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Taka verði afstöðu til þess, hvenær umræddir vatnsréttareigendur hafi látið eign sína af hendi, og hvort það hafi gerst í heild eða að hluta til allt í skilningi 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Landsvirkjun hafi með lögum nr. 38/2002 fengið heimild til að reisa og reka vatnsaflsvirkjun í Fljótsdal með allt að 750 MW afli, ásamt aðalorkuveitum og virkja til þess vatnsföllin Jökulsá á Brú og Jökulsá í Fljótsdal í tveimur áföngum (Kárahnjúkavirkjun), sbr. 1. mgr. 1. gr. Við gildistöku laga nr. 38/2002 hafi fallréttindi vatnsréttarhafa í Jökulsá á Dal verið látin af hendi að nokkru leyti í skilningi 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar. Lögin hafi ekki haft almenna þýðingu, heldur aðeins gilt gagnvart vatnsréttarhöfum einum og takmarkað möguleika þeirra til að nýta vatnsréttindi til virkjunar, s.s. með virkjun nærri náttúrulegum farvegi eða með öðrum hætti, s.s. með sölu eða leigu á almennum markaði til orkufyrirtækis

eða annars aðila. Því sé það krafa Jökuldælinga að miða beri upphafsdag bóta við 16. apríl 2002, þegar lög um virkjun við Kárahnjúka voru birt.

Verði ekki fallist á þessa viðmiðun sé á því byggt, að tímamark bótaskyldrar eignaskerðingar skuli miðast við leyfi Landsvirkjunar, dags. 2. september 2002. Þá hafi verið endanlega ljóst, að Landsvirkjun hugðist nýta heimild laganna til vatnaflutninga Jökulsár á Dal.

Verði ekki fallist á framangreindar dagsetningar, byggja Jökuldælingar á því að miða eigi við gildistökudag matsnefndarsamnings, enda hafi falist í samningnum framsal á vatnsréttindum til Landsvirkjunar að því marki sem vatnsréttarhafar hafi þá haft yfirráð yfir þeim.

Loks er þess krafist að hækka beri bætur til vatnsréttarhafa að álitum vegna þeirrar skerðingar á vatnsréttindum, sem felist í áhrifum laga nr. 38/2002 frá gildistöku þeirra og þar til nýting réttindanna hófst, sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Ljóst sé, að Landsvirkjun hafi fengið yfirráð og eignarrétt yfir því umframvatnsmagni, sem fyrirtækið muni ekki nýta í eigin virkjun. Þannig sé virkjunarleyfi Rarík til stækkunar Lagarfossvirkjunar bundið því skilyrði, að samningur verði gerður milli Rarík og Landsvirkjunar um samnýtingu á vatnsmiðlun, sbr. 4. mgr. 5. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Við slíka samningagerð muni Landsvirkjun koma fram sem eigandi fallréttinda Jökulsár á Dal, þrátt fyrir að þau séu í raun látin af hendi af vatnsréttarhöfum við Jökulsá á Dal.

Gildistaka raforkulaga 1. júní 2003, samkeppni um vinnslu og sölu.

Vatnsréttarhafar byggja á því, að gildistaka raforkulaga 1. júní 2003 hafi grundvallarþýðingu í sambandi við verðmætamat vatnsréttinda á Íslandi.

Fyrir gildistöku laganna hafi samkeppni í orkuframleiðslu verið takmörkuð og markaðsháð eftirspurn eftir vatnsréttindum ekki verið fyrir hendi. Þessu hafi raforkulögunum nýju verið ætlað að breyta. Þau hafi tekið gildi í áföngum og séu nú að fullu komin til framkvæmda og fjölmörg ný orkufyrirtæki hafi verið sett á stofn í kjölfarið. Unnið hafi verið að því að breyta stjórnunarlegri stöðu opinberu orkufyrirtækjanna, þannig að þau geti tekið þátt í samkeppninni, m.a. sín á milli, þrátt fyrir nánin eignatengsl. Þannig hafi samkeppnisaðstaða skapast og því geti raforkuframleiðandi ákveðið að selja raforku til almenningsnota, jafnvel þótt aðrir orkuframleiðendur fylli þann markað, t.d. með því að bjóða lægra verð en samkeppnisaðilar. Raforkusala frá nýju raforkuveri á Íslandi verði því ekki einskorðuð við sölu til tiltekins hluta íslensks raforkumarkaðar, þegar meta skuli verðmæti eignarnuminna réttinda, sem viðkomandi orkuver nýti. Mat á verðmæti vatnsréttinda eigi að vera óháð notkun orkunnar, enda kunni hún að breytast í framtíðinni.

Ljóst sé, að möguleikar á sölu til almenns markaðar takmarkist af kostnaði við flutning raforku og orkutöpum því samfara. Það sé hins vegar grundvallareinkenni orkumarkaðar fyrir stóriðju, að staðsetning orkufrekrar starfsemi ráðist af því hvar orkulindir sé að finna. Gildi þetta, hvort sem litið sé á þann markað í alþjóðlegu samhengi eða einungis á Íslandi.

Umfang hins eignarnumda.

Rennsli.

Vatnsréttareigendur Jökulsár á Dal krefjast þess, að umfang vatnsréttinda verði ákveðið sem tiltekið meðalrennsli í samræmi við það vatnsmagn, sem LV taki til beinnar orkunýtingar og nýti að öðru leyti til að uppfylla þau skilyrði, sem gildi um framkvæmd fyrirtækisins vegna Kárahnjúkavirkjunar.

Ljóst sé af fyrirliggjandi gögnum, að Landsvirkjun muni aðeins nýta hluta af meðalvatnsrennsli Jökulsár á Dal við stíflu við Fremri Kárahnjúk, sem myndar Háslón. Jafnframt því að nýta vatnsrennsli úr ánni til beinnar orkunýtingar, sé Landsvirkjun nauðsynlegt, ef umframrennsli er í miðlunarkerfi Kárahnjúkavirkjunar, að tryggja meðalrennsli í Kelduá og Jökulsá í Fljótsdal í júlí og ágúst. Það geti aðeins átt sér stað með því að auka að sama skapi nýtingu vatns úr Jökulsá á Dal. Þetta verði reifað síðar í kafla um skiptingu vatnsréttinda milli vatnsfalla.

Vatnsréttarhafar vísa til 1. mgr. 23. raforkulaga um lagagrundvöll fyrir ákvörðun um umfang hinna eignarnumdu vatnsréttinda. Matsnefnd gegni því hlutverki, sem greinin kveði á um, að því er varðar mat á umfangi vatnsréttinda, sem LV fær framseld, sbr. matssamning. Með vísan til lagaákvæðisins og óskráðrar meginreglu stjórnskipunaréttar um meðalhóf, beri matsnefnd að ákveða umfang vatnsréttinda, sem framseld séu LV með hliðsjón af matssamningi og sérstökum yfirlýsingum. Vatnsréttindi, sem LV hafi ekki not fyrir og þurfi ekki á að halda, verði áfram eign vatnsréttarhafa. Vatnsréttarhafar vísa einnig til 72. gr. stjórnarskrárinnar í þessu sambandi. Ákvörðunin um umfang réttindanna, sem LV fái, verði að vera skýr og ótvíæð, þannig að ljóst sé einnig, hverju vatnsréttarhafar haldi eftir. Því verði að koma fram nákvæmlega, hversu marga rúmmetra á sekúndu LV fái framselda miðað við ákveðið meðalrennsli.

Sérstök sjónarmið vegna Brúar og Laugavalla.

Eigendur jarðanna Brúar og Laugavalla gera sérstakar kröfur í sambandi við umfang vatnsréttinda, sem þeir láta af hendi.

Þannig hátti til, að meðalrennsli, sem LV taki til nýtingar, sé bundið við meðalrennsli við stíflu við Fremri Kárahnjúk, sem myndi Háslón. Vatnsrennsli sem LV fékk framselt, sé því hið sama hjá öllum vatnsréttarhöfum neðan stíflunnar við Fremri Kárahnjúk. Aðstæður ofan stíflu séu með allt öðrum hætti. Vatnsréttindi þar séu í eigu Prestssetrasjóðs sem eiganda lands að austurbakka Háslóns og eigenda Brúar og Laugavalla sem eigenda vestari bakka. .

Nokkrar þverár renni í Jöklu ofan stíflu við Fremri Kárahnjúk. Að austanverðu sé einkum um Sauða (eystri) og Jökulkvísl að ræða, en að vestanverðu Sauða (vestari), Kringilsá og Illukvísl (Gljúfrakvísl). Jökulsá á Dal aðskilji jörðina Valþjófsstað frá Brú og Laugavöllum. Í þveránum sé umtalsvert rennsli og sé Kringilsá án efa langvatnsmest. Með tilkomu Háslóns verði innrennsli í lónið ekki einungis frá Jökulsá á Dal, heldur öllum þverám ofan stíflu. Því sé ljóst, að þverár Jökulsár á Dal að vestanverðu séu mun vatnsmeiri en

Þverárnar austan Háslóns, en nákvæmar mælingar liggi ekki fyrir. Miða beri umfang vatnsréttinda ofan Kárahnjúkastíflu við meðalrennsli Jökulsár á Dal við hver ármót þverár, og meðalrennsli þverárna, sem í hana renna á svæðinu að teknu tilliti til þess í hvaða hæð yfir sjávarmáli þverá rennur í Jökulsá á Dal. Landsvirkjun sem eignarnema beri skylda til þess að gera nákvæma grein fyrir þeim eignaréttindum, sem hún taki eignarnámi. Verði sú ekki raunin gera eigendur Brúar og Laugavalla þá kröfu, að þeim beri 65,72%, þar af Laugavellir 2,43% á móti 34,28% hundraðshlutum Valþjófsstaðareiganda. Til vara geri sömu eigendur kröfu til þess að skiptingin verði 61% þeim í hag á móti 39% til eiganda Valþjófsstaðar.

Skipting vatnsréttinda milli Jökulsár á Dal og annarra vatnasvæða.

Jökuldælingar byggja á því, að í útreikningum Magnúsar Sigurðssonar, mskj. nr. 12, hafi ekki verið tekið tillit til áhrifa skilyrðis umhverfisráðherra nr. 10 um raunnýtingu hvers vatnsfalls um sig, sem virkjað verði. Miðað sé við, að Jökulsá á Dal myndi 75,69% heildarvatnsmagnsins, Jökulsá í Fljótsdal 17,47% og Kelduá 6,84%. Skilyrði nr. 10 sé á þá leið, að LV beri að tryggja eftir föngum meðalrennsli í farvegi Jökulsár í Fljótsdal í júlí og ágúst. Þessu skilyrði verði ekki fullnægt með öðrum hætti en að auka rennsli úr Háslóni meðan þetta ástand vari, sem hljóti að leiða til stærra skiptihlutfalls vatnsréttarhafa Jökulsár á Dal. Þá hafi Magnús gengið út frá því, að 80 Gl leki úr Háslóni á ári, snerti aðeins vatnsréttareigendur, sem land eigi að lóninu. Þessi leki eigi eðlilega að jafnast hlutfallslega á alla á vatnsréttareigendur á vatnasviði Kárahnjúkavirkjunar.

Skilyrði umhverfisráðherra eitt og sér leiði til eftirfarandi skiptingar:

Jökulsá á Dal 83,7%, Jökulsá í Fljótsdal 10,9%, Kelduá 5,4%, sjá útreikninga Sigurðar Ingólfssonar verkfræðings í mskj. nr. 25. Jökuldælingar gera þá kröfu, að þessi hlutfallsskipting verði lögð til grundvallar við skiptingu milli vatnasviða.

Skipting vatnsréttinda milli einstakra jarða.

Almennt.

Jökuldælingar byggja á því og vísa til meginreglna vatnalaga um fallréttindi í því sambandi, að vatnsborðshæð við meðalrennsli Jökulsár á Dal, við efri og neðri mörk landareignar, verði lögð til grundvallar við skiptingu fallréttinda milli einstakra jarðeigna vatnsréttarhafa. Um sé að ræða meðalfallhæð fyrir landi hverrar jarðar. Umfang réttindanna verði miðað við fallhæð frá 0-625 metra yfir sjó og fylgt farvegi Jökulsár á Dal.

Ekki sé að finna í vatnalögum nákvæma reglu um skil fallréttinda milli jarðeigna. Eðlilegt sé, að þau taki mið af vatnsborðshæð á landamerkjum. Vatnsborðshæð sé mismunandi eftir árstíma og ytri skilyrðum. Í þessu sambandi byggja vatnsréttarhafar á því, að meðalrennsli Jökulsár á Dal síðustu 10 ára skuli lagt til grundvallar, þ.e. 1996-2005, en ekki meðalrennsli, m.v. sögulegar mælingar. Ljóst sé, að vatnsréttindi séu breytingum háð t.a.m. vegna loftslagsbreytinga, og því gefi viðmiðun við meðalrennsli síðustu 10 ára mun réttari mynd af umfangi réttindanna í dag en meðalrennslisútreikningar, sem miðist við rennsli árinna síðastliðin 50 ár. Vatnsréttarhafar benda á það, að þau vatnsréttindi, sem LV voru látin

í té vegna Kárahnjúkavirkjunar, séu einungis hluti vatnsréttinda jarðanna. Þannig hafi LV lýst því yfir, að fyrirtækinu sé ekki nauðsynlegt að nýta allt rennsli Jökulsár á Dal og þveráa, sem renni í Háslón. Af áætlunum LV megi ráða að ekki sé þörf á meira vatnsmagni til beinnar orkunýtingar en u.þ.b. 92,07 m³/sek af meðalrennsli Jökulsár á Dal. Því sé ráðgert að veita umframvatni um yfirfall í farveg Jökulsár á Dal, 3-6 vikur ári. Bent sé á það, að meðalrennsli Jökulsár á Dal við Hjarðarhaga sé u.þ.b. 40 m³/sek meira en við Brú vegna fjölda þveráa, sem í hana renna á þessu svæði. Því sé lagt til, að heildarvatnsréttindi jarða skuli lögð til grundvallar við skiptingu vatnsréttinda, m.v. við það tiltekna meðalrennsli, sem LV sé nauðsynlegt að látið verði af hendi.

Um skekkju í mælingum vatnsréttinda.

Vatnsréttarhafar vísa til þess, að LV beri að gera grein fyrir umfangi þeirra vatnsréttinda, sem fyrirtækið nauðsynlega þurfi á að halda til reksturs Kárahnjúkavirkjunar gagnvart hverjum og einum vatnsréttarhafa. Skortur á nákvæmri tilgreiningu, s.s. skekkja í útreikningum um skil vatnsréttinda milli jarða leiði til þess, að vatnsréttindi hvers og eins skuli ákveðin eins mikil og unnt sé m.v. hámarks ónákvæmni/skekkju í tilgreiningu vatnsréttinda hvers vatnsréttaraðila. Aðeins þannig sé tryggt, að hver og einn vatnsréttarhafi fái fullar bætur fyrir vatnsréttindi sín. Sé skekkja í mælingum á fallhæð einstakrar jarðar +/-10 cm, þá skuli 10 metra fallhæð milli efri og neðri landamerkjara jarðar, metin 10,2 metrar. Slík skekkja komi sem hrein viðbót og takmarki með engu móti bætur, sem ákveðnar séu heildstætt fyrir vatnsréttindi, sem LV séu látin í té vegna Kárahnjúkavirkjunar.

Almennt um bætur fyrir hið eignarnumda.

Grundvöllur mats á fjárhæð eignarnámsbóta.

Meginreglur.

Inntaki 72 gr. stjórnarskrárinnar hafi áður verið lýst og vísist til þeirrar umfjöllunar. Staða ákvæðisins sem mannréttindaákvæðis stjórnarskrár, feli í sér það lögskýringarsjónarmið, að vafa um það, hvað teljast skuli fullar bætur beri að túlka eignarnámsþola í hag.

Við ákvörðun fjárhæðar eignarnámsbóta gildi sú meginregla, að eignarnámsþoli eigi aðeins kröfu til þess að fá bætt fjárhagslegt tjón. Eignarnámsbætur skulu miðast við tjón eignarnámsþola, en ekki þá auðgun, sem eignarnemi kunni að öðlast við eignarnámið. Því sé ekki hægt að leggja til grundvallar þau fjárhagslegu áhrif, sem eignarnemi hafi af töku vatnsréttindanna, hvort sem þau feli í sér tap, arðleysi eða arðsemi, heldur verði að líta til þess, hvers virði verðmætin séu á grundvelli almennra og hlutlægra sjónarmiða í samræmi við viðurkennd sjónarmið eignarnámsréttar. Markaðsvirði ráðist af þeim tekjum, sem vatnsréttarhafar myndu geta haft af réttindunum með ráðstöfun í frjálsum samningum. Markaðsvirði vatnsréttinda sé því samtvinnað beitingu notagildismælikvarða. Því verði að horfa til hlutlægs nytjavirðis vatnsréttinda, þ.e. þeirra nota, sem hafa megi af eigninni, óháð því, hver eigandinn sé hverju sinni.

Það sé meginregla í frjálsum samningum um vatnsréttindi, að þau séu leigð virkjunaraðila fyrir ákveðið hlutfall af brúttótekjum (veltu) eða fjárhæð, vísitölubundinni við raforkuverð, sem taki mið af slíku hlutfalli við upphaf rekstrar virkjunar, sbr. framlagða samninga.

Verðmætamat vatnsréttinda í frjálsum samningum sem hlutfall af brúttóorkusölu sé í senn skynsamlegt og gagnsætt og sé því sýnilega sú aðferð, sem muni verða ráðandi í frjálsum samningum um vatnsréttindi í framtíðinni.

Almennur markaður vatnsréttinda í Noregi sé byggður á sömu forsendum, þ.e. leigu með árgjaldi, sem taki mið af brúttótekjum af raforkusölu. Eignarnámsframkvæmd í Noregi hafi breyst á síðastliðnum árum og byggist nú á þessum sjónarmiðum, sbr. mat á Skerklavassdraget í Noregi, sem lagt hafi verið fyrir nefndina, sbr. einkum bls. 26. Rétt sé og eðlilegt að horfa til Noregs, enda séu aðstæður sambærilegar.

Hlutfall árgreiðslna fyrir vatnsréttindi ráðist af hagkæmni viðkomandi framkvæmdar.

Við ákvörðun eignarnámsbóta fyrir vatnsréttindi beri að líta til gangverðs (markaðsverðs), en ekki til notagildis, eins og LV haldi fram. Því aðeins sé rétt að líta til notagildis, þegar sú viðmiðun gefi hagstæðari niðurstöðu fyrir eignarnámþola. Notagildi eignar miðast við þann arð, sem eign skili eða geti skilað miðað við lögmæta og heimila nýtingu. Notagildismælikvarðinn sé jafnframt hlutlægur en ekki einstaklingsbundinn. Sjónarmið í greinargerð Landsvirkjunar um að binda notagildismælikvarða við þá nýtingu, sem vatnsréttarhafar hafi haft, séu haldlaus, enda felist í eignarrétti að vatnsréttindum heimild til að ákveða, hvort réttindin séu nýtt, hvenær þau skuli nýtt og af hverjum. Ónýtt vatnsréttindi séu því ekki verðlaus fremur en íbúðarhús, sem væri eignarnumið, og stæði autt. Þá sé það meginregla eignarnámsréttar að miða skuli við verðmæti hins eignarnumda á þeim degi, sem úrskurður um mat sé kveðinn upp.

Sérstök lagaákvæði um mat á eignarnámsbótum vegna vatnsréttinda til orkuvinnslu.

Fyrst beri að nefna 140. gr. vatnalaga nr. 15/1923 en í annan stað 5. mgr. 23. gr. raforkulaga 65/2003. Eignarnámsheimild á vatnsréttindum til orkuframléiðslu, sem var að finna í 54. gr. vatnalaga, hafi verið numin úr gildi með lögum nr. 64/2003. Eignarnám vatnsréttinda vegna Kárahnjúkavirkjunar hefði því aldrei getað farið fram á grundvelli vatnalaga nr. 15/1923, heldur einungis á grundvelli eignarnámsheimildar raforkulaga nr. 65/2003, þ.e. 1. mgr. 23. gr. laganna. Ákvæði 5. mgr. sömu lagagreinar geti því ekki átt við í máli þessu. Ákvæðið beri að túlka á þann hátt, að það eigi aðeins við um jarðhitaréttindi og vísi til óvissu um orkulindina, sem oft eigi sér stað, þegar um jarðhitaréttindi er að ræða. Á hinn bóginn séu vatnsréttindi örugg og fyrirsjáanleg réttindi. Því til staðfestingar sé bent á, að LV byggi á því, að orka frá Kárahnjúkavirkjun verði 90% tryggð orka og muni aukast í allt að 99% á komandi árum vegna hlýnunar. Ekki verði heldur litið svo á, að kostnaður sem falli til við ótímabærar, ómarkvissar eða ónauðsynlegar aðgerðir, skuli lagður til grundvallar, skv. greininni. LV hafi ekki sýnt nægilega aðgát við undirbúning framkvæmda.

Ákvörðun endurgjalds vegna vatnsréttinda sem árlegt hlutfall af orkuverði, reiknað til eingreiðslu.

Vatnsréttarhafar krefjast þess, að réttindi þeirra verði metin með hliðsjón af líklegu gangverði í sölu á almennum markaði, eins og tíðkast hafi í Noregi og einnig á Íslandi í seinni tíð. Árgreiðsla sé fundin sem hlutfall af brúttótekjum raforkuvers/raforkuvera, sem sett séu á laggirnar, og reiknuð til eingreiðslu með hliðsjón af eðlilegum nýtingartíma hlutaðeigandi raforkuvers. Einnig verði að hafa hliðsjón af því, hvernig réttindin verði best og hagkvæmast nýtt með þekktari tækni á hverjum tíma, fremur en að horfa til nýtingar sem eignarnemi fyrirhugar.

Um árlegt hlutfall vatnsréttinda af orkuverði.

Almennt.

Verðmyndun á vatnsréttindum sé í mikilli þróun vegna áhrifa raforkulaga, sem tóku gildi 1. júní 2003. Nokkru fyrir gildistöku hafi verið ljóst, að hverju stefndi og sé elsti samningurinn, sem lagður sé fram, dags. í október 2001. Verðmyndun á Íslandi hafi sótt fyrirmyndir til Noregs, sbr. framlögð gögn. Í þeim komi fram, að lengi hafi tíðkast, að vatnsréttarhafar fái árlega greiðslu sem hlutfall af heildartekjum virkjunaraðila. Ljóst sé af framlagðri grein í Bondebladet, að einhverjir samningar byggist á skiptingu nettó hagnaðar en þá sé algengt að miðað sé við 50/50 skiptingu. Brúttóaðferðin sé þó mun algengari enda eðlilegri viðmiðun. Samningar við vatnsréttarhafa í Noregi byggist oft á hlutfalli yfir 10%, eftir hagkvæmni virkjunar. Fram komi í framlögðu bréfi norska lögmannsins Olav Felland, að eðlilegt hlutfall ætti að vera allt að 25%. Slík þróun sem í Noregi sé ekki ólíkleg m.v. þær hækkningar á verði vatnsréttinda, sem orðið hafi þar í landi á síðastliðnum árum.

Vatnsréttarhafar telji víst, að markaðsverð vatnsréttinda muni hækka stórum skrefum innan skamms til samræmis við norskan markað. Jafnframt séu forsendur fyrir því, að vatnsréttindi, sem nýta megi til hagkvæmra virkjana, verði metin af markaðnum til töluvert herra hlutfalls árgreiðslu en þekkist í Noregi.

Lagðir hafi verið fram samningar um nýtingu vatnsréttinda vegna 4 virkjana í Botnsdal í Súgandafirði, Burstabrekkuá í Ólafsfirði, Djúpadalsvirkjun I og II í Eyjafirði og nú síðast samningur um tvær virkjanir Fjarðarár í Seyðisfirði, ásamt viðauka frá síðasta ári. Ekki liggi fyrir, hvort fleiri samningar hafi verið gerðir.

Allir þessir samningar eigi það sameiginlegt, að þeir séu annað hvort tímabundnir eða háðir starfstíma virkjunar. Vatnsréttarhafar hafi því ekki afhent beinan eignarrétt að vatnsréttindunum, eins og gerst hafi við Kárahnjúka. LV fái þannig mun ríkari réttindi, sem hljóti að hafa áhrif til hækkunar á endurgjald til vatnsréttareigenda. Í þessu sambandi benda vatnsréttareigendur á, að gildistími samnings v/ Djúpadalsvirkjunar II, sé aðeins til 2025. Þetta sýni ljóslega, hve markaður fyrir vatnsréttindi sé í mikilli gerjun. Eiginleikar þessara virkjana séu ólíkir Kárahnjúka- og Lagarfossvirkjunum. Þetta séu litlar virkjanir án miðlunar, gagnstætt nýtingu vatnsréttinda í Jökulsá á Dal. Þar sé um að stóra virkjun með mikið

miðlunarrými. Þá sé vert að benda á fyrirhugaðar virkjanir í Fjarðará, en þær tvær virkjanir, sem þar sé ráðgert að reisa, séu samtals 9,8 MW að afli.

Enginn eðlismunur sé á nýtingu vatnsréttinda þessara ólíku virkjana annars vegar og Kárahnjúkavirkjunar hins vegar og því síður á þeirri orku, sem þær framleiða.

Byggt sé á því, að gangverð vatnsréttinda til raforkuframleiðslu fylgi sambærilegum sjónarmiðum óháð stærð virkjana og verð vatnsréttinda sé því fyllilega samanburðarhæft. Engar lagareglur heimili að meta lægra verðmæti vatnsréttinda nýtttra til stórra virkjana, en til þeirra sem smærri eru. Mismunur af því tagi bryti í bága við jafnréttissjónarmið.

Ákvörðun um hlutfall vatnsréttarhafa af heildartekjum virkjunar verði að miðast við eiginleika vatnsréttindanna og nýtingarmöguleika þeirra, m.v. allar aðstæður.

Um gangverð vatnsréttinda með hliðsjón af raforkulögum.

Með gildistöku raforkulaga nr. 65/2003 hafi verið skildir í sundur náttúrulegir einka-sölupættir raforkukerfisins (flutningur og dreifing) og þeir þættir, þar sem samkeppni verði við komið (vinnsla og sala). Þá fyrst hafi myndast forsendur fyrir samkeppni í raforkuvinnslu og þar með eftirspurn eftir vatnsréttindum á markaðslegum grundvelli. Þau nýju viðhorf, sem lögin sköpuðu, hafi gjörbreytt fyrri verðmyndunarhugmyndum. Áður hafi aðeins verið við einn aðila að semja og því ekkert rými fyrir frjálsa verðmyndun.

Af þessu leiði, að samningar eða gerðardómar um verð fyrir vatnsréttindi fyrir gildistöku raforkulaganna frá 2003 hafi enga þýðingu og séu ekki viðmiðunarhæfir.

Um gæði vatnsréttinda við Kárahnjúka.

Vatnsréttarhafar byggja á því, að eðlilegt sé að horfa til gæða þeirrar raforku, sem framleiða megi. Þannig ráðist hlutfall árlegra brúttótekna, sem vatnsréttarhafar eigi rétt til, af skiptingu framleiddrar raforku í forgangsorku (tryggð orka) og ótryggða orku (einnig nefnd afgangorka).

Sigurður Ingólfsson verkfræðingur haldi því fram, að LV áætli, að orka frá Kárahnjúkavirkjun verði að 90 hundraðshlutum tryggð orka og m.v. gögn um loftslagshlúnun muni hún verða 99% tryggð orka á stærstum hluta rekstrartíma virkjunarinnar.

Hlutfall forgangsorku Kárahnjúka- og Lagarfossvirkjana sé því mun hærra en almennt gerist og hljóti því að leiða til hærra hlutfalls til vatnsréttarhafa af heildartekjum af raforkusölu en ella.

Einnig beri að líta til þess, hver sé heildarstofnkostnaður virkjunar m.v. framleidda orkueiningu. Þá verði einnig að taka mið af þeirri tækni, sem sé fyrir hendi á hverjum tíma, þ.e. ekki megi binda mat við forsendur og virkjunaráform, sem eignarnemi ákveði.

Tekið hafi verið saman yfirlit yfir stofnkostnað á orkueiningu helstu vatnsafls-virkjanakosta Íslands í tengslum við 1. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, sem kynnt var í árslok 2003. Niðurstaðan í þessari samantekt hafi verið sem hér segir.

			Verð pr
	Rennsli	Afl	kWst á ári
Skatastaðavirkjun	28,1	149	24,5
Skatastaðavirkjun B	36,7	184	25,0
Villinganesvirkjun	62,5	33	24,4
Fljótshnjúksvirkjun	25,3	58	40,3
Hrafnabjargarvirkjun A	57,9	88,5	21,2
Hrafnabjargarvirkjun B	57,9	88,5	23,3
Jökulsá á Fjöllum	119-139	570	18,4
<u>Kárahnjúkavirkjun</u>	<u>103-31</u>	<u>690</u>	<u>20,0</u>
Fljótsdalsvirkjun	31	210	18,9
Skaftárvirkjun	85	139	20,5
Hólmsárvirkjun	27,9	73	22,0
Markarfljótsvirkjun A	39,7	106	23,7
Markarfljótsvirkjun B	13,7-39,7	14-109	24,4
Skaftárveita	17,4		8,2
Norðingaölduveita	53		16,2
Búðarhálsvirkjun	231	100	23,2
Núpsvirkjun A	317	121	22,7
Núpsvirkjun B	317	77+45	23,1
Urriðafossvirkjun	339	120	23,2
Hverfisfljót	óvíst		
Djúpá í Fljótshverfi	20	75	26,3

Ljóst sé af þessu yfirliti, að Kárahnjúkavirkjun sé afar hagkvæmur virkjunarkostur á íslenskan mælikvarða, sem hljóti að leiða til herra verðs til vatnsréttarhafa. Hætt hafi verið við þá virkjunarkosti, sem hagstæðari séu samkvæmt yfirlitinu, s.s. Fljótsdalsvirkjun og virkjun Jökulsár á Fjöllum. Kárahnjúkavirkjun sé því hagkvæmasti raunhæfi vatnsaflsvirkjunarkosturinn, þótt ekki sé tekið tillit til stækkunar Lagarfossvirkjunar, sem einnig sé afar hagkvæmur virkjunarkostur.

Kostnaður á orkueiningu vegna smávirkjana og meðalstórra virkjana sé ekki samkeppnishæfur við Kárahnjúkavirkjun. Hér sé um alþekkta staðreynd að ræða, sbr. grein Páls Harðarsonar, *Mat á þjóðhagslegum áhrifum stóriðju á Íslandi 1966-1997*. Þar komi m.a. fram, að stóriðja hafi verið forsenda stórra virkjana og stofnkostnaður smærri virkjana á hvert kW sé mun hærri en stærri virkjana.

Við samanburð á stofnkostnaði Kárahnjúkavirkjunar og stofnkostnaði smávirkjana miðað við orkueiningu komi í ljós, að Kárahnjúkavirkjun sé hagkvæmari kostur, jafnvel þótt

kostnaður við miðlunarmannvirki Kárahnjúkavirkjunar sé hár. Stærð og afköst virkjunarinnar séu einsdæmi hér á landi.

Um markað fyrir raforku frá vatnsréttindum Jökulsár á Dal.

Sú leið hafi verið farin í frjálsum samningum að binda greiðslur til vatnsréttarhafa við raunverulegar tekjur af orkusölu. Þessi háttur hafi ekki síst verið viðhafður til að minnka áhættu virkjunaraðila. Þannig komi engin greiðsla til vatnsréttarhafa finnst ekki markaður fyrir orkuna. Hérland dæmi um gangverð vatnsréttinda tengist öll litlum virkjunum, sem hafi ekki haft neina markaðshlutdeild í rótgrónu markaðskerfi raforku á Íslandi. Virkjunaraðilarnir hafi því þurft að treysta á, að lögbundið samkeppnisumhverfi raforkumarkaðar virki og að eftirspurn verði eftir orku þeirra. Þessir aðilar hafi ekki verið í stöðu til að gera orkusölu-samninga til mjög langs tíma.

Áhrif stærðar Kárahnjúkavirkjunar, sem ein og sér feli í sér gríðarlega markaðshlutdeild á íslenskum orkumarkaði, leiði til þess, að vatnsréttindi í Jökulsá á Dal skuli metin hærra verði en vatnsréttindi samkvæmt þeim frjálsum samningum, sem lagðir hafi verið fram. Til sömu niðurstöðu leiði, að réttindin í Jökulsá á Dal sé unnt að nýta til stórrar virkjunar með mjög örugga orkuframleiðslu, sem henti mjög vel til stóriðju. Á þeim markaði tíðkist mun frekar en á orkumarkaði til almennra raforkunota, að gerðir séu langtímasamningar um raforkusölu. LV hafi gert samning um sölu raforku frá Kárahnjúkavirkjun til a.m.k. 40 ára, sem tryggi félaginu einstætt öryggi til að standa undir stofnkostnaði virkjunarinnar. Þetta eitt og sér leiði til þess að vatnsréttindi í Jökulsá á Dal séu mun verðmætari en ella.

Eftirspurn eftir orku til stóriðjunota á Íslandi sé fyrirsjáanleg og óumdeild. Orkuverð muni almennt fara hækkandi og til lengdar litið verði raforkuverð háð hækkandi heimsmarkaðsverði á orku. Nú sé fyrirsjáanlegt, að eftirspurn eftir íslenskri raforku til álframleiðslu sé orðin meiri en framboð, sem muni hafa mikil áhrif á verð vatns- og jarðhitaréttinda á komandi árum. Við mat á verðmæti vatnsréttindanna sé einnig nauðsynlegt að líta til þróunar alþjóðlegs markaðar fyrir slíka raforku, sérstaklega orku til álvinnslu.

Um kosti vatnsaflsvirkjana umfram aðra orkugjafa.

Vatns- og jarðhitaorka hafa verið þeir orkugjafar, sem einkum hafa verið nýttir til raforkuframleiðslu hér á landi á síðustu árum. Nauðsynlegt sé því að bera saman kosti vatnsaflsvirkjana og jarðhitavirkjana.

Í svonefndum *Fróðleiksmolum*, sem LV birti á vef sínum, séu bornir saman ýmsir kostir jarðhitavirkjana og vatnsaflsvirkjanir. Fjárhagslegir kostir jarðhitavirkjana eru nefndir:

1. Jafnari orkugeta.
2. Lægri stofnkostnaður.
3. Styttri byggingartími fyrir fyrsta áfanga.
4. Hagkvæmt að byggja upp í þrepum, þar sem reynsla af fyrri þrepum ræður næstu skrefum.

5. Jarðvarmavirkjanir séu nokkuð sveigjanlegar og breyta megi rekstri þeirra eftir því sem ný tækni kemur til sögunnar.

Kostir jarðhitavirkjana í samanburði við Kárahnjúkvirkjun séu á hinn bóginn hverfandi vegna mikillar orkugetu og rekstraröryggis Kárahnjúkavirkjunar.

Landsvirkjun greini frá því á heimasíðu sinni, að stofnkostnaður jarðhitavirkjana sé á bilinu 130-140 milljónir króna á hvert MW. Stofnkostnaður 690 MW jarðhitavirkjana að uppsettu afli, eins og í Kárahnjúkavirkjun, næmi því um 92 milljörðum króna. Stofnkostnaður Kárahnjúkavirkjunar muni verða 85-95 milljarðar. Jarðhitaorkuver hafi því ekki kosti umfram Kárahnjúkavirkjun að þessu leyti.

Byggingartími Kárahnjúkavirkjunar sé nokkuð langur. Hönnun virkjunarinnar hafi boðið upp á áfangaskiptingu virkjunar en það fyrirkomulag hafi ekki hentað orkukaupanda. Kostir jarðhitaorkuvera um byggingartíma og áfangaskiptingu eigi ekki við um Kárahnjúkavirkjun og séu að hluta til ókostir m.v. þarfir orkukaupanda.

Síðasti kosturinn eigi ekki vel við í þessu samhengi og fjárhagsleg þýðing hans sé óljós. Hafa beri í huga, að tækni til nýtingar vatnsafls sé orðin þróuð og því sé ekki að vænta breytingu rekstrar slíkra virkjana. Tækni við nýtingu jarðvarma sé hins vegar í örri þróun.

Ókostir jarðhitavirkjana séu þessir samkvæmt sömu heimild:

1. Meiri jarðfræðilega áhætta.
2. Grunnrannsóknir eru dýrar (ein rannsóknarhola getur kostað 200-300 milljónir).
3. Förgun affallsvatns getur valdið vandamálum, ef efnainnihald vatnsins er óhagstætt.
4. Óraunhæft að byggja mjög stórar einingar í einu.
5. Flóknari rekstur, þar sem afköst holu og efnaeiginleikar vökvans geta breyst hratt.
6. Þar sem háhitasvæði tengjast iðulega eldstöðvum eru þau gjarnan langt frá byggð í og fjalllendu landslagi.

Kárahnjúkavirkjun standi framur jarðhitavirkjunum að þessu leyti. Áhrif þessara ókosta séu m.a. að rekstrarkostnaður jarðhitavirkjana sé mun hærra hlutfall af stofnkostnaði en vatnsaflsvirkjana eða 2% stofnkostnaðar á ári á móti 0,8%, sem sé sambærilegt og áætlaður rekstrarkostnaður Kárahnjúkavirkjunar.

Til samanburðar vísist til þeirra aðferða, sem beitt hafi verið í nokkrum matsmálum, t.a.m. úrskurði um Deildartunguhver, sem byggður sé á samanburði mishagkvæmra kosta. Árlegur rekstrarkostnaður Kárahnjúkavirkjunar með 690 MW afl sé 1.000-2.600 milljónum lægri en rekstrarkostnaður hagstæðustu jarðhitavirkjunar. Kröfur vatnsréttarhafa um árlegt hlutfall af heildartekjum af raforkusölu séu í samræmi við þessa nálgun.

Að mati vatnsréttareigenda ætti þetta atriði eitt að hækka verðmæti vatnsréttindanna að mun.

Í greinargerð Sigurðar Ingólfssonar verkfræðings sé horft til stöðu vatnsréttinda með hliðsjón af öðrum orkugjöfum. Þar komi fram, að raforka framleidd með kjarnorku eða kolum virðist geta keppt við vatnsorku í raforkuverði. Nýting þessara framleiðslukosta hafi hins vegar mjög mikla mengun andrúmslofts í för með sér og muni því ekki koma til með að keppa við vatnsafls- eða jarðhitavirkjanir að óbreyttri tækni.

Framleiðsla raforku með jarðgasi sé ekki samkeppnishæf á Vesturlöndum, eins og LV haldi fram vegna mikils öryggiskostnaðar, sem stafi af umhverfissjónarmiðum og flutningskostnaði.

Nýting vatnsréttinda Jökulsár á Dal til raforkuframleiðslu sé afar hagstæð með hliðsjón af öðrum orkugjöfum, sem leiði til hækkunar mats á þeim réttindum og árlegu hlutfalli vatnsréttarhafa af heildartekjum af orkusölu.

Annað.

Engar upplýsingar liggja fyrir um uppbyggingu raforkuverðs frá Kárahnjúkavirkjun, enda gildi það einu, þar sem miða beri bótaákvæðanir við almennt heildsöluverð eða meðalheildsöluverð raforku, sbr. umfjöllun hér á eftir.

Eigi hins vegar að líta sérstaklega til raforkuverðs á tilgreindri orku Kárahnjúkavirkjunar og Lagarfossvirkjunar liggja fyrir að gert hafi verið ráð fyrir kostnaði til vatnsréttarhafa í útreikningsforsendum LV. Í ljósi þessa byggja vatnsréttarhafar á því, að samningar LV um verð á raforku frá Kárahnjúkavirkjun geti með engu móti takmarkað rétt þeirra til fullra bóta fyrir vatnsréttindin, t.d. þannig að það leiði til lægra hlutfalls vatnsréttarhafa af heildartekjum virkjunaraðila.

Um raforkuverð almennt.

Vatnsréttarhafar telja, að matsnefnd beri að miða við almennt raforkuverð, en ekki þá sérstöku raforkusölusamninga, sem ráðgerðir séu vegna Kárahnjúkavirkjunar og stækkunar Lagarfossvirkjunar, þegar ákveða skuli þeim bætur. Hæfilegt sé að miða við 15% af almennu raforkuverði og afkastgetu hinna nýju virkjana. Einnig verði að taka fullt tillit til möguleika til frekari virkjunar hins miðlaða stórflyóts niður að Leginum og neðan við Lagarfoss. Þar megi virkja með straumvirkjun með þekktri tækni, en óvíst sé um orkugetu slíkra virkjana eða hagkvæmni þeirra.

Vatnsréttarhafar byggja á því að miða skuli við raforkuverð á matsdegi, sem ákveðið sé með tilliti til meðalverðs raforku á Íslandi, þ.e. þess meðalverðs raforku til almennra nota og til stóriðjunota að teknu tilliti til skiptingar orku í tryggða og ótryggða. Ekki sé hægt að nálgast meðalverð á raforku m.v. afhendingu frá stöðvarvegg á Íslandi með nákvæmum hætti. Meðalheildsöluverð raforku á Íslandi beri því að ákvarða m.v. opinberar tölur um skiptingu raforkumarkaðar og gjaldskrá LV. Samkvæmt ársreikningi LV 2005 hafi raforkusala stofnunarinnar verið 7.647 GWst á ári, þar af til stóriðju 5.193 GWst á ári. Heildarorkuvinnsla

á árinu hafi verið 8.679 GWst á ári og hafi aðrir virkjunaraðilar því selt 1.032 GWst á ári. Tekjur Landsvirkjunar af raforkusölu hafi numið 12.781.221.000 kr. og meðalverð sé því 1,67 kr/kWst af seldri raforku LV. Sala annarra aðila en Landsvirkjunar hafi einkum verið til almenningsnota og verði því byggt á því, að heildsöluverð þeirrar orku hafi verið að meðaltali 3 kr/kwst. Meðal heildsöluverð seldrar raforku á Íslandi á árinu 2005 hafi numið um 1,9 kr./kWst samkvæmt þessum forsendum. Með vísan til almennra verðlagshækkana og hækkana á raforkumarkaði verði gengið út frá því hér, að meðalverð seldrar raforku nemi 2 kr/kWst.

Til vara krefjast vatnsréttarhafar þess, að byggt verði á verði seldrar kWst af hálfu þeirra tveggja virkjana, sem nýti vatnsréttindi úr Jökulsá á Dal. Verð LV fyrir hverja selda kWst ætti því að nema tæpum 3 kr. m.v. fyrirsjáanlega stöðu álverðs við upphaf rekstrar Kárahnjúkavirkjunar. Sama verðviðmiðun skuli gilda gagnvart stækkun Lagarfossvirkjunar.

Vaxtafótur til að reikna út eingreiðsluverð.

Þegar bætur séu ákveðnar eftir notagildismælikvarða, verði að finna út höfuðstól, sem gefi eiganda sama arð og hann hefði getað fengið af eign sinni. Arðinn eigi eigandinn að fá með ávöxtun höfuðstólsins umfram verðbólgu, þ.e. raunvexti. Upphæð eignarnámsbóta á grundvelli notagildis ráðist m.a. af því, hvað gera eigi ráð fyrir mikilli ávöxtun (vaxtafæti) höfuðstólsins í framtíðinni, þ.e. líklegum meðalvöxtum.

Engum lagareglum eða dómafordæmum sé til að dreifa um það, hvaða vaxtafót skuli nota á í eignarnámsmálum. Vatnsréttarhafar byggi á því að leggja beri til grundvallar vaxtafót, m.v. áhættulausa eða áhættulitla ávöxtunarmöguleika. Einkum komi verðtryggð langtíma-skuldabréf með ríkisábyrgð til álita á íslenskum fjármálamarkaði. Upplýsingar um ávöxtun á fjármagnsmarkaði megi m.a. nálgast á vef Seðlabanka Íslands. Vextir á Íslandi séu mjög háir, m.v. vexti í nágrannalöndunum og öðrum vestrænum ríkjum, en líkur séu til þess til lengri tíma lítið, að vaxtastig á Íslandi verði ekki verulega frábrugðið vöxtum hjá nágrannaþjóðum.

Vatnsréttarhafar byggi á því, að eðlilegt og rétt sé að miða við 3,5% vaxtafót, með hliðsjón af þeim ávöxtunarmöguleikum, sem einstakir vatnsréttarhafar eigi til áhættulausrar eða áhættulítillar fjárfestingar til langrar framtíðar. Ársgreiðslu skuli því margfalda með stuðlinum 28,57 ($1/0,035 = 28,57$)

Mótmælt sé, að byggt verði á hærri vaxtafæti, þar sem slíkur útreikningur myndi ekki samræmast stjórnarskráráskilnaði um fullar bætur.

Sérstaklega varðandi Lagarfossvirkjun.

Ljóst sé, að hagkvæmni Lagarfossvirkjunar umfram hagkvæmni Kárahnjúkavirkjunar hljóti að leiða til þess, að hlutfall árgreiðslu til vatnsréttarhafa af heildarorkusölutekjum hækki.

Þau sjónarmið, sem rakin hafi verið hér að framan og miðist einkum við Kárahnjúkavirkjun, geti að langmestu leyti átt við um Lagarfossvirkjun án sérstakrar umfjöllunar. Þannig sé t.a.m. ljóst, að ný og stærri Lagarfossvirkjun sé afsprengi Kárahnjúkavirkjunar og njóti

þannig sömu miðlunar og vatnsrennslis, sem gerir hana afar öruggan orkuframleiðanda. Orka Lagarfossvirkjunar nýtist því einkar vel til stóriðjunota, auk þess sem virkjunin sé þegar tengd landsnetinu til orkusölu til almenningsnota. Stofnkostnaður stækkunar Lagarfossvirkjunar hafi verið áætlaður u.þ.b. 2,8 milljarðar á árinu 2005. Um endurbyggingu á eldri virkjun sé að ræða, en ekki einungis stækkun. Stofnkostnaðurinn feli því í sér verulega endurnýjun á eldri virkjun. Áætlaður kostnaður á framleidda kWst virðist munu nema 1,47 kr/kWst., ef forsendur um stofnkostnað standist, sem geri virkjunina gríðarlega hagkvæman virkjunarkost.

Áhrif hækkunar orkuverðs á útreikning eingreiðslu.

Breytingar á orkuverði leiði til breytinga á greiðslu fyrir vatnsréttindi, þegar greiðsla fyrir afnot vatnsréttinda miðist við ákveðið hlutfall af heildartekjum virkjunaraðila. Þessu sé ekki til að dreifa, þegar um eingreiðslu sé að ræða. Því þurfi að gera ráð fyrir ákveðinni þróun orkuverðs, ef tryggt eigi að vera, að vatnsréttarhafar fái fullar bætur. Með vísan til þess að vaxtafótur byggist á raunvöxtum, þ.e. vöxtum óháð breytingum á verðlagi (verðbólgu), byggist útreikningur til eingreiðslu á þeirri ónákvæmni, að verð á raforku breytist eins og verðlag.

Til þess að útreikningur á eingreiðslu fyrir vatnsréttindi endurspegli verðmyndun á vatnsréttindum á markaði þurfi að taka afstöðu til þess, hvort raforkuverð muni þróast í samræmi við almennt verðlag. Þannig þurfi að meta, hvort raforkuverð muni þróast með jákvæðum eða neikvæðum föstum vexti.

Vatnsréttarhafar byggja á því, að orkuverð muni hækka hér á landi umfram almennar verðlagshækkanir, þegar til lengri tíma sé litið, ekki síst fyrir áhrif alþjóðlegs orkuverðs. Sú hækkun muni nema a.m.k. 1,2% föstum árlegum vexti. Við uppreikning á hlutfallslegri árgreiðslu af heildartekjum virkjunaraðila til eingreiðslu, beri að leggja til grundvallar 3,5% vaxtafót, að frádregnum 1,2% föstum vexti, þannig að útreikningur eingreiðslu miðist við 2,3%.

Stuðull við uppreiknun eingreiðslu verði því 43,5. ($1/0,023=43,5$).

Kárahnjúkavirkjun.

Byggt er á því í eftirfarandi útreikningi, að 15% af meðalverði raforku gangi árlega til vatnsréttarhafa, eins og áður var lýst, vaxtafótur miðist við 3,5% og fastur vöxtur raforkuverðs verði 1,2%. $15\% \times 43,5 \times 2 \times 9.200.000.000 = 60.030.000.000$ kr.

Eingreiðsluverðmæti vatnsréttinda í Kárahnjúkavirkjun nemi því u.þ.b. 60 milljörðum, þar af sé hlutur eigenda vatnsréttinda Jökulsár á Dal 83,7% eða 50.245.110.000 kr.

Með sömu reikningsforsendum nemi eingreiðsluverðmæti vegna stækkunar Lagarfossvirkjunar 1.696,5 milljónum kr., þ.e. $15\% \times 43,5 \times 2 \times 130.000.000 = 1.696.500.000$ kr.

Samtals nemi því krafa eigenda vatnsréttinda í Jökulsá á Dal 51.941.610,000 kr.

Sérstök atriði til hækkunar niðurstöðu til að tryggja fullar bætur.

Loftslagshlýnun – aukin gæði vatnsréttinda Jökulsár á Dal.

Vatnsréttarhafar telja víst, að meðalrennsli Jökulsár á Dal muni aukast til muna næstu áratugi vegna hlýnandi loftslags. Hins vegar sé Landsvirkjun óheimilt að mati vatnsréttarhafa að nýta sér aukið meðalrennsli Jökulsár á Dal. Aukið vatnsmagn muni tryggja rekstraröryggi Kárahnjúkavirkjunar að ákveðnu marki. Þannig muni aukið rennsli, ekki síst að vetri til, leiða til þess að raforka frá Kárahnjúkavirkjun verði allt að 99% forgangsorka. Einnig sé ljóst að aukið rennsli muni leiða til hærri meðalstöðu lóns, þannig að þrýstingur vatns á hverflum muni aukast, m.v. núverandi aðstæður og raforkuframleiðsla verði því meiri.

Með aukningu forgangsorku úr 90% í 99% verði orkugeta Kárahnjúkavirkjunar m.v. óbreytt meðalrennsli 5.060 GWst. á ári þegar árið 2020, eða 13 árum eftir gangsetningu í stað 4.600 GWst á ári, eins og nú sé gert ráð fyrir. Tekjuaukning á ári m.v. 2 kr. meðalverð á kWst. yrði því ríflega 900 milljónir frá þeim tíma en stigvaxandi strax frá fyrsta ári. Verðmæti vatnsréttindanna aukist því að sama skapi. Þetta eigi við, hvort heldur sem matsnefnd komist að þeirri niðurstöðu, að LV eigi aðeins rétt til þess vatnsmagns, sem nú þurfi til að knýja hverfla Kárahnjúkavirkjunar eða að nýtingarrétturinn nái til ótiltekins vatnsrennslis Jökulsár á Dal. Beiti matsnefndin síðari aðferðinni í andstöðu við málsástæður vatnsréttarhafa, sé ljóst að orkugeta Kárahnjúkavirkjunar muni aukast til muna við fyrirsjáanlega loftslagshlýnun. LV hefði þannig ótakmarkaðan rétt að nýta aukið meðalrennsli til orkuframleiðslu m.v. tæknilega getu Kárahnjúkavirkjunar. Verði sú raunin hljóti það að leiða til verulegrar hækkunar á verði vatnsréttinda, sem matið tekur til.

Þróun vatnsréttindaverðs í Noregi.

Íslensk löggjöf á sviði vatns- og virkjanaréttinda, svo og reglur um eignarnám vatnsréttinda hafi sótt fyrirmyndir til Noregs. Vatnalögin íslensku hafi að meginstofni til verið byggð upp að fyrirmynd þágildandi norskra vatnalaga, þ.e. vassdragsloven frá 1887 og vassdragsreguleringsloven frá 1917, en frumvarp til síðarnefndu laganna hafi verið lagt fram sem fylgiskjal með álit meirihluta fossanefndarinnar.

Núgildandi lög, lov om vassdrag og grunnvann (vannressursloven), séu frá árinu 2000. Við gildistöku þeirra hafi eldri vatnalög, lov om vassdragane frá árinu 1940, að mestu leyti verið felld úr gildi. Forverar þeirra laga hafi verið Vassdragsreguleringsloven frá 1917 og vassdragsloven frá 1887.

Réttur landeiganda til nýtingar vatnsfalls til orkuframleiðslu gildi með sama hætti í báðum löndunum, nema um annað hafi verið sérstaklega samið. Því verði að telja, að niðurstöður norskra dómstóla um eðli og umfang eignarskerðingar og eignarnáms megi hafa til hliðsjónar, þegar reyni á eignarréttarleg álitæfni vegna áhrifa Kárahnjúkavirkjunar. Þó verði að gera fyllri grein fyrir norskri eignarnámslöggjöf til að raunhæfur samanburður fáiast. Eignarnámsákvæði í „vannressursloven“ sé að finna í 10. kafla, þ.e. grein 51 og 52. Í þessum ákvæðum sé sérregla þess efnis, að við eignarnám á vatnsréttindum til raforkuframleiðslu

skuli ákveða bætur 25% hærri en ella. Verðdæmi frá Noregi um vatnsréttindaverð verði að meta með hliðsjón af því. Bakgrunnur þessara auknu eignarnámsbóta vegna raforkuframleiðslu byggist að nokkru leyti á því að verið sé að tryggja eignarnámsþolum fullar bætur fyrir þau miklu verðmæti, sem felist í fallréttindum. Í norskri eignarnámsframkvæmd á vatnsréttindum hafi tíðkast, allt fram til síðustu ára, að miða eignarnámsbætur við hestöfl (13,3 x miðluð fallhæð = hestafl). Verðmæti hestafla í hverju matsmáli hafi verið metið eftir hagkvæmni nýtingarmöguleika vatnsfallsins og vatnsréttindi, sem látin voru af hendi, bætt eftir hestaflaverði. Um árgreiðslu sé oftast að ræða, nema bótafjárhæð sé lág eða vatnsréttarhafar hafi óskað sérstaklega eftir eingreiðslu. Í þeim tilfellum, sem árgreiðsla sé innleyst til eingreiðslu hafi verið miðað við margföldunarstuðulinn 25, sbr. 3. mgr. 11. greinar í Forskrift om justering av konsesjonsavgifter, årlige erstatninger og fond m.v. i medhold av vassdragslovgivningen.

Samanburður á gömlum norskum matsmálum á vatnsréttindaverði við mat vatnsréttinda í Jökulsá á Dal verði því fara fram eftir hestaflamælikvarða, eins og síðar verði lýst. Í samningum á frjálsum markaði hafi þróunin hins vegar orðið sú í Noregi, að vatnsréttarhafar hafi samið um bætur sem ákveðið hlutfall af brúttó orkusölu út frá væntanlegu orkuverði. Eignarnámsframkvæmd í Noregi hafi því breyst til samræmis. Frjálsir samningar íslenskra vatnsréttarhafa hafa þróast með sama hætti eftir að fyrirsjáanlegt varð, að vinnsla og sala raforku yrði háð samkeppni. Við allan samanburð milli landa verði að taka tillit til þess, að í Noregi sé starfsumhverfi þeirra, sem nýta vatnsréttindi háð leyfisafgjöldum og skattlagningu með mun þungbærari hætti en gildi um íslensk orkufyrirtæki.

Þróun raforkuverðs á Íslandi.

Vatnsréttareigendur telji fullvíst, að þróun raforkuverðs á Íslandi muni verða með sama hætti og á alþjóðlegum mörkuðum, enda muni íslenskur orkuiðnaður byggjast á raforkusölu til stóriðjunota að 80-90%, innan fárra ára. Markaður fyrir raforku til stóriðjunota sé alþjóðlegur og því háður þróun orkuverðs í heiminum öllum. Raforkuverð hafi alls staðar hækkað og sams konar þróun muni eiga sér stað hér landi.

Þróun orkuverðs og raforkuverðs í Evrópu og í alþjóðlegu samhengi.

Alkunna sé, að raforkuverð sé háð verði á annarri orku. Þannig hafi varanlegar hækkanir á jarðefnaeldsneyti áhrif á raforkuverð til lengri tíma litið. Raforkuframleiðsla og orkuframleiðsla í heiminum sé að langstærstum hluta háð brennslu jarðefnaeldsneytis, sem leiða muni til umhverfisspjalla, s.s. vegna losunar koltvíoxíðs og annarra gróðurhúsalofttegunda. Umhverfisleg sjónarmið munu leiða til þess, að sífellt strangari kröfur verði gerðar til framleiðslu orku úr jarðefnaeldsneyti, auk þess sem reynt verði að auka orkuframleiðslu úr endurnýjanlegum orkugjöfum. Þetta muni auka kostnað við orkuframleiðslu, s.s. vegna krafna til forvinnslu jarðefnaeldsneytis og tæknilegrar hönnunar orkuvera til að draga úr mengun. Sá kostnaður muni leiða til hærri orkuverðs. Hræðsla almennings við mengun frá kjarnorkuverum og erfiðleikar við geymslu og eyðingu kjarnorkuúrgangs muni gera það að

verkum, að kjarnorkuver til raforkuframleiðslu muni ekki ná almennri útbreiðslu, þrátt fyrir hagkvæmni í rafmagnsframleiðslu með þessum hætti.

Um skattalegt óhagræði vatnsréttarhafa af eingreiðslu í stað ársgreiðslna.

Vatnsréttarhafar eru að langstærstum hluta einstaklingar. Eingreiðsla hefur því verulegt skattalegt óhagræði í för með sér. Þeir hefðu ella getað hagað málum svo, að þeir hefðu einungis þurft að greiða 10% fjármagnstekjuskatt af árlegum tekjum, sbr. 3. mgr. 66. gr. laga nr. 90 frá 2003 um tekjuskatt, sbr. 2. tl. C liðar 7. gr. sömu laga. Ákvæði 4. mgr. 66. gr. laga um tekjuskatt skipti einnig miklu, en þar sé tekið af skarið með, að engin önnur opinber gjöld skuli leggja á fjármagnstekjur.

Landsvirkjun hafi hins vegar ákveðið að taka eignarráð af vatnsréttarhöfum í stað þess að greiða árlegt afgang. Skattaleg meðferð endurgjalds fyrir vatnsréttindi, verði því önnur, þ.e.a.s vatnsréttareigendur verði að greiða fullan tekjuskatt og útsvar, sbr. lög um tekjuskatt og lög um tekjustofna sveitarfélaga.

LV hafi því með ákvörðun sinni sett vatnsréttarhafa í þá stöðu að þurfa að greiða 83,9% meira í skatt en ella, eða 8,39 prósentustigum af skattstofni. Bæta beri vatnsréttarhöfum þessa skerðingu og til þess þurfi að hækka fullt verð um 10,28% eða með stuðlinum 1,1028, svo fullt verð í skilningi 72. gr. stjkskr. verði tryggt.

Þróun álverðs.

Raforkuverð Kárahnjúkavirkjunar og raunar raforkuverð á Íslandi muni verða háð þróun álverðs á komandi árum. Álverð hafi verið í sögulegu hámarki á árinu 2006, en lækkað nokkuð síðan. Þó sé fyrirsjáanlegt, að álverð muni verða áfram hátt á komandi árum. Þannig liggja fyrir, að verð á einu tonni af áli í framvirkum samningum til 27 mánaða nemi nú um 2.500 US \$, sbr. upplýsingar frá London Metal Exchange.

Óvissu um álverð í framtíðinni verði ekki svarað með einföldum hætti, enda sé það verkefni sérhæfðra matsfyrirtækja. Hins vegar liggja fyrir, að álverð hafi grundvallarþýðingu um raforkuverð Kárahnjúkavirkjunar og meðálverð íslenskrar raforku. Vatnsréttarhafar hafi óskað eftir að gerast áskrifendur að CRU, sem spái um álverð fram í tímann, en af einhverjum óskiljanlegum ástæðum hafi þeim verið neitað um það. LV hafi einnig neitað vatnsréttarhöfum um aðgang að upplýsingum CRU, án þess að gera grein fyrir þeirri afstöðu.

Möguleikar á útflutningi orku.

Sá möguleiki sé fyrir hendi, að íslenskur raforkumarkaður verði tengdur með beinum hætti við raforkumarkað í Evrópu með lagningu sæstrengs.

Umræða um þennan möguleika virðist fyrst hafa skotið upp kolli upp úr 1960. Áhugi á sæstreng hafi endurspeglad eftirspurn eftir raforku hér á landi. Hann hafi minnkað, þegar eftirspurn hafi verið eftir raforku, en eflst við offramboð. Miklar tækniframfarir hafi gert sæstrengshugmyndina aðgengilegri en áður og auk þess markaðslegir hvatar. Þannig sé t.a.m. ráðgerð lagning 580 km langs sæstrengs með flutningsgetu upp á 700 MW milli Noregs og Hollands á árinu 2008. Milli Íslands og Skotlands séu um 950 km en 1800 km frá Íslandi til

Hollands. Á heimasíðu LV komi fram, að fyrirtækið hafi nýlega verið í samstarfi við Statoil og Statnett um hagkvæmniathugun á lagningu 600 MW sæstrengs milli Noregs og Íslands. Nú sé einnig verið að kanna hagkvæmni þess, að leggja sæstreng til Færeyja.

Vatnsréttarhafar byggi á því, að möguleikar á lagningu sæstrengs feli í sér mikla möguleika fyrir íslenskan raforkumarkað, s.s. um hærri verð, betri nýtingu, aukið öryggi, raforkuútflytning og raforkuinnflytning, auk ýmissa kosta af umhverfislegum hagsmunum. Lagning sæstrengs sé raunhæfur kostur og líkur á hagkvæmni aukist sífellt vegna þróunar á alþjóðlegum orkumarkaði.

Um þýðingu endurnýjanlegra orkugjafa – grænt rafmagn.

Vatnsréttarhafar vísa til þess, að alþjóðasamfélagið leggi áherslu á að nýta endurnýjanlega orkugjafa. Endurnýjanlegar orkuauðlindir Íslands séu takmarkaðar, eins og annars staðar í veröldinni. Íslendingar séu þó mun skemmra á veg komnir með að nýta mögulega og hagkvæma virkjunarkosti vatnsorku og jarðhita en önnur vestræn ríki. Varlega þurfi þó að fara í þessum efnum.

Eftirspurn eftir grænni orku hafi aukist vegna umhverfisvitundar almennings. Evrópu-sambandið hafi haft forustu á þessu sviði. Sett hafi verið tilskipun um endurnýjanlega orkugjafa, sbr. tilskipun 2001/77/EC, sem skyldi þjóðir innan ESB til að auka hlut endurnýjanlegra orkugjafa úr 14% 1997 í 22% árið 2010, sem samsvari 200 TWst. Vatnsafl sé skilgreint sem endurnýjanlegur orkugjafi óháð stærð virkjana og raforkan sé því svokölluð græn orka.

Vottorðakerfi fyrir framleiðslu grænnar orku sé ein leið til hvatningar til að auka orkuframleiðslu frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Vottorðin séu gefin út fyrir framleidda orku og hljóði upp á eina MWst hvert þeirra. Framleiðandi geti selt vottorðin þeim sem kaupa vill og aflað þannig aukinna tekna, en rafmagnið sé hins vegar selt með venjubundnum hætti. LV hafi fengið græna vottun á allar virkjanir sínar og íslensk vottorð hafi verið seld sem nemi 1,6 TWst framleiðslu.

Ísland sé hluti af innri markaði ESB á grundvelli EES samningsins. Möguleikar til sölu grænna vottorða á væntanlegum samræmdum markaði ESB séu að nokkru leyti óljósir, en ljóst sé þó, að LV hafi þegar hafið sölu grænna vottorða. Vatnsréttarhafar byggja á því, að sala á grænum vottorðum feli í sér aukaafurð við sölu á rafmagni framleiddu úr vatnsréttindum Jökulsár á Dal, sem auki verðmæti vatnsréttindanna. LV upplýsi, að gangverð á grænum vottorðum nú, sé 0,09 evrur fyrir MW og hafi lækkað úr 0,15 evrum. Engu að síður sé um nokkra fjárhæð að ræða, þegar litið sé til áætlaðs rekstartíma Kárahnjúkavirkjunar. Gera megi ráð fyrir því, að verðmæti grænna vottorða muni margfaldast á komandi árum.

Kolefniskvótar o.fl.

Við raforkuframleiðslu Kárahnjúkavirkjunar verði engin bein losun gróðurhúsalofttegunda. Sala á íslenskri raforku til stóriðju, þ.m.t. frá Fljótsdalsstöð, sé í samkeppni við

aðra raforku, sem framleidd sé úr jarðefnaeldsneyti, s.s. jarðgasi, olíu og kolum. Við framleiðslu slíkrar orku losni mikill koltvísýringur, auk annarra gróðurhúsalofttegunda.

Það sé álit vatnsréttarhafa, að litið skuli til alþjóðlegra skuldbindinga um losun gróðurhúsalofttegunda við verðmat á vatnsréttindum, sbr. rammSAMNING Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, og svonefndrar Kyoto-bókunar frá árinu 1997, sem gerð var á grundvelli hans.

Í ríkjum Evrópusambandsins hafi verið komið á fót viðskiptum með kolefniskvóta. Á þýskum orkumarkaði hafi verið á kolefniskvóta verið í kringum 26 evrur á hvert tonn. Kostnaður við öflun kolefniskvóta geti því numið háum fjárhæðum. Raforkuframleiðsla með kolum leiði til losunar 12,3 tonna koltvísýrings á hvert tonn áls. Álverið á Reyðarfirði muni framleiða u.þ.b. 320.000 tonn af áli með raforku frá Kárahnjúkum. Losun koltvísýrings við raforkuframleiðslu með kolum nemi því 3.936.000 tonnum á ári. Ætti að reisa slíkt orkuver í löndun Evrópusambandsins þyrfti að greiða u.þ.b. 102.336.000 evrur fyrir kolefniskvóta til framleiðslunnar.

Vatnsréttarhafar vísa því til þess, að heimildin til að menga með framleiðslu sömu orku með kolum og Kárahnjúkavirkjun framleiðir, kosti 9 milljarða króna í löndum Evrópusambandsins. Ef nýtt væri jarðgas myndi sami kostnaður nema u.þ.b. 60% af fjárhæðinni eða 5,4 milljörðum króna.

Um útreikning bóta eftir arðsemismati Kárahnjúkavirkjunar.

Núvirt sjóðstreymi.

Mikils misskilnings gæti, að mati vatnsréttareigenda, í umfjöllun lögmanns og sérfræðinga LV um núvirðisútreikninga. Það sé alkunna, að náist 0 kr. núvirðing út úr verkefni, þá hafi náðst þau fjárhagslegu markmið, sem að var stefnt. Allt þar umfram sé aukaávinningur, sem geri viðkomandi verkefni enn fýsilegra. Með þeirri arðsemi eigin fjár, sem LV hafi ásett sér að ná, geti fyrirtækið greitt vatnsréttarhöfum 4,4 til 7,5 milljarða kr. til viðbótar við áætlað verð vatnsréttinda í stofnkostnaði. Verkefnið gæti eftir sem áður talist fýsilegt. Gera verði greinarmun á núvirtum arði og hreinu núvirði. Í síðarnefnda hugtakinu sé búið að draga frá þann arð, sem framkvæmdaaðilar vilji ná út úr verkefninu, svo það teljist fýsilegt. Núvirtur arður virkjunarinnar m.v. 5% núvirðingu sé, á grundvelli forsendna LV, um 35 milljarðar árið 2002 á móti hreinu núvirði að fjárhæð kr. 4,4 milljarðar á sama tíma.

Hver á að fá umframverðmætin - vangaveltur um fullt verð.

Framkvæmdin við Kárahnjúkaverkefnið ráðist af nokkrum þáttum. Til einföldunar megi segja, að eftirfarandi atriði þurfi að vera til staðar, svo virkjunin og verðmætasköpunin geti orðið að veruleika: „Vatnsfall, verkþekking og geta, framkvæmdaaðili, opinber leyfi, orku kaupandi og fjármagn“.

Í raun sé staðan svipuð og við hverja aðra húsbyggingu, þar séu eftirtalin atriði nauðsynleg svo unnt sé að byggja á sérstökum stað: „einstaklega tilgreind lóð, verkþekking og geta, byggingaraðili, opinber leyfi, húskaupandi, fjármagn.“

Eitt sé algerlega ómissandi, þegar um byggingu virkjunar við Kárahnjúka sé að ræða. Það sé vatnsfallið. Hver og einn gæti aflað allra annarra þátta. Eigendur vatnsréttinda gætu því byggt og rekið virkjunina sjálfir, án aðkomu LV. Á hinn bóginn gæti LV ekki byggt virkjunina, án samkomulags eða þvingaðrar töku vatnsréttindanna, sem ólögmætar séu nema fullt verð komi fyrir. Framkvæmdaaðili geti í raun verið hver sá, sem annað hvort nær samningum við vatnsréttarhafa eða fær heimild til eignarnáms.

Því sé eðlilegt að líta svo á, að eigendur vatnsréttinda geti fengið það verð fyrir þau á frjálsum markaði, sem samsvari rétt núvirtu sjóðstreymi verkefnisins, þegar tillit hafi verið tekið til þess ágóða, sem fjármagnsaðilar (lánastofnanir og framkvæmdaaðili) krefjast. Þessi aðferð sé því afar hagfelld virkjunaraðila. Honum sé fyrst gert kleift að taka sína ávöxtun út úr verkefninu, áður en nokkuð komi til vatnsréttarhafa. Vatnsréttarhafar taki hér alla áhættuna og því sé eðlilegt, að þeir fái það, sem umfram sé ávöxtunarkröfu lánveitenda og virkjunaraðila eða fullt verð.

Einstakar forsendur fyrir núvirðingu verkefnisins.

Landsvirkjun hafi sýnt fram á, að umframverðmæti verkefnisins nemi a.m.k. 4,4 milljörðum, áður 7,5 milljörðum á verðlagi í janúar 2006. Þar séu þeirra eigin forsendur lagðar til grundvallar. Inni í þessum stofnkostnaði sé gert ráð fyrir einhverri greiðslu til vatnsréttarhafa.

Helstu forsendur árið 2002 hafi verið:

	2002		Uppf. m.v. jan. 2006
1.	Stofnkostnaður	95 milljarðar kr.	108,5 milljarðar kr.
2.	Tekjur	ekki gefnar upp	
3.	Gjöld	740 milljónir kr. á ári	857 milljónir kr. á ári
4.	Raunvextir á lánsfé	3,6%	
5.	Hlutfall lánsfjár	75%	
6.	Ávöxtunarkrafa eigin fjár	9,6%	
7.	Hlutfall eigin fjár	25%	
8.	Líftími	63 ár	
9.	Hrakvirði	0 kr.	

Í ljós komi, þegar jafnan sé leyst fyrir tekjuliðinn, að LV hafi á árinu 2002 gert ráð fyrir, að tekjur á fyrsta ári yrðu um 8,4 milljarðar, eða 1,81 kr. á kWst. Sé sú fjárhæð reiknuð upp á sömu forsendum og stofnkostnaður, fæst sú niðurstaða, að tekjur muni verða ríflega 9,6 milljarðar eða 2,06 kr. á kWst. m.v. virði í janúar 2006.

Vatnsréttarhafar byggja á því, að LV hafi í sumum tilvikum lagt rangar forsendur til grundvallar núvirðingu sinni og að ytri aðstæður hafi í nokkrum tilvikum leitt til rangra forsendna. Verði tekin afstaða til hvers liðar fyrir sig.

Stofnkostnaður.

Í svokallaðri eigendaskýrslu sé gert ráð fyrir því, að stofnkostnaður virkjunarinnar muni verða 95 milljarðar kr., m.v. verðlag í nóvember 2002. Í þeirri tölu sé varúðarfjárhæð upp á kr. 10-11 milljarða, sem ætluð var til að mæta óvæntum útgjöldum, sbr. ummæli Agnars Olsen frkv. stj. LV á fundi 1. mars 2006. Friðrik Sophusson hafi í ræðu 12. maí s.á lýst yfir því, að „yfirgnæfandi líkur“ væru á því, að kostnaður yrði innan áætlunar, þ.e. lægri en 85 milljarðar kr. að teknu tilliti til verðlagsbreytinga frá árslokum 2002. Kostnaðaráætlanir hafi því staðist og gott betur. Niðurstöður verksamninga hafi verið 5-6 milljörðum kr. undir áætlunum og heildarkostnaður við verkið hafi numið um og undir 80 milljörðum kr. m.v. verðlag í árslok 2002. Vatnsréttarhafar hafi engin úrræði til að sannreyna meintan kostnað við virkjunina og verði í þessu tilviki að styðjast við upplýsingar frá Landsvirkjun. Skorað hafi verið á LV að leggja fram sundurliðun stofnkostnaðar, einkum upphafskostnaðar, en þeirri áskorun hafi ekki verið sinnt. Í upphaflegum áætlunum hafi verið reiknað með, að stofnkostnaður yrði 41% í krónum, 48% í evrum, 8% í bandaríkjadöllum, um 3% í svissneskum frönskum. Hærri hluti kostnaðarins hafi að líkindum verið í erlendum myntum en gert hafi verið ráð fyrir í upphafi, m.a. vegna þess að mun fleiri erlendir verkamenn hafi unnið að verkefninu en upphaflega hafi verið áætlað. Styrking íslensku krónunnar frá 2003 hafi einnig haft gríðarleg áhrif til lækkunar á kostnaðarhluta virkjunarinnar. Fram komi á bls. 7 í eigendaskýrslunni, að gengi íslensku krónunnar hafi einmitt fyrst og fremst áhrif á arðsemishlutföll að því leyti sem það breyti hlutfalli milli stofnkostnaðar og tekna. Arðsemismat LV geri ráð fyrir, að gengisvísitala krónunnar verði 132,5 stig, gengi dollars 87,5 kr. en gengi evru 86,5 kr. Gengi svissnesks franka sé ekki getið, en í nóvember 2002 hafi gengi frankans verið 59,9 ísl. kr., samkvæmt heimasíðu Seðlabanka Íslands. Í forsendum Landsvirkjunar hafi verið reiknað með því, að 41% af stofnkostnaði yrði í íslenskum krónum en 59% í erlendri mynt.

Sé íslenski hlutinn uppfærður miðað við hækkun vísitölu neysluverðs og erlenda myntin miðuð við meðaltalsgengisskráningu á framkvæmdatímabilinu fáist núvirðing á áætluðum kostnaði sem nemi 94.804.790.606 kr., þar af 49.725.867.925 í erlendri mynt. Styrking íslensku krónunnar hafi leitt til þess, að hluti framkvæmdakostnaðar í erlendri mynt hafi lækkað umtalsvert.

Því séu *yfirgnæfandi líkur* fyrir því, að kostnaður við virkjunina verði á áætlun og ekki komi því til þess að nota þurfi varasjóðinn, sem sé 10-11 milljarðar. Líklegur raunkostnaður við virkjunina verði því 84,8 milljarðar. Inni í þeirri tölu sé áætlun LV um líklegar greiðslur fyrir vatnsréttindi.

Tekjur.

LV bendi á, að tekjur af raforkusöluinni ráðist verulega af þróun álverðs. Þannig sé álverð og þróun þess til langs tíma ein mikilvægasta forsenda arðsemismatsins. Álverð hafi hækkað verulega frá því LV vann sína áætlun, eins og Dr. Jón Þór Sturluson hagfræðingur

bendi á í skýrslu sinni. Verð á álftonni í framvirkum samningum hafi numið 2.550 US \$ í september 2007. Útreikningsforsendur LV hafi miðast við að álverðið yrði 1.564 US \$ í upphafi raforkusölu. Heimsmarkaðverð á álf hafi hinn 1. júní 2006 verið 2.565 US \$ tonnið. Nú sé með framvirkum samningum þegar hægt að tryggja álverð, sem muni verða um 63,0% hærra en upphaflegar áætlanir Landsvirkjunar hafi gert ráð fyrir. Á móti komi, að staða dollarans gagnvart íslensku krónunni sé lægri en áætlað var. Eðlilegt sé að miða við langtímastöðu bandaríkjadals og færa megi rök fyrir því að 87,5 kr./US \$, sé ekki óeðlilegt, þótt dalurinn sé nú mun veikari gagnvart íslenskri krónu.

Áður komi fram, að LV hafi reiknað með raforkuverði 1,81 kr. á kWst. m.v. verðlag 2002. Hækkun álverðs leiði a.m.k. til 33% hækkunar á einingaverðinu, sem þýði, að hver kWst. verði seld á 2,4 kr. Fyrir liggi, að samningur LV við Fjarðaál geri ráð fyrir sölu á 4.704 GWst. og áætlað sé, að öll sú orka fáiast að jafnaði úr Kárahnjúkavirkjun. Sé sú tala lögð til grundvallar, verði árstekjur virkjunarinnar kr. 11,3 milljarðar. Sé reiknað með 4.660 GWst raforkuframleiðslu á ári, eins og útreikningar LV geri ráð fyrir, verða árstekjur virkjunarinnar kr. 11,2 milljarðar. Matsnefnd eigi ekki annarra kosta vól en miða við hæsta mögulega raforkuverð fyrst LV hafi lagt bann við því, að matsnefnd og lögmenn málsaðila leggi raunverulegt raforkuverð til grundvallar, en leynd hafi verið aflétt gagnvart matsnefndinni undir rekstri málsins.

Gjöld.

Nýjustu áætlanir LV séu byggðar á því, að árlegur rekstrarkostnaður muni nema um 784 milljónum króna, sbr. endurskoðaða áætlun frá 23. ágúst 2006, þar af nemi kostnaður við mótvægisáðgerðir 141 milljón króna, sem sé óbreytt frá fyrri áætlunum. Þetta sé raunlækkun miðað við fyrstu áætlanir. Ljóst sé, að mjög stór hluti mótvægisáðgerða verði einungis unninn á fyrstu 10 árum virkjunarinnar. Vatnsréttarhafar krefjast þess, að LV leggi fram gögn, sem sýni hvernig þessi kostnaður hafi verið fundinn út. Einnig mótmæla vatnsréttarhafar því, að LV geti bæði afskrifað virkjunina á 63 árum og reiknað sér til gjalda umtalsverðar fjárhæðir í viðhald og endurbætur.

Vextir á lánsfé.

Landsvirkjun miði áætlanir sínar við það, að fjármagnskostnaður verði um 5,5% (nafnvextir) á lánsfé. Þessi tala sé lækkuð um ca. 1,8%, með vísan til PPI (framleiðendavísitölu í Bandaríkjunum), til að finna út raunvexti og byggt sé á því, að þeir séu 3,6%. Á bls. 5 í eigendaskýrslu sé bent á, að vextir á alþjóðamörkuðum séu mun lægri og tekið dæmi um, að LIBOR vextir til 6 mánaða í bandaríkjadöllum hafi verið 1,4%. Í sömu skýrslu komi einnig fram, að Landsvirkjun njóti sömu lánskjara og ríkissjóður Íslands. Engu að síður byggist útreikningar LV á því, að félagið þurfi að greiða 10 punkta álag á LIBOR, eða 0,1%, þrátt fyrir að hafa á árinu 2002 fengið lán á LIBOR kjörum og láns hæfismat félagsins verið hækkað eftir þá lántöku.

Á bls. 26 í ársreikningi LV fyrir árið 2005, komi fram að vaxtakostnaður af nýju lánsfé verði um 3,17% árið 2005. Árið 2004 hafi sami kostnaður verið 2,2%, sbr. bls. 30 í ársreikningi þess árs. Gera verði ráð fyrir, að átt sé við nafnvexti. Sjá megi á bls. 34 í ársskýrslu LV fyrir 2003, að LV hafi sett sér það markmið, að helmingur lána fyrirtækisins væri með föstum vöxtum, en á bls. 37 í sama riti sé tekið fram, að meðalnafnvextir hafi þá verið 3,5%, en vextir hafi verið frá 0,1% upp í 14,5%.

Vatnsréttarhafar fullyrða, að LV hafi tryggt sér lánsfé á miklu hagfelldari kjörum en áætlanir geri ráð fyrir. Þannig komi fram í ársreikningi LV vegna ársins 2005 (bls. 28), að meðalnafnvextir langtímalána hafi lækkað úr 4,0% í 3,5% á milli ársloka 2004 og 2005.

Vatnsréttarhöfum sé illmögulegt að sanna með fullri nákvæmni, hvaða kjör séu á lánunum LV. Engin rök mæli gegn því, að LV leggi fram upplýsingar um það.

Þá mótmæla vatnsréttarhafar því, að LV geri ráð fyrir 0,25% ábyrgðargjaldi sem þóknun til eigenda sinna. Fyrir liggir, að heildareignir LV í árslok 2005 hafi numið um 182 milljörðum króna og eigið fé 58 milljörðum.

Eigendur LV hafi gert með sér samkomulag, þar sem ávöxtunarkrafa fyrirtækisins sé skilgreind og skuli taka mið af þeirri áhættu, sem í rekstrinum felist og þeirri áhættu, sem eigandi taki með framlagi sínu og öðrum skuldbindingum. Inni í ávöxtunarkröfu eigenda sé því krafa um greiðslu fyrir ábyrgðarskyldu. LV tvítaki því þann kostnað með því að hafa hana inni í ávöxtunarkröfu eigin fjár og bæta henni við ávöxtunarkröfu lánsfjár. Vatnsréttarhafar telja því augljóst að lækka beri ávöxtunarkröfu lánsfjár um þetta hlutfall.

Af framansögðu leiði, að fjármagnskostnaður lánsfjár geti í raun ekki verið hærri en 1,6% að mati vatnsréttarhafa. LV hafi ekki orðið við þeirri áskorun að leggja fram gögn til sönnunar þeim vaxtakjörum, sem fyrirtækið njóti og byggji áætlanir sínar á. Á síðari stigum hafi LV lagt fram gögn, sem varði eitt smálán frá síðasta hausti (2006), eftir að aðstæður á alþjóðlegum lánamarkaði hafi versnað til muna.

Hlutfall lánsfjár.

Í arðsemisútreikningum LV sé reiknað með því að 75% af byggingarkostnaði verði fjármagnaður með lántöku. Á það sé bent í svokallaðri eigendaskýrslu, að vel geti verið að þetta hlutfall verði hærra. Vatnsréttarhafar telja mjög líklegt, að hagstætt umhverfi á alþjóðlegum lánamarkaði hafi leitt til þess, að LV hafi ákveðið að taka meira að láni en upphaflega var áætlað. Fram komi í ársreikningi LV fyrir árið 2005, að 28,6 milljarða kr. fjárfesting ársins 2005 hafi verið fjármögnuð með lántökum að fjárhæð 25,1 milljarðar kr. eða 87,7%, en árið áður hafi hlutfall lánsfjár verið 90,1% af heildarfjárfestingu.

Því sé hóflegt að miða við 85% fjármögnun með lántöku að mati vatnsréttareigenda.

Ávöxtunarkrafa eigin fjár.

LV miði við 11% ávöxtunarkröfu á eigið fé í forsendum sínum og virðist raun-ávöxtunarkrafan vera 9,6%. Vatnsréttarhafar mótmæla þessari ávöxtunarkröfu harðlega og telja hana ekki fá staðist. Í eigendaskýrslunni svonefndu komi fram, að eigendur félagsins geri

þá kröfu til LV, að ávöxtun eigin fjár sé 5-6% á ársgrundvelli. Í þeirri kröfu sé metin sú áhætta, sem reksturinn feli í sér. Starfsmenn LV geti ekki breytt þessum grundvallarforsendum. Við núvirðingu verkefnisins skipti miklu máli, hver ávöxtunarkrafan sé. Viðskiptaleg sjónarmið hafi ráðið mestu um þá ákvörðun að ráðast í gerð Kárahnjúkavirkjunar, enda sé staðreyndin sú, að enginn virkjunarkostur á landinu sé jafn hagkvæmur og Kárahnjúkavirkjun. LV hafi örugga raforkusölu í 40 ár til Fjarðarás hf., þar sem stór hluti (85%) raforkunnar sé tryggður. Að þeim tíma liðnum hafi LV náð að afskrifa allar fjárfestingar vegna verkefnisins, nema stíflumannvirki og mannvirki við aflstöðvar, en miðað við afskriftarreglur LV ættu þessar fjárfestingar að vera bókfærðar á 1/3 af byggingarkostnaði, sem núvirt miðað við 2,5% verðbólguþátt, jafngildi að verðmæti 12,4% af byggingarkostnaði. Rekstraröryggi verði vart meira.

Vatnsréttarhafar telja eðlilegt með vísan til allra framangreindra kosta, að ávöxtunarkrafa eigin fjár sé 5% í núvirðisútreikningi vegna verkefnisins.

Áður hafi verið sýnt fram á að hlutfall eigin fjár eigi að vera 15%.

Líftími.

Vatnsréttarhafar telja líftíma virkjunarinnar stórlega vanmetinn í arðsemisútreikningunum. Vatnsréttarhafar fullyrða, líkt og stjórnarformaður LV geri sjálfur, að líklegt sé að virkjunin verði í fullum afköstum í a.m.k. 200 ár.

Hrakvirði.

Vatnsréttarhafar telja fráleitt, að virkjunin verði einskis virði eftir 63 ár, eins og gert sé ráð fyrir í útreikningum LV. Þess sé krafist að miðað sé við 200 ár, sbr. umfjöllun um líftíma. Í eigendaskýrslu sé bent á, að verði verðmæti virkjunarinnar 50 milljarðar eftir 63 ár, þýði það ca. 2 milljarða hækkun á núvirði framkvæmdarinnar m.v. 5% ávöxtunarkröfu. Vatnsréttarhöfum þyki rétt að álykta, að verði þeirri fjárhæð árlega varið til viðhalds og endurbóta, sem áætlanir LV geri ráð fyrir, þá muni virkjunin endast í 200 ár. Eftir 63 ár sé einungis liðinn 31,5% af líftímanum. Verðmæti virkjunarinnar sé þá 68,5% af byggingarkostnaði, eða 74,3 milljarðar, samkvæmt forsendum LV, en 58,1 milljarður sé miðað við forsendur vatnsréttarhafa um stofnkostnað. Sé 5% ávöxtunarkrafa notuð til að finna núvirðið, þá þýða forsendur LV, að hrakvirði ætti að vera 3,4 milljarðar að núvirði. Forsendur vatnsréttarhafa leiða til þess, að núvirðing á hrakvirðinu ætti að nema tæpum 2,7 milljörðum.

Niðurstaða.

Vatnsréttarhafar telja sig hafa fært rök fyrir því að:

- 1) Eðlilegt gjald fyrir vatnsréttindi sé ekki lægri fjárhæð en núvirt virði framkvæmdarinnar, eftir að tekið hafi verið tillit til ávöxtunarkröfu LV.
- 2) Að einstakar forsendur í núvirðingunni séu rangar hjá LV.

Í eftirfarandi yfirliti gefi að líta samanburð á niðurstöðu Landsvirkjunar og vatnsréttarhafa (fjárhæðir Landsvirkjunar m.v. jan. 2006 en maí 2006 hjá vatnsréttarhöfum)

	Forsendur Landsvirkjunar	Forsendur vatnsréttarhafa
	Uppf. m.v. jan. 2006	Uppfært maí 2006
Stofnkostnaður	108,5 milljarðar	84,8 milljarðar
Tekjur á ári	ekki gefnar upp	11,3 milljarðar
Gjöld á ári	857 milljónir	857 milljónir
Vextir á lánsfé	3,6%	1,6%
Hlutfall lánsfjár	75%	85%
Ávöxtunarkrafa eigin fjár	9,6%	5%
Hlutfall eigin fjár	25%	15%
Líftími	63 ár	200 ár
Hrakvirði	0 kr.	2,7 milljarðar

Séu notaðar sömu viðurkenndu aðferðir og LV notar til núvirðingar, þá þýða hinar breyttu forsendur, að verðmæti framkvæmdarinnar, núvirt umfram ávöxtunarkröfu eigenda LV, nemi kr. 169.785.149.790 eða um 170 milljörðum króna. Ekki sé hér tekið tillit til ávinnings við Lagarfossvirkjun, sem vatnsréttarhafar telja rétt að meta á kr. 1.696.500.000, sbr. umfjöllun að framan um hlutfallsleiðina. Sé niðurstaða arðsemismats Lagarfossvirkjunar sambærilegt margfeldi hlutfallsleiðarinnar og hér hefur verið sýnt að gildi um Kárahnjúka-virkjun, ætti verðmæti vatnsréttinda vatnsréttarhafa við Jökulsá á Dal vegna Lagarfoss-virkjunar eftir þessari aðferðarfræði LV að nema 4,8 milljörðum kr. Engar forsendur eða upplýsingar liggja hins vegar fyrir til að meta verðmæti vatnsréttinda Jökulsár á Dal vegna Lagarfossvirkjunar á grundvelli arðsemisútreikninga og sé því enn skorað á LV að upplýsa þann þátt málsins. Yrði þessi núvirðingarleið LV valin, næmi fullt verð fyrir vatnsréttindin 174,5 milljörðum króna, en auðvelt væri að sýna fram á enn hærri tölu með rökstuddum hætti. Með vísan til rökstuðnings hér að framan, ætti öll þessi fjárhæð að koma í hlut vatnsréttarhafa, enda virkjunaraðili búinn að ná sínum arði, þegar talan kemst upp í 0 kr.

Núvirtur arður.

Að mati vatnsréttarhafa sé eðlilegra að finna arð virkjunarinnar, núvirða hann og skipta honum á milli LV og vatnsréttarhafa, heldur en að fara þá leið sem LV styðjist við. Mikilvægt sé að ítreka enn þau grunnsjónarmið, að nálgast verði málið út frá áskilnaði 72. gr. stjkskr. um fullar bætur og túlka allan vafa vatnsréttarhöfum í hag.

Um skiptingu milli aðila.

Ráða megi af málatilbúnaði LV, að núvirtum arði eigi að skipta þannig að í hlut vatnsréttarhafa komi 2-5%. Engin rök séu tilfærð fyrir þessari skiptingu. Í Noregi þekkist skipting arðs milli virkjunaraðila og vatnsréttarhafa, en þá sé jafnan skipt að jöfnu á milli vatnsréttarhafa og virkjunaraðila. Dr. Jón Þór Sturluson hagfræðingur telji þessa aðferð ágæta, enda sé ákveðið samhengi á milli heildartekna og hagnaðar. Vatnsréttarhafar líti svo á, að þessi leið sé um sumt sömu annmörkum háð og hreint núvirði, sem LV styðst við, en þó tvímælalaust mun heppilegri aðferð við mat á verðmæti vatnsréttinda heldur en sú, sem LV byggir á. Sú aðferð kann að hafa þótt heppileg við mat á því, hvort ráðast ætti í fjárfestingarkostinn.

Helstu forsendur vatnsréttarhafa.

Stofnkostnaður.

Stofnkostnað skal miða við 84,8 milljarða, eins og áður sé lýst. Ekki skuli horft til áhrifa stofnkostnaðar á sjóðstreymi, heldur sé honum deilt á 60 ár með jöfnum afskriftum til einföldunar og hrakvirði sé ekkert.

Tekjur.

Hér sé farin sú eðlilega og hóflega leið að miða við meðalheildsöluverð ársins 2005. Upphafsverð sé því 2 kr. á kWst., en lagt til grundvallar, að raforkuverð héraendis hækki um 1,2% á ári.

Gjöld.

Fjallað hafi verið um gjöld eða rekstrarkostnað og ítrekaðir séu þeir fyrirvarar og áskoranir sem þar komi fram

Hlutfall lánsfjár.

Miða skuli eiginfjárlutfall LV til verkefnisins við 15%, eins og áður sé lýst.

Ávöxtunarkrafa eigin fjár.

Ekki sé með nokkru móti hægt að rökstyðja hærri ávöxtunarkröfu en 6%. Með vísan til þess, að Kárahnjúkavirkjun sé hagkvæmasti virkjunarkostur í stöðunni á landinu og sjónarmiða 72. gr. stj.skr. um fullt verð, þyki í raun annað óverjandi en að nota 5% ávöxtunarkröfu.

Vísað sé til fyrri umfjöllunar varðandi hlutfall eigin fjár, líftíma virkjunarinnar og hrakvirði að loknum afskriftartíma.

Útfærsla aðalkröfu og nánari skýring krafna

Núvirtur arður Kárahnjúkavirkjunar, miðað við 25% eiginfjárlutfall og þær forsendur LV, sem áður sé vísað til, nemi 186.656.943.018 kr. eða um 186,6 milljörðum. Þá hafi allt lánsfé verið endurgreitt með vöxtum og virkjunin afskrifuð. Í lok þess tíma sé staðan sú, að LV sé eigandi vatnsréttindanna og þeirra tekna, sem þau skapa eftirleiðis. Ekki verði reynt að meta þetta til verðs, en augljóst sé, að LV fái þannig meira í sinn hlut en ef greitt væri 50% af arði sem leigugjald fyrir vatnsréttindin í 63 ár. Þá myndu vatnsréttarhafar áfram eiga

vatnsréttindi sín. Á þessu sé grundvallarmunur sem ætti að leiða til hækkunar, t.d. 25% hækkunar m.v. framkvæmd í Noregi.

Sé eigið fé ákveðið 15% í stað 25% en öðrum forsendum haldið óbreyttum, þá lækkar núvirði arðs um tæpa 2 milljarða, eða í rétt tæpa 185 milljarða, án þess að tillit sé tekið til Lagarfossvirkjunar. Sé niðurstöðunni aftur á móti breytt í réttu hlutfalli m.v. afl virkjananna, þá feli þessi aðferðarfræði í sér, að verðmæti núvirts arðs Lagarfossvirkjunar sé 5.275.087.520 eða um 5,3 milljarðar króna.

Heildarvirði núvirts arðs væri því um 191,9 milljarðar kr., sem ætti að skiptast jafnt á milli aðila, þannig að hlutur allra vatnsréttarhafa yrði rétt um 96 milljarðar.

Áður hafi verið sýnt fram á, að hlutur vatnsréttarhafa við Jökulsá á Dal vegna Kárahnjúkavirkjunar sé 83,7%. Hlutur sömu aðila vegna Lagarfossvirkjunar sé 100%. Heildarverðmæti núvirts arðs vegna vatnsréttinda vatnsréttarhafa við Jökulsá á Dal væri því samkvæmt þessari aðferðarfræði: $(186.656.932.018 \times 83,7\% + 5.275.087.520) \times 50\% = 80.753.469.800$, eða um 80,7 milljarðar króna.

Vatnsréttarhafar telja rétt, að þessi fjárhæð myndi aðalkröfu þeirra, þrátt fyrir að unnt sé að rökstyðja hærri tölu.

Um útreikning bóta eftir hestaflaleið.

Norðmenn hafi til skamms tíma miðað við hestöfl, þegar ákveða skyldi eignarnámsbætur fyrir vatnsréttindi. Reikniaðferð fyrir hestaflafjölda vatnsafls sé eftirfarandi:

$$13,3 \times Q \times H = \text{Hestöfl vatnsorku. } Q \text{ táknar meðalvatnsrennsli og } H \text{ fallhæð.}$$

Sé þessari reikningsaðferð beitt um Kárahnjúkavirkjun og þær forsendur gefnar, að fallið sé 625 metrar og vatnsmagnið 92,07 m³/sek verður niðurstaðan þessi: $13,3 \times 92,07 \text{ m}^3/\text{sek} \times 625 \text{ m} = 765.332$ hestöfl.

Meðalverð á hestafl í Noregi sé 214 nkr/ha., sbr. töflu í greinargerð Sigurðar Ingólfssonar um Verðbreytingar á vatnsréttindum. Miðað sé við 10 tilteknar virkjanir, sem reistar hafi verið á árunum 1980-2000. Að teknu tilliti til hækkunar leitnilínu og norskrar neysluvísitölu, sé verðið 369 nkr/ha, framreiknað til ársins 2006. Verðtölur á hestafl, skv. minnisblaði Statkraft séu án 25% álags, sem tíðkist að leggja ofan á greiðslur vegna eignarnáms. Gengi 2. júní 2006 var 11,815, sem samsvarar 4.360 kr/ha.

Þannig séu uppreiknuð verðmæti vatnsréttinda í Jökulsá á Dal þessi:

$$4.360 \text{ kr/ha} \times 765.332 \text{ ha} = 3.336.846.975 \text{ kr.}$$

Vatnsréttarhafa séu þeirrar skoðunar, að útreikningur á verðmæti vatnsréttinda m.v. verð á hestafl henti ekki við framsetningu við mat á eignarnámsbótum, enda feli það ekki að neinu leyti í sér endurspeglun á verðmyndun á vatnsréttindum á frjálsum markaði.

Um útreikning bóta skv. Blönduúrskurði.

Sé niðurstaða úrskurðar í Blöndumálinu yfirfærð yfir á Kárahnjúkaverkefnið verði útkoman 946.365.000 kr. Sigurður Ingólfsson verkfræðingur bendir á ýmsa vankanta þeirrar aðferðarfræði, sem Blöndusamningurinn er byggður á. Auk þess líta vatnsréttarhafar svo á, að

forsendur Blönduúrskurðarins séu beinlínis í ósamræmi við eignarnámsrétt. Þar hafi m.a. verið byggt á því, að stærð virkjunar virkaði til lækkunar á verðmætamat vatnsréttinda, sem líklega skýrist af því, að ekki hafi verið markaður fyrir raforku frá Blönduvirkjun í mörg ár frá upphafi rekstrartíma hennar. Þó ráði mestu við mat á verðmæti vatnsréttinda Blönduvirkjunar, að raforkuumhverfið hafi verið allt annað, þar sem engin frjáls verðmyndun hafi verið á vatnsréttindum.

Sérstök mótmæli í tilefni af fullyrðingum og málsástæðum Landsvirkjunar í greinargerð.

Varnaraðilar mótmæla öllum fullyrðingum LV um sérstöðu Kárahnjúkavirkjunar og einnig því, að skortur hafi verið á beinni eftirspurn eftir vatnsréttindum í Jökulsá á Dal eða getu annarra til að ráðast í virkjunarframkvæmdir. Í því sambandi sé bent á, að lögbundin eignarhöft hafi hvílt á vatnsréttindum í Jökulsá á Dal, sem hafi gert það að verkum, að engin eftirspurn skapaðist eftir réttindunum af hálfu annarra orkufyrirtækja, en það hafi gerst strax og rétt skilyrði mynduðust á árinu 2003. Mótmælt sé sjónarmiðum í greinargerð um að tengsl séu milli jarðaverðs á Fljótsdalshéraði og Jökuldal og verðmætis vatnsréttinda.

Um málskostnaðarkröfu.

Við ákvörðun málskostnaðar beri matsnefnd að líta til þess að hver og einn vatnsréttarhafi hafi gert sérstakan samning við Regula - lögmannsstofu. Því sé eðlileg málskostnaðarkrafa hvers jarðareiganda fyrir sig grunngjaldið, kr. 82.500, auk 15% af fyrstu 2.357.334, 7% af næstu 4.716.003 og 4% af því sem umfram er, allt auk virðisaukaskatts. Í viðbótargreinargerð Jökuldælinga sé gerð grein fyrir málskostnaðarkröfu hvers og eins jarðareiganda í Jökuldal, sem lögmennt Regula gæti hagsmuna fyrir. Lagt verði fram við munnlegan flutning málsins yfirlit yfir málskostnaðarkröfu hvers og eins, þar á meðal fjárhæð kröfu vegna lögmanns, annarra sérfræðinga og vegna útlagðs kostnaðar.

VIII.

Málsástæður eigenda vatnsréttinda í Fljótsdal og Suðurdal.

Aðrir varnaraðilar byggja á sömu málsástæðum og vatnsréttareigendur í Jökuldal. Vísast til framangreindrar umfjöllunar í því sambandi. Allir varnaraðilar hafna þeirri leið að miða verðmæti vatnsréttinda við hlutfall af stofnkostnaði, en telja allir sem einn eðlilegt og sanngjarnt að ákveða verðmæti vatnsréttinda sem hlutfall af brúttósöluverði raforku. Byggja þeir á því, að fullt verð fyrir vatnsréttindin liggja á bilinu 7-15% af brúttósöluverði raforku Fljótsdalsstöðvar og sé hærri hlutfallstalan nær lagi. Sjónarmið þeirra um núvirðisreikninga eru nokkuð breytileg og sveiflast frá 3,5%-5% ávöxtum, þ.e. margfeldisstuðli 28,5, m.v. 3,5% vexti en 20, m.v. 5% ávöxtun. Magn raforkusölu LV telja þeir vera á bilinu frá 4570 GWst á ári til 4.700 GWst. Að þeirra dómi sé þessi verðlagningaraðferð sú eina, sem talist geti gagnsæ, málefnaleg og áþreifanleg.

Eigendur vatnsréttinda í Jökulsá í Fljótsdal byggja á því, að þeirra hluti í heildarvatnsmagni, sem nýtt verði í Kárahnjúkavirkjun sé að lágmarki 17,47%, sbr. útreikning Magnúsar Sigurðssonar, sem áður er getið. Fram komi í minnisblaði Magnúsar Sigurðssonar frá 31. ágúst 2006, að veruleg rennslisaukning hafi átt sér stað í Jökulsá í Fljótsdal síðustu árin. Meðalrennsli árinna 1995 til 2004 sé þannig 27,16 m³/sek sem svari til 18,1% aukningar á innrennsli í Ufsarlón miðað við tímabilið frá 1950 til 2004. Taka verði enn fremur tillit til þessarar rennslisaukningar í Jökulsá í Fljótsdal við verðmætamat á vatnsréttindanna. Þeir benda einnig á í þessu sambandi, að áætlaður byggingakostnaður Fljótsdalsvirkjunar á hverja kWst á ári hafi verið mun lægri en Kárahnjúkavirkjunar (18,9 -20 kr./kWst á ári) og hlutdeild kostnaðar Jökulsárveitu (Jökulsár í Fljótsdal og Hraunaveitu) sé verulega minni en svari hlutfalli þeirra í heildarorkugetu Kárahnjúkavirkjunar.

Eigendur vatnsréttinda í Kelduá og Hraunaveitu byggja á því að þeirra hlutur skuli teljast 6,84%, sbr. útreikning Magnúsar Sigurðssonar og telja fráleitt að miða við hlutfallið 5,4%, eins og Jökuldælingar geri nú kröfu til. Vatnsréttareigendur í Kelduá og Jökulsá í Fljótsdal mótmæla því og telja af og frá, að 10. skilyrði umhverfissráðherra eigi að auka hlutdeild vatnsréttareiganda í Jökuldal á þeirra kostnað, eins og Jökuldælingar geri kröfu til, enda sé allsendis óljóst, hvort og hvenær reyni á þetta skilyrði. Horfa verði til vatnsréttinda Kárahnjúkavirkjunar sem heildar og miða við hlutfall innrennslis hvers vatnsfalls í þau miðlunarlón, sem myndist og nýtt verði sameiginlega. Ljóst sé, að Landsvirkjun fái afhent allt það vatn, sem renni í Kelduárlón og Ufsarlón með sama hætti og í Háslón og það sé Landsvirkjunar að meta og ákveða, hvort unnt sé að uppfylla skilyrði nr. 10.

Prestssetrasjóður mótmælir sérstaklega þeirri málsástæðu eigenda Brúar og Laugarvalla, að þeim beri stærra bótahlutfall en svari til vatnsbakkalengdar þeirra í Háslóni, á grundvelli þess að mun stærri og vatnsmeiri ár renni í vestanvert Háslón í landi Brúar og Laugarvalla. Vafalaust sé, að allar þessar jarðir áttu land að Jökulsá á Dal ofan Kárahnjúka, áður en Háslón varð til. Vatnsbakkalengd og miðlína árinna réði þá vatnsréttindum hvernjar jarðar þar efra. Einu gildi þá, hvort og hvar þverár hafi runnið í fljótið. Því hljóti sama regla að gilda eftir gerð Kárahnjúkastíflu og myndun Háslóns.

IX.

Niðurstaða.

Verkefni matsnefndar er skilgreint í 2. gr. 2. tl. samnings málsaðila frá 13. desember 2005. Þar segir, að matsnefndin skuli í fyrsta lagi ákveða umfang þeirra vatnsréttinda, sem vatnsréttareigendur láta Landsvirkjun í té. Í annan stað skal matsnefnd ákveða skiptingu vatnsréttinda milli vatnasvæða. Í þriðja lagi ber matsnefnd að ákveða verðmæti vatnsréttindanna og skiptingu þeirra milli vatnsréttarhafa. Loks skal matsnefndin ákveða málskostnað vatnsréttarhafa og þóknun nefndarmanna, sbr. 6. gr. samningsins.

Umfang framseldra vatnsréttinda.

Fyrst verður tekin afstaða til þess, hvert teljast skuli umfang þeirra vatnsréttinda, sem vatnsréttareigendur framseldu Landsvirkjun til Kárahnjúkavirkjunar með samningnum frá 13. desember 2005.

Eigendur vatnsréttinda í Jökulsá í Fljótsdal krefjast þess, eins og áður er lýst, að Landvirkjun yfirtaki öll orkunýtingarréttindi þeirra frá Ufsarlóni í 625 m.y.s. og niður að skurðsenda í Fljótsdal í 25,5 m.y.s. Í kröfu Fljótsdælinga felst það, að Landsvirkjun bæti þeim ekki aðeins þann hluta vatnsaflsins, sem nýtt mun verða til að knýja hverfla Fljótsdalsstöðvar, heldur einnig það vatn, sem fellur í farveg Jökulsár í Fljótsdal frá Ufsarlóni og sameinast vatni frá Fljótsdalsstöð í sama skurðsenda í Fljótsdal. Fljótsdælingar haldi eftir sem áður öðrum vatnsréttindum þessa straumvatns. Fljótsdælingar gera eftirfarandi grein fyrir þessu vatni

Jörð	Fallhæð	Vatnsmagn
Glúmstaðir I og II. Þjóðlendukrafa	392,19 m	2,8 m ³ /s
Glúmstaðasel	124,67 m	6,4 m ³ /s
Glúmstaðir I	34,49 m	7,6 m ³ /s
Glúmstaðir II	34,13 m	7,5 m ³ /s
Víðvellir I og II sameign	<u>3,79 m</u>	9,2 m ³ /s
Samtals	589,27 metrar	

Það sem á vantar fallhæðina frá Ufsarlóni að skurðsenda í Fljótsdal skýrist af falli fyrir landi Langhúsa, að sögn lögmanns Fljótsdælinga. Fallhæð og vatnsmagn miðast við neðri landamerki jarðanna.

Lögmaður Landsvirkjunar féllst á það, þegar málið var munnlega flutt, að matsnefnd mæti þessi réttindi sérstaklega, en taldi þau harla lítils virði.

Þessi krafa hefur ekki áhrif á skiptingu þeirra vatnsréttinda, sem nýtt verða til raforkuframleiðslu í Fljótsdalsstöð, heldur kemur hún sem sérstök viðbót við réttindi Fljótsdælinga.

Eigendur vatnsréttinda í Kelduá hafa ekki gert sambærilega kröfu. Þeir kröfðust þess aftur á móti við munnlegan flutning málsins, að bætur til þeirra skyldu miðast við hæð Kelduárlóns í 669 metra hæð í stað 625 m.y.s. sem er hæð Háslóns og Ufsarlóns. sem bætur eigenda vatnsréttinda í Jökulsá í Fljótsdal og Jökulsá á Brú miðast við. Lögmaður Landsvirkjunar samþykkti einnig þessa kröfu og lagði hana í mat matsnefndarinnar, en taldi þennan hæðarmun hafa óveruleg áhrif á verðmæti vatnsréttinda Kelduár.

Kröfur Landsvirkjunar, eins og þeim hefur verið breytt, lúta nú að því að fá afhent til ráðstöfunar allt vatnsmagn þeirra vatnsfalla, sem mynda Háslón, Kelduárlón og Ufsarlón. Einu gildi, hvort innrennsli í lónin minnki eða aukist í árunna rás, endurgjaldið verði ákveðið í eitt skipti fyrir öll. Vatnsréttareigendur eigi enga kröfu til þess, að vatni verði veitt um yfirfall eða botnlökur, né geti haft nokkur áhrif á miðlunaráform Landsvirkjunar. Matsnefndinni beri að skipta endurgjaldi fyrir þessi orkunýtingarréttindi hlutfallslega milli vatnsréttarhafa, þegar

skipting milli vatnsfalla hafi verið ákveðin, á grundvelli falls fyrir landi hvers og eins vatnsréttarhafa, án tillits til meðalrennslis. Vatnsréttarhafar í Jökuldal haldi orkunýtingarrétti sínum neðan Kárahnjúkastíflu, en eigi engan sjálfstæðan rétt til íhlutunar um miðlun og stýringu vatnsmagns Háslóns. Þeir skuli undirrita yfirlýsingu þess efnis, að þeir hafi þegið fullnaðargreiðslu vegna þeirra skerðingar á orkunýtingarréttindum, sem felst í virkjun árinna við Kárahnjúka, gerð Háslóns og tilhögunar Kárahnjúkastíflu. Vatnsréttarhöfum í Jökuldal sé einum heimil öll orkunýting í farvegi árinna neðan Kárahnjúkastíflu án takmarkana, m.a. á öllu yfirfallsvatni eða lekavatni, með þeim takmörkunum, sem af gerð Háslóns leiði.

Eigendur vatnsréttinda í Kelduá, Jökulsá í Fljótsdal og einnig Prestssetrasjóður, sem er eigandi vatnsréttinda í Jökulsá í Fljótsdal (Ufsarlóni) og hefur umráð yfir öllum eystri bakka Háslóns, hafa samþykkt kröfu Landsvirkjunar, hvað umfang framsals vatnsréttindanna varðar.

Vatnsréttarhafar í Jökuldal krefjast þess á hinn bóginn, að umfang vatnsréttinda, sem Landvirkjun fái afhent, skuli miðast við langtíma meðalrennslis Jökulsár á Dal, $92,07\text{m}^3/\text{sek}$, í samræmi við það meðalrennslis, sem LV þurfi nauðsynlega til beinnar orkunýtingar og til að uppfylla þau skilyrði, sem gildi um framkvæmd fyrirtækisins vegna Kárahnjúkavirkjunar.

Jökuldælingar byggja aðalkröfu sína á því, að eignarnám sé inngríp í eignarrétt borgaranna, sem sé stjórnarskrárvarinn réttur. Því verði að túlka mjög þröngt allar aðgerðir, sem feli í sér skerðingu eignarréttarins. Samkvæmt þeirra útreikningum, sem ekki hafi verið hnekk, hafi Landvirkjun ekki þörf fyrir meira vatnsmagn úr Háslóni en svari til $92,07\text{m}^3/\text{sek}$. og þar af leiðandi geti eignarnámið ekki náð til meira vatnsmagns, nema sérstök greiðsla komi til. Landvirkjun hafi ekki sinnt þeirri grundvallarskyldu að tilgreina nákvæmlega, hvaða kröfur fyrirtækið gerði, fyrir en á síðustu stigum málsmeðferðar fyrir matsnefnd. Ljóst sé, að verulegt umframmagn vatns verði fyrir hendi, þegar fullri vatnshæð Háslóns sé náð. Það vatnsmagn fari vaxandi á komandi árum af völdum gróðurhúsaáhrifa. Meðalrennslis við Kárahnjúkastíflu á árunum 1995 til og með 2005 hafi mælst $118,7\text{m}^3/\text{sek}$., sbr. mskj. nr. 47. Þetta umframmagn geti Landvirkjun hæglega nýtt sér án sérstakrar greiðslu, s.s. með virkjun yfirfalls, breikkun aðrennslisganga, með því að grafa önnur göng frá Háslóni, annað hvort niður í Jökuldal, Hrafnkelsdal eða Fljótsdal og virkjað það fall, sem þannig fengist. Því sé ljóst, að aðalkrafa vatnsréttareigenda sé sanngjörn og eðlileg. Ekki sé á vísan að róa, þegar eignarnámi sé beitt. Eignarnemi fái ekki alltaf það, sem hann hafi vænst. Fari svo, að eitthvert árið náist ekki nægilegt vatnsmagn verði svo að vera. Landvirkjun verði að bera þá áhættu.

Til vara krefjast Jökuldælingar þess, að umfang vatnsréttindanna skuli svara til þess vatnsrennslis, sem Landvirkjun geti á hverjum tíma nýtt til raforkuframleiðslu í aflstöð Kárahnjúkavirkjunar, en greiði í því tilviki 5% álag á umkrafðar bætur.

Matsnefndin lítur svo á, að Landsvirkjun sé nauðsynlegt að hafa full umráð og stjórn á öllu innrennsli í Háslón og ákvörðunarvald um það, hvernig því skuli miðlað milli vatnasviða og/eða veitt um yfirfall. Meðaltalsmagn gefur ákveðnar vísbendingar, en getur einnig reynst haldlítið. Alkunna er, að vatn gærdagsins nýtist illa næsta dag, nema til meðaltalsútreiknings.

Það er álit matsnefndar, að nauðsynlegt hefði verið að taka það ótvírætt fram í samningnum frá 13. desember 2005, ef ætlun samningsaðila hefði verið sú, að miða bætur við afhendingu fyrirfram ákveðins vatnsmagns. Einnig hefði verið óhjákvæmilegt að taka afstöðu til þess, með hvaða hætti skyldi staðið að uppgjöri, s.s. um greiðslufyrirkomulag, greiðslu fyrir hvern umframrúmmetra vatns eða skorti á afhendingu og önnur fyrirsjáanleg ágreiningsefni. Einnig verði að líta til þess í þessu sambandi, að vatnsréttareigendur að Jöklu hafa einir lagt þennan skilning í ákvæði samningsins frá 13. desember 2005. Þá þykir niðurlagsákvæði 2. gr. 1 í samningnum benda í sömu átt.

Víða í upphafsákvæðum samningsins frá 13. desember 2005 er að finna tilvísun til þess (formáli gr. G, gr. 1.1. gr. 1.3. gr. 2.1.), að vatnsréttarhafar láti af hendi vatn vegna Kárahnjúkavirkjunar. Þetta orðalag verður ekki skilið á annan veg, en átt sé við þá vatnsaflsvirkjun, sem nú er verið að reisa en ekki framkvæmdir, sem síðar kunni að verða ráðist í. Ef til þess kæmi yrði það tilefni nýrrar verðákvörðunar. Á hinn bóginn er jafnljóst, að Landsvirkjun er heimilt að varðveita og halda við þeim mannvirkjum og vélbúnaði, sem tilheyra Kárahnjúkavirkjun og fólst í byggingu hennar og endurnýja núverandi hverfla með öðrum aflmeiri, ef það þykir hagkvæmt og að öðru leyti nýta sér tækninýjungar til aukinnar framleiðni.

Niðurstaða matsnefndar er því sú, að umfang þess vatnsmagns, sem vatnsréttareigendur framselja Landsvirkjun með samningnum frá 13. desember 2005, skuli miðast við innrennsli í Kelduárlón (Hraunaveitu), Ufsarlón og Háslón og svara til þess vatnsrennslis, sem Landsvirkjun getur nýtt til raforkuframleiðslu á hverjum tíma í aflstöð Fljótsdalsstöðvar. Landsvirkjun skal ein hafa heimild til að stýra miðlun og ákveða úr hvaða uppistöðulónum miðlað sé vatni til aflvéla Fljótsdalsstöðvar.

Ekki er fallist á, að ákveða Jökuldælingum sérstaklega álag fyrir líklega aukningu vatnsmagns af völdum hlýnandi verðurfars.

Skipting bóta milli vatnasviða.

Að beiðni Landsvirkjunar lagði Magnús Sigurðsson mat á orkugetu þeirra þriggja vatnsfalla, sem nýtt munu verða til að knýja rafala Fljótsdalsstöðvar. Niðurstaða hans var eftirfarandi: Innrennsli Jökulsár á Dal í Háslón að frádregnum leka 80 Gl. 75,69%. Innrennsli Jökulsár í Fljótsdal í Ufsarlón, 17,47% og rennsli Hraunaveitu til Kelduárlóns, 6,84%, sbr. bréf, dags. 28. febr. 2006, mskj. nr. 12.

Geta ber þess, að í viðauka II við samninginn frá 13. desember 2005 segir, að miðað sé við að hlutfall í orkugetu sé eftirfarandi: Jökulsá á Dal 75,7%, Jökulsá í Fljótsdal 17,5%, og Hraunaveita 6,8%.

Jökuldælingar mótmæla, að þessum skiptihlutföllum verði beitt til að ákvarða skiptingu milli vatnasviða og telja sig eiga rétt til stærra hlutfalls bótafjárhæðar. Útreikningur Magnúsar Sigurðssonar sé reistur á röngum og misvísandi forsendum. Þeir benda á í fyrsta lagi, að útreikningurinn sé byggður á því, að innrennsli allra vatnsfalla nýtist jafnt, enda sé rennsli allra miðlað í sama kerfinu. Engu að síður, sé leki úr Háslóni dreginn að fullu frá hlut Jökuldælinga í stað þess að dragast hlutfallslega frá innrennsli allra vatnsfallanna, enda sé Háslón nýtt til sameiginlegrar miðlunar þeirra allra. Í öðru lagi telja Jökuldælingar augljóst, að miða eigi við meðalrennsli umræddra vatnsfalla um hverfla Fljótsdalsstöðvar. Skilyrði 10 í úrskurði umhverfissráðherra um mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar feli það í sér, að auka verði rennsli úr Háslóni í júlí og ágústmánuðum, sem svari til þess vatns, sem veitt verður í farvegi Jökulsár í Fljótsdal og Kelduár. Útreikningur Magnúsar Sigurðssonar miðist við innrennsli í framangreind lón, en ekki það vatnsmagn, sem nýtt verði til rafmagnsframleiðslu í Fljótsdalsstöð, sem sé hin eina rétta viðmiðun. Sé það gert verði skiping vatnsréttindanna þessi:

Jökulsá á Dal, 83,7% og er þá byggt á því að 80 GL leki Háslóns komi allur fram í rennsli árinna neðan lónsins.

Jökulsá í Fljótsdal, 10,9%

Kelduá, 5,4%.

Jökuldælingar krefjast þessa skiptihlutfalls að lágmarki.

Afstaða matsnefndar.

Lekavandamál.

Matsnefnd lítur svo á, að leki úr Háslóni skuli teljast sameiginlegt vandamál allra vatnsréttareigenda óháð því, hvaða á rennur um þeirra dal. Líta verður heildstætt á Kárahnjúkaverkefnið. Háslón og miðlun úr því, er hluti þess risaverkefnis, sem Kárahnjúkavirkjun er á íslenskan mælikvarða. Lekavandamál eru oftast en ekki málamiðlun milli kostnaðar og virkni. Líklegt má telja, að Landsvirkjun hafi átt þess kost, að minnka þennan leka verulega með kostnaðarsömum aðgerðum, en hafi kosið að gera það ekki, þar sem lekinn hefði sáralítill áhrif á vatnsbúskap og virkni verkefnisins. Ósanngjarnt væri, ef eigendur vatnsréttinda Jökulsár á Dal ættu einir að bera hallann af þessum leka, sem verður að teljast óverulegur í hlutfalli við vatnsmagn Háslóns. Sé litið fram hjá lekanum breytist skiptihlutfall milli vatnsfalla þannig: Jökulsá á Dal 76,15%, Jökulsá í Fljótsdal 17,14%, Kelduá 6,71%. Byggt er á tölum í bréfi Magnúsar Sigurðssonar, dags. 28. febr. 2006, mskj. nr. 12.

Áhrif skilyrðis umhverfissráðherra nr. 10.

Skilyrðið hljóðar svo til upprifjunar: „*Framkvæmdaraðili nýti yfirfallsvatn á skipulegan hátt á ferðamannatíma og leitist við að ná meðalrennsli í farveg Jökulsár í Fljótsdal og Kelduár í júlí og ágúst í góðum vatnsárum. Í lakari vatnsárum skal framkvæmdaraðili leggja*

áherslu á að hafa rennsli á ferðamannatíma í farvegi Jökulsár í Fljótsdal og síðan í Kelduá eftir því sem yfirfallsvatn dugar til.”

Það er álit matsnefndar, að einnig hér beri að líta heildstætt á þær takmarkanir, sem skilyrði nr. 10 setur Kárahnjúkaverkefninu öllu. Sú takmörkun, sem sett er í skilyrðinu, varðar alla framkvæmdina og réði úrslitum um það, reyndar eins og hvert og eitt skilyrðanna 20, sem sett voru, hvort Kárahnjúkaverkefnið yrði að veruleika. Sé horft til orðalags skilyrðisins, er ekki ljóst, hvað í því felst, s.s. hvernig beri að túlka orðalagið um að nýta yfirfallsvatn á skipulegan hátt á ferðamannatíma og ná meðalrennsli í júlí og ágúst í góðum vatnsárum. Óljóst er hér, við hvaða ár miða skuli meðalrennslið og einnig hvort miða skuli við meðalrennsli umræddra mánuða og þá í góðu eða slæmu vatnsári eða hvort beri að miða við meðalrennsli ársins. Einnig hvort átt sé við meðalrennsli allan sólarhringinn, eða aðeins, þegar dagsbirtu nýtur (ferðamannasýn), en skilyrðið er sett til að þjóna ferðamönnum. Í góðum vatnsárum má ná fram meðalrennsli í farvegum ána beggja, án þess að skerða að nokkru rennsli þeirra um hverfla Fljótsdalsstöðvar. Þá liggur ekki fyrir hvað telja skuli slæm vatnsár né heldur hvenær komi í ljós, hvort ár er gott eða slæmt í þessu tilliti?

Í umræddu skilyrði eru svo margir óvissuþættir, að ekki verður í það ráðið með nokkurri vissu, hvernig með skuli fara. Ljóst er þó, að Landsvirkjun ber að leitast við að hafa eðlilegt vatnsmagn í farvegum umræddra vatnsfalla á ferðamannatíma, án þess að stefna í hættu miðlunargetu virkjunarinnar.

Matsnefnd hafnar því kröfu Jökuldælinga um að í þeirra hlut af bótum skuli koma 83,7% og ákveður þess í stað að miða skuli við fyrirnefndan skiptagrundvöll, þ.e. að í hlut vatnsréttareigenda Jökulsár á Dal komi 76,15%, eigenda Jökulsár í Fljótsdal 17,14%, en eigenda Kelduár 6,71%. Þau vatnsréttindi sem skiptast í framangreindum hlutföllum eru eftirleiðis nefnd *grunnréttindi* til aðgreiningar vatnsréttindum sem bætast sérgreint eftir svæðum til hluta vatnsréttarhafanna.

Bætur til vatnsréttareigenda fyrir framsal á orkunýtingarrétti þeirra til Landsvirkjunar.

Meginverkefni matsnefndar er að ákvarða vatnsréttareigendum bætur fyrir þau vatnsréttindi, sem þeir láta Landsvirkjun í té til raforkuvinnslu í Fljótsdalsstöð.

Í gr. 4.6. í samningi aðila frá 13. desember 2005 segir, að matsnefnd skuli við mat sitt byggja á almennum reglum um eignarnámsbætur, raforkulögum og lagareglum um eignarnám á sviði vatnamála. Málsaðilar eru í meginatriðum sammála um þau lagaákvæði, sem matsnefnd beri að fylgja í störfum sínum, en líta það ólíkum augum, hvernig beri að túlka þau, einkum ákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar um fullt verð. Visast til fyrri umfjöllunar um það efni.

Sú meginregla gildir við ákvörðun eignarnámsbóta, að eignarnámsþoli á kröfu til þess að fá bætt fjárhagslegt tjón sitt. Bætur miðast við tjón eignarnámsþolans en ekki þann ávinning sem eignarneminn kann að öðlast við eignarnámið. Í eignarnámsrétti er einkum litið

til eftirfarandi sjónarmiða við ákvörðun á verði hins eignarnumda. Í fyrsta lagi er stuðst við gangverð eignarinnar sé því til að dreifa. Í annan stað er horft til notagildis eignarinnar, þ.e. þess arðs, sem eignin skilar eða getur skilað eiganda sínum. Í þriðja lagi er litið til enduröflunarkostnaðar, þ.e. kostnaðar við útvegum sambærilegrar eignar í stað hins eignarnumda. Ber að miða við þann mælikvarðann, sem hæst verð gefur. Aðilar eru sammála um, að síðasttalið sjónarmið um enduröflunarkostnað, eigi ekki við í því tilviki, sem hér um ræðir.

Reginmunur er á verðhugmyndum málsaðila. Eins og fyrr segir krefjast eigendur vatnsréttinda í Jökulsá á Dal þess aðallega, að fullt verð vatnsréttinda allra vatnsfalla, sem tekin verða til beinnar nýtingar í Fljótsdalsstöð, verði ákveðið 93.330.000.000 kr., sem skiptist hlutfallslega á alla vatnsréttarhafa í samræmi við umfang vatnsréttinda, sem látin voru af hendi. Auk þess verði vatnsréttareigendum í Jökuldal metnar bætur vegna stækkunar Lagarfljótsvirkjunar, sem aukið vatnsmagn í Lagarfljóti geri mögulega. Þær bætur skuli nema 2.640.000.000 kr. og skiptast á alla vatnsréttareigendur Jökulsár á Dal. Varakrafan nemur 60 milljörðum króna að viðbættum bótum, sem renni óskiptar til Jökuldælinga vegna stækkunar Lagarfljótsvirkjunar að fjárhæð 1.696.500.000 kr.

Aðalkrafa Jökuldælinga svarar til u.þ.b. 50% hærrí fjárhæðar, en nam eigin fé Landsvirkjunar í árslok 2006, samkvæmt framlögðum ársreikningi, en varakrafan til matsverðs, sem lagt var til grundvallar við kaup ríkisins á eignarhluta Reykjavíkurborgar og Akureyrarkaupstaðar í Landsvirkjun á síðastliðnu ári.

Bótakröfur eigenda vatnsréttinda í Jökulsá í Fljótsdal og Kelduá eru mun lægri. Vísast til fyrri umfjöllunar um kröfur vatnsréttareigenda og þær málsástæður og lagarök, sem liggja að baki þeim.

Landsvirkjun taldi við upphaf málsins heildarverðmæti vatnsréttindanna nema á bilinu 150 til 375 milljónir króna, sbr. greinargerð á mskj. nr. 9, en upplýsti undir rekstri þess, að í kostnaðarááætlun hefði af varúðarástæðum verið gert ráð fyrir bótum til vatnsréttareigenda að fjárhæð 700 milljónir króna og hefði verið höfð hliðsjón af úrskurði í Blöndumálinu við þá áætlun.

Eins og áður er lýst byggjast kröfur Jökuldælinga og reyndar annarra varnaraðila á því að miða beri bætur við hlutfall af árlegum brúttótekjum Landsvirkjunar af rekstri Kárahnjúkavirkjunar (7-15%). Framtíðartekjurnar eru núvirtar til eingreiðslu með afvöxtun, þar sem breytilegir vextir eru notaðir. Varnaraðilar vísa til þess að tíðkast hafi í Noregi og einnig á Íslandi í seinni tíð að meta vatnsréttindi með hliðsjón af líklegu gangverði í sölu á almennum markaði. Einnig beri að taka tillit til þess, hvernig réttindin verði best og hagkvæmast nýtt með þekktri tækni á hverjum tíma, fremur en að horfa til nýtingar sem eignarnemi fyrirhugar. Vatnsréttarhafar telja, að 15% hlutfall af heildsöluverði raforku sé hófleg viðmiðun með vísan til þess, að Kárahnjúkavirkjun sé afar hagstæður virkjunarkostur. Þeir benda á, að nýtt umhverfi hafi skapast á raforkumarkaði við setningu raforkulaga nr. 65/2003. Áður hafi ríkt einokun ríkisins á raforkumarkaði, en nokkur raforkuver hafi verið

byggð eftir að starfræksla raforkuvera var gefin frjáls, sem gefi tóninn fyrir nýja verðmyndunar- og samkeppnishugsun.

Málsástæðum og hugmyndum varnaraðila hafa áður verið gerð ítarleg skil og vísast til fyrri umfjöllunar.

Matsnefndin lítur svo á, að ekki liggi fyrir nein gögn, sem sýni hvert hafi verið markaðsverð vatnsréttindanna fram til þess tímamarks, sem réttindin fluttust til eignarnema samkvæmt grein 2.1, sbr. grein 9 í samningi aðila. Fyrir liggur, að vatnsréttindin eru ekki sérgreind til verðmætis í fasteignamati þeirra jarða, sem í hlut eiga. Engum sölusamningum mun vera til að dreifa um jarðir á því svæði, sem um ræðir, þar sem verðmæti vatnsréttindanna er tilgreint í viðskiptum. Verður ekki séð að nein merki finnist um, að vatnsréttindi, sem nýtt eru við Kárahnjúkavirkjun, hafi verið verðlögð í frjálsum samningum.

Matsnefndin telur, að ekki sé unnt að horfa til verðlagningar vatnsréttinda í samningum tengdum þeim fáu smávirkjunum, sem varnaraðilar nefna til sögunnar, þegar kemur að ákvörðun um verðmæti vatnsréttinda, sem nýtast við Kárahnjúkavirkjun. Um tvo ólíka heima er að ræða. Annars vegar nokkrar virkjanir, flestar örsmáar, þar sem skilyrði eru til þess að selja framleiðsluna á innlendum raforkumarkaði. Smávirkjanir tengjast dreifikerfi í heimabyggð og samningur við dreifiveitu eða flutningsfyrirtækið, sbr. 3. mgr. 5. gr. raforkulaga, skal liggja fyrir, þegar sótt er um virkjunarleyfi til ráðherra.

Hins vegar er um að ræða stórvirkjun, sem að óbreyttu hefur engar forsendur til þess að dreifa framleiðslu sinni á innlendum markaði, heldur er háð því, að stórkaupandi komi á fót starfsemi hér á landi til nýtingar raforkunnar eða skilyrði skapist til þess að flytja orkuna á erlendan markað. Ekki hefur verið sýnt fram á að síðari kosturinn sé hagkvæmur, a.m.k. ekki á þeim tíma, sem hér skiptir máli og óvíst er hvort eða hvenær slíkt kynni að verða arðsamt.

Forsendur Kárahnjúkavirkunar tengjast því álframleiðslu eða annarri orkufrekri starfsemi, þar sem rafmagnsverð þarf að vera samkeppnishæft við verð, sem býðst annars staðar í heiminum.

Samningur Orkuveitu Reykjavíkur (OR) um raforkuverð til fyrirhugaðrar álbræðslu í Helguvík frá júníbyrjun sl. er nærtækt dæmi um mismun á innlendum raforkumarkaði og þeim samkeppnismarkaði, sem álframleiðslan starfar á. Umsamið verð til fyrirhugaðrar álbræðslu nemur nú um 2,1 kr. á kWst, en til garðyrkjubænda 4 kr., samkvæmt frétt í dagblöðum 7. júní sl. Forstjóri OR lýsti því yfir í fréttaviðtali, að umsamið verð til álbræðslu væri tengt gengi bandaríkadals og heimsmarkaðsverði á áli og myndi einhvern tímann á samningstímanum nema 2,1 kr. á kWst.

Meðal gagna málsins er bréf iðnaðarráðuneytisins frá 7. mars sl. (mskj. nr. 84). Þar er lýst þrautagöngu íslenskra stjórnvalda til að fá erlenda fjárfesta til að festa fé hér á landi í orkufrekum iðnaði á árunum 1988 til ársins 2003, er raforkulögin tóku gildi. Árangur náðist 1995, þegar Alusuisse dróst á að auka framleiðslugetu álversins í Straumsvík um 62.000 tonn fyrir tilmæli íslenskra stjórnvalda. Nokkru síðar tókust samningar við Columbia Ventures

Company um kaup á álverksmiðju, sem íslensk stjórnvöld höfðu keypt á árinu 1994 og látið endurhanna. Álverksmiðja með 60.000 tonna afkastagetu var reist á Grundartanga í kjölfarið, sem tók til starfa um mitt ár 1998. Á allra síðustu árum hafa mál skipast á annan veg. Mikil eftirspurn hefur skapast hjá erlendum aðilum, sem vilja fjárfesta hér á landi í áliðnaði. Er svo komið að mörgum þykir nóg um. Einnig hafa aðrir stórnotendur raforku sýnt íslenskum aðstæðum áhuga.

Að áliti matsnefndar ber við mat á verðmæti vatnsréttinda varnaraðila að líta til aðstæðna í aðdraganda þess, að samið var við Alcoa-Fjarðarál hf. um kaup á raforku til álvinnslu á Reyðarfirði. Á árinu 1997 hófust viðræður Markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar (eftirleiðis MIL) við Hydro Aluminium AS, dótturfélag Norsk Hydro, sem lutu að því, að dótturfélagið kannaði möguleika þess að ráðast í byggingu og rekstur álverksmiðju hér á landi. Álverinu var valinn staður að Hrauni í Reyðarfirði, eftir að nokkrir staðir höfðu verið kannaðir. Undirbúningsfélagið Reyðarál hf. var stofnað á árinu 2000 og skyldi það verða framkvæmdaraðili og eigandi fyrirhugaðs álvers. Að félaginu stóðu auk Hydro Aluminium AS félagið Hæfi hf., sem nokkrir fjársterkir íslenskir aðilar áttu. Álverksmiðjan átti að framleiða 360-420 þúsund tonn áls á ári. Sótt var um að reisa 690 MW virkjun, sem byggð skyldi í tveimur áföngum. Hún hlaut síðan nafnið Kárahnjúkavirkjun. Eins og áður er lýst hafnaði skipulagsstofnun byggingu Kárahnjúkavirkjunar með úrskurði í ágúst 2001, sem ráðherra ógilti með úrskurði í desember s.á. en setti 20 skilyrði, sem uppfylla skyldi. Samningaferlið var á lokastigi í desember s.á. og átti þá aðeins eftir að reka endahnúttinn á samningaferlið með formlegum hætti. Í mars 2002 ákvað Norsk Hydro einhliða í annað sinn á viðræðutímanum að fara fram á frestun á byggingu álvers á Reyðarfirði um óákveðinn tíma vegna fjárfestinga félagsins í Þýskalandi, sem þóttu álitlegri kostur. Mikil og kostnaðarsöm rannsóknar- og undirbúningsvinna hafði þá staðið yfir í fjölmörg ár og því varð það niðurstaða íslenskra stjórnvalda að slíta samningaviðræðum við Norsk Hydro og leita eftir samstarfi við aðra álframleiðendur um byggingu álvers í Reyðarfirði væri þess kostur. Stuttu síðar komst á samband sóknaraðila við Alcoa, sem leiddi til sameiginlegrar aðgerðaráætlunar milli MIL og Alcoa hinn 19. apríl 2002 með það fyrir augum, að Alcoa yfirtæki verkefnið. Hlutirnir gerðust síðan hratt, enda var verkið þá nánast fullhannað og öll leyfi frá stjórnvöldum lágu fyrir. Lokasamningur aðila var undirritaður hinn 15. mars 2003. Samningur Landsvirkjunar og Alcoa-Fjarðarál um raforkuviðskipti var til 40 ára með endurskoðunarrétti eftir 20 ár, eins og áður er getið. Þessi langi samningstími var báðum samningsaðilum nauðsynlegur vegna þeirra gríðarlegu fjárfestinga, sem ráðast þurfti í. Bjarni Bjarnason, formaður samninganefndar Landsvirkjunar við Alcoa, upplýsti nefndina um það, að raforkuverð til Alcoa væri í meginatriðum það sama og náðst hafði í samningum við Norsk Hydro, enda yfirtók fyrrnefnda félagið samning Norsk Hydro við stjórnvöld nánast óbreyttan.

Það liggur fyrir, að Kárahnjúkavirkjun var sérhönnuð fyrir álverið á Reyðarfirði. Bygging álverksmiðju á Reyðarfirði og framkvæmdin við Kárahnjúka héldust í hendur og

hvorug fjárfestingin gat án hinnar verið. Á sama hátt og Kárahnjúkavirkjun var forsenda fyrir byggingu álvers á Reyðarfirði var álverið forsenda fyrir gerð virkjunarinnar.

Breytingin á rekstrarumhverfi raforkuvera, sem varð við gildistöku raforkulaga á árinu 2003, náði aðeins til innanlandsmarkaðar, enda var sá einn tilgangur laganna að virkja innlenda samkeppni á raforkumarkaði. Eftir sem áður var landið eyland í raforkusölu og verður svo, þar til tenging næst um sæstreng eða sæstrengi við Evrópu, verði það einhvern tímann að veruleika. Landið er á hinn bóginn í harðri samkeppni á heimsvísu um raforkusölu til stóriðju. Augljóst er, að erlendir stórnotendur raforku festa því aðeins fé hér á landi sjái þeir sér hag í því. Sá hagur telst fyrst og fremst samkeppnishæft raforkuverð og e.t.v. einnig öruggt rekstrarumhverfi. Landið liggur hins vegar langt frá hráefnum til álframleiðslu. Ekki verður farið fleiri orðum um þann mun, sem er á raforkumarkaði til stóriðju annars vegar og hins vegar til almennra nota, svo augljós er sá mismunur. Rétt er þó að vekja athygli á því, þessu til sérstakrar áréttingar, að orkugeta Kárahnjúkavirkjunar svarar til ætlaðrar 60 ára raforkuaukningar almenna markaðarins. Almenni markaðurinn nýtir nú um 3000 GWst á ári eftir því sem næst einnar aldar rafvæðingu, en orkugeta Kárahnjúkavirkjunar er a.m.k. 4.600 GWst á ári. Ljóst er því, að almenni markaðurinn myndi aldrei geta tekið við framleiðslugetu Kárahnjúkavirkjunar, ef vanefndir yrðu af hálfu Alcoa-Fjarðaráls hf. á raforkukaupum.

Varnaraðilar telja enn fremur að líta beri til Noregs við ákvörðun á verði fyrir vatnsréttindi Kárahnjúkavirkjunar, enda séu aðstæður þar og hér á landi samanburðarhæfar og Norðmenn byggi á aldargömlum grunni á þessu sviði. Vísast enn til fyrri reifunar um sjónarmið og rökstuðning varnaraðila að þessu leyti. Varnaraðilar vísa einkum til dóms, sem gekk í héraðsdómi Kristianssand 30. júní 2005. Um er að ræða vatnsréttindi í smáa (10 MW), þar sem aðstæður voru mjög hagstæðar, m.a. virðist miðlun hafa verið fyrir hendi. Niðurstaða dómsins sýnist vera nýmæli og hefur honum verið áfrýjað.

Matsnefnd telur aðstæður í Noregi vera gjörólíkar íslenskum aðstæðum. Raforkukerfi Noregs er til að mynda tengt við raforkukerfi nágrannalandanna og þar með Evrópu. Því er raforkuþörf markaðarins nær ótakmörkuð. Í minnisblaði Friðriks Mús Baldurssonar, mskj. 45 L, segir m.a. „*Raunar er það þannig að stóriðja í Noregi á orðið erfitt um vik sökum þess að verð á almennum raforkumarkaði er orðið mun hærra en í þeim löndum sem nú keppa um sölu á raforku til stóriðju. Þarna liggja ýmsar ástæður að baki, en fyrir utan slök vatnsár í Noregi þá má nefna að verð á gasi og CO₂ heimildum í Þýskalandi og öðrum Evrópuríkjum hefur áhrif á raforkuverð til hækkunar, þessar hækkunir valda síðan hækkunum í Noregi og á öðrum norrænum mörkuðum.*“

Önnur gögn málsins styðja það, að fordæmi verði ekki sótt til Noregs. Þar er vatnsorka nánast fullnýtt, og þau óvirkjuðu vatnsföll, sem eitthvað kveður að, verða það áfram af nátturuverndarástæðum. Þessar aðstæður leiða til þess, að verð vatnsréttinda í þeim ám, sem leyft er að virkja, verður hærra fyrir vikið.

Það er því niðurstaða matsnefndar, að fordæmi verði ekki sótt til norsks raforku-umhverfis.

Ákvörðunin um fullt verð samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar hlýtur ávallt að vera háð mati, þegar gangverði viðkomandi hagsmuna er ekki til að dreifa. Notagildi þeirra fallréttinda, sem hér er um að ræða, er bundið við virkjun þeirra til raforkuvinnslu. Ekki hefur verið sýnt fram á, að varnaraðilar hafi haft sérstakan arð eða önnur not af fallréttindum sínum til þessa.

Matsnefndin telur notagildi fallréttindanna bundið við, að einhver fái til að virkja þau, ella eru þau verðlaus. Því vinna hagsmunir málsaðila saman að þessu leyti. Engin virkjun án vatns og engin verðmæti án virkjunar.

Því má velta fyrir sér, hvaða verðmæti felist í ónýttum vatnsréttindunum í höndum vatnsréttarhafa, og/eða hver önnur úrræði þeir hafi átt til að koma þeim í verð, ef Alcoa hefði ekki komið til sögunnar. Ekkert liggur fyrir um það, að hærra verð fengist nú eða síðar, þótt markaðsaðstæður séu nú hagstæðari en þær voru fyrri hluta árs 2002. Á móti kemur að viðhorf til náttúruverndar hafa breyst og orðið vatnsaflsvirkjunum andhverf. Ekki er sjálfgefið að eign í ónýttum vatnsréttindum svari til bankainnistæðu, sem vaxi eftir því sem tíminn líður. Eigendur vatnsréttinda Jökulsár á Fjöllum, hverjir sem þeir eru, safna ekki í sjóði, þótt virkjun árinna sé með hagstæðustu virkjunarkostum hérlendis.

Samningur Landsvirkjunar og Alcoa-Fjarðaráls hf. er gerður af aðilum, sem báðir hafa yfirgripsmikla þekkingu á viðkomandi viðskiptasviði og hljóta báðir að hafa talið samninginn sér hagstæðan eða a.m.k. viðunandi. Óvíst er, hvort einhver annar aðili hefði verið reiðubúinn til að greiða hærra raforkuverð. Hann var a.m.k. ekki tiltækur, þegar á þurfti að halda.

Ljóst er, að Norsk Hydro taldi eftirsóknarverðara að festa fé í öðru en álverksmiðju á Reyðarfirði einhverra hluta vegna.

Sóknaraðili hefur byggt á því að lækka beri bætur vegna ýmiss ávinnings, sem varnaraðilar hafi haft af framkvæmdum í tengslum við Kárahnjúkavirkjun.

Matsnefnd fellst ekki á, að neinn sérhagur hafi myndast hjá varnaraðilum vegna framkvæmdarinnar, sem leiða eigi til lækkunar bóta.

Matsnefnd hafnar þeirri málsástæðu varnaraðila, að þar sem eignarnámsbætur séu skattlagðar sem atvinnutekjur beri að hækka bæturnar til að fullnægja skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar um fullt verð.

Í 22. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt segir, að eignarnámsbætur skuli skattleggja sem söluhagnað eða með 10% af mismuni eignarnámsbóta og stofnkostnaðar, sbr. og 66. gr. sömu laga. Það athugist í þessu sambandi, að 3. mgr. 15. gr. tekjuskattslaga veitir skattþegn kost á vali um að telja helming söluverðs til skattskyldra tekna í stað söluhagnaðar.

Hér að framan hefur verið lýst ýmsum aðferðum, sem málsaðilar hafa talið koma til álita að beitt verði við ákvörðun á verðmæti vatnsréttinda varnaraðila. Má sem dæmi nefna til upprifjunar; mishátt hlutfall af brúttóheildsöluverði raforku, ýmist til stóriðju, eða almennra

nota; hlutfall af núvirtum arði; hlutfall af byggingarkostnaði; aðferð Lofts Þorsteinssonar, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 388/2005; margfeldi af kostnaði við öflun hvers MW; norsku hestaflaregluna um virkjanir stærri en 10 MW o.fl.

Matsnefndin telur nærtækast að horfa til þeirra fordæma, sem fyrri matsgerðir veita, við ákvörðun á verði vatnsréttinda varnaraðila, einkum matsgerðar, sem lýtur að virkjun Blöndu, sem bæði er næst í tíma og líkust Kárahnjúkavirkjun, hvað stærð snertir. Að mati nefndarinnar hefur gildistaka raforkulaga á árinu 2003 ekki breytt fordæmisgildi Blönduúrskurðarins um verðmæti fallréttindanna, sem þar voru nýtt, enda mótast raforkuverð til stóriðju ekki af innlendri samkeppni, eins og áður er rakið. Þar ríkja önnur lögmál, s.s. heimsmarkaðsverð á áli.

Í úrskurði í Blöndumálinu var niðurstaðan byggð á ýmsum sjónarmiðum, án þess að fram komi vægi hvers þáttar um sig. Höfð var hliðsjón af fyrri matsgerðum; verðlagningar-sjónarmiðum fallvatnsréttinda í Noregi, þar sem ekki væri útilokað að til þess kæmi, að raforka yrði flutt út um sæstreng; stofnkostnaði, hagkvæmni virkjunar var talin til hækkunar bóta, en stærð hennar og afkastageta til lækkunar þeirra. Einnig var talið, að hagræði vatnsréttarhafa af eingreiðslu hefði áhrif á upphæð bóta til lækkunar. Fram kemur í forsendum úrskurðarins, að eðlilegt og sanngjarnt hlutfall verði að vera milli verðs vatnsréttinda annars vegar og stofnkostnaðar hins vegar. Í úrskurðinum var því hafnað að taka bæri tillit til takmarkana á heimildum vatnsréttareigenda til virkjunar í þágildandi lögum, en krafist var lækkunar bóta á þeirri forsendu. Að virtum öllum þessum atriðum fékkst niðurstaðan. Bætur til vatnsréttareigenda voru ákveðnar 92 milljónir króna, sem svarar til ca. 0,7% af stofnkostnaði.

Áætlað er, að stofnkostnaður Kárahnjúkavirkjunar muni nema u.þ.b. 110 milljörðum króna, sbr. mskj. nr. 91, þegar litið er framhjá kostnaði við gerð flutningslínu til Reyðarfjarðar.

Sé fjárhæð bóta reiknuð sem hlutfall af stofnkostnaði með sömu aðferð og beitt var í Blöndumálinu, yrði niðurstaðan 770.000.000 kr.

Matsnefnd hafnar þeirri afstöðu úrskurðarnefndar í Blöndumálinu, að stærð virkjunar skuli leiða til lækkunar bóta til vatnsréttareigenda. Ekki þykir heldur sjálfgefið að lækka beri bætur vegna ætlaðs hagræðis af eingreiðslu, enda má telja víst að það fari eftir atvikum, hvort einstakir réttihafar hafi í reynd hagræði af eingreiðslu bótanna.

Ákvörðun um það, hvort ráðast skuli í virkjunarframkvæmdir, er ávallt byggð á mati á stofnkostnaði fyrirhugaðrar virkjunar og samspili hans og áætlaðra tekna. Því lægri sem stofnkostnaðurinn er sem hlutfall af væntum tekjum þeim mun meira er verðmæti þeirra vatnsréttinda, sem virkjuð eru. Því helst ávallt í hendur arðsemi og kostnaður. Stofnkostnaður mun aukast, eftir því sem hagkvæmum virkjunarkostum fækkar og fækkun hagstæðra virkjunarkosta og hækkun stofnkostnaðar hefur áhrif á verð vatnsréttinda til hækkunar.

Matsnefnd telur rétt í samræmi við niðurstöðu úrskurðarnefndar í Blöndumálinu, að miða bætur vatnsréttarhafa við hlutfall af stofnkostnaði virkjunarinnar. Þá þykir rétt að meta hagkvæmni Kárahnjúkavirkjunar í samanburði við Blönduvirkjun til beinnar hækkunar bóta með eftirfarandi hætti: Áætlaður stofnkostnaður Kárahnjúkavirkjunar er 110 milljarðar króna. Framreiknaður stofnkostnaður Blönduvirkjunar miðað við breytingar á byggingarvísitölu frá úrskurðardegi í júlí 1991 til og með ágúst þessa árs, nemur 26,4 milljörðum króna. Orkuvinnsla Kárahnjúkavirkjunar er áætluð 4.660 GWst á ári en Blönduvirkjunar 750 GWst á ári. Stofnkostnaður á orkueiningu í Kárahnjúkavirkjun nemur þannig 23,6 milljónum á hverja GWst, en 35,2 milljónum í Blönduvirkjun. Þegar þetta er virt og horft til líklegrar vatnsaukningar vegna gróðurhúsaáhrifa, grænna vottorða, kolefniskvóta, líklegrar hækkunar heimsmarkaðsverðs á raforku og annarra atriða, sem varnaraðilar hafa vísað til sem röksemda fyrir hækkun bóta, telur matsnefnd hæfilegar bætur til vatnsréttarhafa vera 1,4% af áætluðum stofnkostnaði eða 1.540 milljónir króna. Bæturnar taka til grunnréttindanna, sem nefndin hefur þegar skipt í hlutföllunum 76,15% til vatnsréttareigenda Jökulsár á Dal, 17,14% til rétthafa í Jökulsá í Fljótsdal og 6,71% til eigenda Kelduár.

Til viðbótar bótum fyrir grunnréttindin skal Landsvirkjun greiða vatnsréttareigendum Jökulsár á Dal 4,254% álag á þær bætur sem koma í þeirra hlut af grunnréttindunum. Með því bætast fallréttindi Jökulsár á Dal, sem nýtanleg eru frá skurðsenda við Fljótsdalsstöð til sjávar. Heildarbætur til vatnsréttareigenda Jökulsár á Dal verða 1.222.611.305 kr. Það athugist að við útreikning á niðurstöðutölum eru notaðir sjö aukastafir í óræðum tölum.

Sóknaraðili hefur samþykkt að eigendur vatnsréttinda í Jökulsá í Fljótsdal skuli fá til viðbótar hlut sínum í grunnréttindunum, sérstakar bætur fyrir fallréttindi árinna frá Ufsarstíflu í 625 m.y.s. að skurðsenda í Fljótsdal í 25,5 m.y.s. Ákveðast þessar bætur 2,397% af grunnréttindunum. Heildarbætur til vatnsréttareigenda Jökulsár í Fljótsdal verða 300.866.316 kr.

Eigendur vatnsréttinda Kelduár skulu fá, til viðbótar 6,71% hlut sínum í grunnréttindunum, sérstakar bætur fyrir fallréttindi Kelduár úr 669 metra hæð að Kelduárlóni í 625 metra hæð í Ufsarlóni. Reiknast bæturnar 7,339% álag á hlut Kelduár í grunnréttindunum. Heildarbætur til vatnsréttareigenda Kelduár verða 110.918.146 kr.

Samkvæmt þessu eru heildarbætur til vatnsréttarhafa fyrir grunnréttindin og sérstök réttindi alls 1.634.395.767 kr.

Matsnefnd telur það styrkja þessa niðurstöðu, að Landsvirkjun lét leggja mat á arðsemi Kárahnjúkavirkjunar, áður en farið var í framkvæmdir við gerð virkjunarinnar, eins og fyrr er getið. Eigendum Landsvirkjunar þótti rétt að fá utanaðkomandi, valinkunna sérfræðinga til að yfirfara arðsemismat Landsvirkjunar, enda miklir hagsmunir eigenda við það bundnir, að áhætta af framkvæmdinni yrði innan eðlilegra marka. Rökstudd niðurstaða sérfræðinganna varð sú, að þeir féllust á niðurstöður Landsvirkjunar um að núvirtur arður af framkvæmdinni væri 6,6 milljarðar króna miðað við verðlag í janúar 2003, en sú fjárhæð svarar til um 8,8

milljarða á úrskurðardegi sé miðað við breytingar á byggingarvísitölu á þessu tímabili 372,0/278,0). Í forsendunum var reiknað með því að greiddar yrðu ca. 700 milljónir króna vegna vatnsréttindanna, sem taka ber tillit til í þessu sambandi. Ákvörðun nefndarinnar að leggja stofnkostnað til grundvallar niðurstöðu sinni, svarar til þess, að u.þ.b. 17% af reiknaðri arðsemi framkvæmdarinnar, þegar ákvörðun var tekin um að hefjast handa, hefði komið í hlut vatnsréttareigenda. Sú niðurstaða hefði verið sanngjörn og eðlileg gagnvart vatnsréttarhöfum að mati nefndarinnar. Ekki þykir rétt í þessu sambandi að horfa til endurskoðaðs arðsemismats virkjunarinnar, sem gert var 23. ágúst 2006, þegar framkvæmdir voru komnar vel á veg. Samkvæmt matinu lækkaði núvirtur arður af framkvæmdinni um 2,2 milljarða króna. Matsnefndin telur eðlilegt, að sóknaraðili beri áhættuna af breyttri arðsemi Kárahnjúkavirkjunar eftir að ákvörðun um framkvæmdina var tekin, enda var áskilnaður um 11% ávöxtun eigin fjár m.a. skýrður með áhættu af fyrirhugðuðum framkvæmdum.

Skipting bóta.

Vatnsréttindunum er skipt hlutfallslega milli rétthafa í samræmi við niðurstöður Orkustofnunar í skýrslum, sem nefnast „Vatnamælingar á vatnasviðum Jökulsár í Fljótsdal, Kelduár og Jökulsár á Dal vegna vatnsréttinda í tengslum við Kárahnjúkavirkjun OS-2006/008 (mskj. nr. 41) og OS-2007/003 (mskj. nr. 53)“. Hverri landareign fylgir fall árið frá efri landamerkjum og að þeim neðri. Helmingur fallréttindanna tilheyrir hvorum bakka árið. Frá því er undantekning ofan Kárahnjúkastíflu, þar sem skipting milli bakka er önnur eins og nánar verður skýrt út hér á eftir.

Við útreikning bóta til rétthafa eru notaðar hlutfallstölur með sjö aukastöfum. Það athugist að hlutfallstölurnar í eftirfarandi töflum eru sýndar með færri aukastöfum og því fæst ekki full nákvæmni með því að nota þær við útreikning bóta.

Skipting matsnefndar á verðmætum vatnsréttinda verður samhengisins vegna jafnað niður á allar þær jarðir, sem land eiga að viðkomandi vatnsföllum, óháð því hvort eigendur þeirra gerðust aðilar að samningnum frá 13. desember 2005 eða ekki.

Í samræmi við þessar forsendur hefur matsnefnd skipt bótum þannig:

Jökulsá á Dal.

Matsnefnd hefur ákveðið að skipting vatnsréttinda í Jökulsá á Dal ofan Kárahnjúkastíflu verði í hlutfalli við orku ána sem falla í Háslón. Byggt er á skýrslu Vatnaskila „Rennslisráðir vegna vatnsréttinda á vatnasviðum Kárahnjúkavirkjunar (mskj. nr. 88)“ og kortum frá Loftmyndum ehf. (mskj. nr. 98).

Meðfylgjandi tafla sýnir hvernig skipting verður milli Brúar og Laugavalla að vestanverðu og Valþjófsstaðar að austanverðu:

Skipting bóta vegna innrennslis í Háslón

Skiptingin miðast við hlutfallað margfeldi af fallhæð og rennsli ána

	Efri hæð m y.s.	Neðri hæð m y.s.	Fall m	Rennsli 1950-2005 m³/s	Fall x Rennsli		
					Brú	Laugavellir	Valþjófsstaður
Jökla að ármótum við Jökulkvísl	625,0	574,0	51,0	31,1	793,05		793,05
Jökulkvísl	625,0	574,0	51,0	18,6			948,60
Jökla milli Jökulkvíslar og Illukvíslar	574,0	556,0	18,0	50	450,00		450,00
Illakvísl	625,0	556,0	69,0	22,4	1545,60		
Jökla milli Illukvíslar og Sauðár eystri	556,0	550,0	6,0	72,5	217,50		217,50
Sauðá eystri	625,0	550,0	75,0	2,1			157,50
Jökla milli Sauðár eystri og Kringilsár	550,0	524,0	26,0	75,1	976,30		976,30
Kringilsá	625,0	524,0	101,0	22,1	2232,10		
Jökla milli Kringilsár og Sauðár vestari	524,0	464,03	59,97	98,5	2953,52		2953,52
Sauðá vestari, efri hluti	625,0	590,55	34,45	4,2	144,69		
Sauðá vestari, neðri hluti	590,55	464,03	126,52	4,2	265,69	265,69	
Fall frá 625 að 464,03			160,97				
				Samtals:	9578,45	265,69	6496,47
			Skipting milli vatnsréttarhafa í %:		58,6	1,6	39,8
Heildarhlutdeild vatnsréttarhafa Jökulsár á Dal		76,15 %			Brú	Laugavellir	Valþjófsstaður
Hlutdeild vatnsréttarhafa við Háslón		20,44681 %		sem skiptist:	11,98540	0,33246	8,12896
						% af heild	

Skipting bóta milli rétthafa við Jökulsá á Dal er eftirfarandi:

Bætur vegna vatnsréttinda í Jökulsá á Dal

				Grunnbætur	1.540.000.000 kr.
Vinstri bakki	Hæð við landamerki m y.s.	Fall milli landamerkja m	Hlutfall af heildarfalli %	Grunnhlutfall 38,075 %	Bætur til vatnsréttarhafa kr.
Hæð í Háslóni	625,00				
Ofan ármóta Sauðár vestari:					
	464,03	160,97	26,9		
Brú				11,98540	184.575.189
Laugarvellir				0,33246	5.119.840
(sjá töflu um skiptingu innrennslis í Háslón)					
Neðan ármóta Sauðár vestari:					
Laugarvellir	391,10	72,93	12,165	4,63188	71.330.893
Brú	330,64	60,47	10,087	3,84053	59.144.098
Eiríksstaðir	285,94	44,69	7,455	2,83832	43.710.100
Grund	270,42	15,52	2,589	0,98569	15.179.699
Breiðilækur	259,30	11,12	1,855	0,70625	10.876.176
Hákonarstaðir	241,92	17,38	2,899	1,10383	16.998.916
Langagerði	224,03	17,89	2,984	1,13622	17.497.733
Arnórsstaðasel	211,91	12,13	2,023	0,77039	11.864.030
Arnórsstaðir	194,23	17,68	2,949	1,12288	17.292.338
Gilsá	184,48	9,76	1,628	0,61987	9.545.996
Skjöldólfsstaðir II	180,48	4,00	0,667	0,25405	3.912.294
Skjöldólfsstaðir I	164,28	16,20	2,702	1,02888	15.844.789
Hjarðarhagi	141,22	23,06	3,847	1,46457	22.554.372
Hjarðargrund	138,06	3,16	0,527	0,20070	3.090.712
Hofteigur	121,37	16,70	2,786	1,06064	16.333.826
Hvanná II	116,12	5,25	0,876	0,33343	5.134.885
Hvanná	102,35	13,77	2,297	0,87455	13.468.071
Hauksstaðir	87,87	14,48	2,415	0,91964	14.162.503
Hrófsstaðir	83,27	4,60	0,767	0,29215	4.499.138
Hrófsstaðir lóð	81,27	2,00	0,334	0,12702	1.956.147
Hrófsstaðir	75,06	6,21	1,036	0,39440	6.073.836
Selland	56,01	19,05	3,178	1,20989	18.632.298
Fossvellir I og II	54,59	1,42	0,237	0,09019	1.388.864
Fossvellir II	53,31	1,28	0,214	0,08129	1.251.934
Fossvellir I og II	50,69	2,62	0,437	0,16640	2.562.552
Hrafnabjörg I - IV	41,91	8,78	1,465	0,55763	8.587.484
Hallgeirsstaðir	34,81	7,10	1,184	0,45093	6.944.321
Surtstaðir	29,31	5,50	0,917	0,34931	5.379.404
Breiðamörk	24,12	5,19	0,866	0,32962	5.076.201
Sleðbrjótur	18,43	5,69	0,949	0,36138	5.565.238
Hlíðarhús	15,81	2,62	0,437	0,16640	2.562.552
Hlíðargarður	11,55	4,26	0,711	0,27056	4.166.593
Hnitbjörg	8,92	2,63	0,439	0,16703	2.572.333
Árteigur	7,39	1,53	0,255	0,09717	1.496.452
Torfastaðir	4,39	3,00	0,500	0,19053	2.934.220
Hólmatunga	3,40	0,99	0,165	0,06288	968.293
Eyjasel	0,00	3,40	0,567	0,21594	3.325.450
				Samtals:	643.579.768 kr.

Hægri bakki	Hæð við landamerki m y.s.	Fall milli landamerkja m	Hlutfall af heildarfalli	Grunnhlutfall 38,075 %	Bætur til vatnsréttarhafa kr.
Hæð í Háslóni	625,00				
Ofan ármóta Sauðár vestari:	464,03	160,97	26,9		
Valþjófsstaður (sjá töflu um skiptingu innrennslis í Háslón)				8,12896	125.185.920
Neðan ármóta Sauðár vestari:					
Valþjófsstaður	423,12	40,91	6,824	2,59825	40.012.983
Aðalból	364,52	58,59	9,773	3,72112	57.305.320
Vaðbrekka	325,76	38,76	6,465	2,46170	37.910.125
Valþjófsstaður	321,87	3,89	0,649	0,24706	3.804.706
Skríðuklaustur	276,51	45,36	7,566	2,88087	44.365.409
Fossgerði	261,81	14,70	2,452	0,93362	14.377.679
Klaustursel	231,53	30,28	5,051	1,92312	29.616.062
Arnarhóll	225,62	5,91	0,986	0,37535	5.780.414
Merki	211,38	14,24	2,375	0,90440	13.927.765
Arnórsstaðapartur	202,44	8,94	1,491	0,56779	8.743.976
Gauksstaðir	147,17	55,27	9,219	3,51027	54.058.117
Skuggahlíð	132,41	14,76	2,462	0,93743	14.436.363
Mælivellir	131,20	1,20	0,200	0,07621	1.173.688
Hnefildalur	123,91	7,29	1,216	0,46300	7.130.155
Smáragrund	122,44	1,46	0,244	0,09273	1.427.987
Skeggjastaðir	111,74	10,71	1,786	0,68021	10.475.166
Refshöfði	105,01	6,73	1,123	0,42743	6.582.434
Teigasel	98,80	6,21	1,036	0,39440	6.073.836
Teigasel II	90,90	7,90	1,318	0,50174	7.726.780
Gil	70,37	20,53	3,425	1,30389	20.079.847
Hrúthamar	56,54	13,83	2,307	0,87836	13.526.755
Blöndugerði	52,38	4,17	0,696	0,26484	4.078.566
Blöndubakki	48,92	3,46	0,577	0,21975	3.384.134
Stóri Bakki	46,66	2,26	0,377	0,14354	2.210.446
Árbakki	44,10	2,56	0,427	0,16259	2.503.868
Stóri Bakki	42,18	1,92	0,320	0,12194	1.877.901
Litli Bakki	32,48	9,69	1,616	0,61542	9.477.531
Hrærekslækur	26,06	6,42	1,071	0,40774	6.279.231
Ytri Galtastaðir	14,29	11,77	1,963	0,74753	11.511.924
Geirastaðir I og II	12,07	2,23	0,372	0,14163	2.181.104
Húsey	0,00	12,07	2,013	0,76658	11.805.346
				Samtals:	579.031.537 kr.

Bætur til vatnsréttarhafa Jökulsár á Dal eru alls 1.222.611.305 kr.

Jökulsá í Fljótsdal

Skipting bóta milli vatnsréttarhafa við Jökulsá í Fljótsdal er sýnd í eftirfarandi töflum:

Bætur vegna vatnsréttinda í Jökulsá í Fljótsdal

Grunnbætur 1.540.000.000 kr.

Vinstri bakki

	Hæð við landamerki m y.s.	Fall milli landamerkja m	Hlutfall af heildarfalli	Grunnhlutfall 8,570 %	Bætur til vatnsréttarhafa kr.
Hæð í Ufsarlóni	625,00				
Afréttur (að J. í Fljótsd.)	231,20	393,80	65,688	5,62947	86.693.806
Kleif	121,48	109,72	18,302	1,56847	24.154.506
Egilsstaðir	82,63	38,85	6,480	0,55537	8.552.703
Þuríðarstaðir	59,00	23,64	3,943	0,33794	5.204.270
Hóll	38,19	20,80	3,470	0,29734	4.579.053
Valþjófsstaður II	27,66	10,53	1,756	0,15053	2.318.146
Valþjófsstaður I	25,79	1,87	0,312	0,02673	411.674
Valþjófsstaður II	25,50	0,29	0,048	0,00415	63.843
				Samtals:	131.978.000 kr.

Hægri bakki

	Hæð við landamerki m y.s.	Fall milli landamerkja m	Hlutfall af heildarfalli	Grunnhlutfall 8,570 %	Bætur til vatnsréttarhafa kr.
Hæð í Ufsarlóni	625,00				
Afréttur (Gl. I og Gl. II)	232,81	392,19	65,420	5,60645	86.339.369
Glúmsstaðasel	108,14	124,67	20,796	1,78219	27.445.700
Glúmsstaðir I	90,66	17,48	2,916	0,24988	3.848.166
Glúmsstaðir II	76,59	14,07	2,347	0,20113	3.097.465
Glúmsstaðir I	72,30	4,29	0,716	0,06133	944.430
Glúmsstaðir II	52,23	20,07	3,348	0,28691	4.418.346
Glúmsstaðir I	39,51	12,72	2,122	0,18184	2.800.267
Langhús	29,82	9,69	1,616	0,13852	2.133.222
Víðivellir I og II	25,50	4,32	0,721	0,06176	951.034
				Samtals:	131.978.000 kr.

Að auki fá vatnsréttarhafar við Jökulsá í Fljótsdal bætur fyrir fallréttindi árinna frá Ufsarstíflu í 625 m y.s. að skurðsenda í Fljótsdal í 25,5 m y.s. Þessar viðbótarbætur koma fram í eftirfarandi töflu:

Bætur vegna vatnsréttinda í Jökulsá í Fljótsdal neðan Ufsarstíflu

Fallhæðir og rennsli samkvæmt skýrslum Orkustofnunar: OS-2006/008 (mskj. nr.41) og OS-2007/003 (mskj. nr.53)

Innrennsli í Ufsarlón:		21,6 m³/s						Grunnbætur	1.540.000.000 kr.
Vinstri bakki	Fallhæð	Rennsli	Mismunur rennslis	Meðal aukning	Rennslisaukn. x fallhæð	Hlutallsleg skipting	Skipting miðað við grunnbætur % af heild	Bætur kr.	
	m	m³/s	m³/s	m³/s					
Afréttur (að Jökulsá í Fljótsdal)	393,80	25,5	3,9	1,95	767,91	0,408	0,48917	7.533.280	
Kleif	109,72	26,9	5,3	4,60	504,71	0,268	0,32151	4.951.279	
Egilsstaðir	38,85	27,8	6,2	5,75	223,39	0,119	0,14230	2.191.455	
Þuríðarstaðir	23,64	28,4	6,8	6,50	153,66	0,082	0,09788	1.507.421	
Hóll	20,80	28,5	6,9	6,85	142,48	0,076	0,09076	1.397.744	
Valbjófsstaður II	10,53	28,7	7,1	7,00	73,71	0,039	0,04695	723.103	
Valbjófsstaður I	1,87	28,7	7,1	7,10	13,28	0,007	0,00846	130.249	
Valbjófsstaður II	0,29	29,0	7,4	7,25	2,10	0,001	0,00134	20.626	
						Alls:	1,198		
							Samtals:	18.455.158 kr.	
Hægri bakki	Fallhæð	Rennsli	Mismunur rennslis	Meðal aukning	Rennslisaukn. x fallhæð	Hlutallsleg skipting	Skipting miðað við grunnbætur % af heild	Bætur kr.	
	m	m³/s	m³/s	m³/s					
Glúmsstaðir I og II (þjóðlendukr.)	392,19	25,5	3,9	1,95	764,77	0,402	0,48212	7.424.596	
Glúmsstaðasel	124,67	27,3	5,7	4,80	598,42	0,315	0,37725	5.809.582	
Glúmsstaðir I, spilda 1	17,48	27,7	6,1	5,90	103,13	0,054	0,06502	1.001.233	
Glúmsstaðir II, spilda 2	14,07	28,0	6,4	6,25	87,94	0,046	0,05544	853.721	
Glúmsstaðir I, spilda 3	4,29	28,1	6,5	6,45	27,67	0,015	0,01744	268.633	
Glúmsstaðir II, spilda 4	20,07	28,4	6,8	6,65	133,47	0,070	0,08414	1.295.719	
Glúmsstaðir I, spilda 5	12,72	28,5	6,9	6,85	87,13	0,046	0,05493	845.901	
Langhús	9,69	28,6	7,0	6,95	67,35	0,035	0,04246	653.808	
Viðvellingir I og II	4,32	29,0	7,4	7,20	31,10	0,016	0,01961	301.966	
						Alls:	1,198		
							Samtals:	18.455.158 kr.	

Bætur til vatnsréttarhafa Jökulsár í Fljótsdal eru alls 300.866.316 kr.

Kelduá

Skipting bóta milli vatnsréttarhafa við Kelduá er sýnd í eftirfarandi töflum:

Bætur vegna vatnsréttinda í Kelduá

					Grunnbætur	1.540.000.000 kr.
Vinstri bakki	Hæð við landamerki m y.s.	Fall milli landamerkja m	Hlutfall af heildarfalli	Grunnhlutfall 3,355 %	Bætur til vatnsréttarhafa kr.	
Hæð í Kelduárlóni	669,00					
Afréttur (Gl. I og Gl. II)	396,82	272,18	45,4	1,5232	23.457.421	
Þorgerðarstaðir	70,31	326,51	54,5	1,8273	28.139.770	
Arnaldsstaðir	52,16	18,15	3,0	0,1016	1.564.230	
Skógrækt	43,27	8,89	1,5	0,0498	766.171	
Langhús	29,36	13,91	2,3	0,0778	1.198.812	
Víðivellir I og II	26,79	2,57	0,4	0,0144	221.492	
Víðivellir II	26,21	0,58	0,1	0,0032	49.986	
Víðivellir I	25,50	0,71	0,1	0,0040	61.190	
				Samtals:		55.459.073 kr.

Hægri bakki

	Hæð við landamerki m y.s.	Fall milli landamerkja m	Hlutfall af heildarfalli	Grunnhlutfall 3,355 %	Bætur til vatnsréttarhafa kr.	
Hæð í Kelduárlóni	669,00					
Afréttur (að Kelduá)	98,44	570,56	95,2	3,1930	49.172.850	
Sturluflöt	79,85	18,59	3,1	0,1040	1.602.151	
Víðivallagerði	42,14	37,71	6,3	0,2110	3.249.979	
Víðivellir fremri	33,16	8,98	1,5	0,0503	773.928	
Klúka	29,21	3,95	0,7	0,0221	340.425	
Víðivellir II	26,04	3,17	0,5	0,0177	273.202	
Víðivellir I	25,50	0,54	0,1	0,0030	46.539	
				Samtals:		55.459.073 kr.

Bætur til vatnsréttarhafa Kelduár eru alls 110.918.146 kr.

Ákvörðun um málskostnað.

Lögmenn Jökuldælinga þeir Jón Jónsson hdl. og Hilmar Gunnlaugsson hrl. krefjast þess, að Landsvirkjun verði gert að greiða hverjum og einum umbjóðenda þeirra málskostnað, sem tilgreindur verði með sama hætti og bætur fyrir þau vatnsréttindi, sem Landsvirkjun voru látin í té. Krafa lögmanna, f.h. hvers og eins umbjóðenda þeirra, felur í sér grunngjald að fjárhæð 82.500 kr. auk 15% að 2.357.334 kr., 7% af næstu 4.716.003 kr. og 4% af því sem umfram er. Vísað er til gjaldskrár lögmannsstofunnar Regula til stuðnings málskostnaðar-kröfum vatnsréttareigenda. Þeir miða málskostnaðarkröfur sínar við ítrustu kröfur, að því að best verður séð. Lögmenn Regula segjast hafa gert samning við hvern og einn umbjóðenda sinna, þar sem þeir hafi fallist á að greiða málskostnað í samræmi við framsettar kröfur.

Málskostnaðarkröfur umbjóðenda Regulalögmannanna nema hærri fjárhæð en svarar úrskurðuðum bótum fyrir vatnsréttindin, að því er best verður séð. Er það í samræmi við kröfur þeirra í málinu, sem nema hærri fjárhæð en svarar til eigin fjár Landsvirkjunar, eins og áður hefur komið fram.

Aðalkrafa Kristins Bjarnasonar hrl., f.h. umbjóðenda sinna, í þessum þætti málsins byggist einnig á hagsmunatengingu. Krafa hans miðast við taxa, sem er svohljóðandi: Grunnjald 50.000 kr. , 15% af fjárhæð allt að 2,5 milljónum króna, 7% af næstu 5 milljónum króna og 4 % af því sem umfram er. Krafan er miðuð við grunnjald og að hlutfallsfjárhæðir reiknist af úrskurðuðu endurgjaldi vegna hverrar jarðar.

Til vara krefst Kristinn málskostnaðar á grundvelli tímagjalds, sem miðað verði við 25.000 kr. fyrir hverja vinnustund. Telur hann það eðlilegt endurgjald miðað við umfang málsins og hagsmuni umbjóðenda sinna af málalokum.

Aðrir lögmenn málsaðila krefjast endurgjalds í samræmi við tímagjald. Lögmenn allra málsaðila hafa lagt fyrir matsnefnd skrá yfir þær vinnustundir, sem þeir hafa varið til hagsmunagæslu í þágu umbjóðenda sinna vegna málsins.

Matsnefnd telur sig óbundna af samningum vatnsréttareigenda við lögmenn sína við ákvörðun málskostnaðar

Hlutverk matsnefndar felst á hinn bóginn í því að ákvarða málsaðilum málskostnað í samræmi við ákvæði samnings þeirra frá 13. desember 2005.

Í samningsgrein 6.2 segir, að Landsvirkjun greiði vatnsréttarhöfum þann kostnað, sem þeir hafi af rekstri málsins eftir ákvörðun matsnefndar í samræmi við meginreglu 11. gr. laga nr. 11/1973. Niðurlag tilvitnaðs lagaákvæðis varðar það álitafni, sem hér er til umfjöllunar. Þar segir svo: „*Eignarnemi skal greiða eignarnámsþola endurgjald vegna þess kostnaðar, sem eignarnámsþoli hefur haft af rekstri matsmáls og hæfilegur verður talinn.*”

Verkefni matsnefndar er því að ákveða vatnsréttarhöfum *hæfilegar* bætur til að mæta þeim kostnaði, sem þeir hafa af rekstri málsins.

Verður Landsvirkjun gert að greiða hæfilegt endurgjald fyrir þá þjónustu, sem lögmenn vatnsréttareigenda láta umbjóðendum sínum í té, þar með talinn útlagðan kostnað þeirra.

Við munnlegan flutning málsins kvaðst lögmaður Landsvirkjunar sérstaklega aðspurður ekki gera athugasemdir við tímaskráningu lögmanna varnaraðila, en mótmælti því, að ákvörðun málskostnaðar yrði tengd upphæð úrskurðaðra bóta og taldi fráleita þá kröfu að leggja umkrafðar fjárhæðir til grundvallar við málskostnaðarákvörðun nefndarinnar. Hann gerði einnig athugasemdir við kröfu lögmanna Jökuldælinga um ýmsan útlagðan kostnað.

Matsnefndin telur rétt og sanngjarnt að miða málskostnaðarákvörðun sína við tíma-skráningu lögmanna, enda samþykkti lögmaður Landsvirkjunar þá tilhögun.

Friðjón Örn Friðjónsson hrl. lagði fyrir nefndina málskostnaðarreikning við munnlegan flutning málsins, f.h. umbjóðanda síns, Gunnhildar Þ. Hjarðar, eiganda að ¼ hluta jarðarinnar

Laugavalla. Reikningurinn er byggður á tímaskráningu lögmannsins og nemur 1.743.000 kr. þar af 343.000 kr. vegna virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Bjarni Eiríksson hdl. afhenti nefndinni málkostnaðarreikning að fjárhæð 2.551.184 kr. vegna vatnsréttareigenda að Kelduá. Reikningurinn sundurliðast þannig. Málflutningsþóknun 1.987.875 kr., útlagður kostnaður 76.280 kr. og kostnaður vegna virðisaukaskatts 487.029 kr.

Matsnefnd samþykkir reikningana og ber Landsvirkjun því að greiða umbjóðendum framangreindra lögmannna umkrafðar fjárhæðir.

Helgi Jóhannesson hrl., lögmaður Prestssetrasjóðs, lagði fram tímaskýrslu við munnlegan flutning málsins. Þar eru skráðir 85,75 vinnustundir (klst.) á Guðmund Ingva Sigurðsson hdl., fulltrúa Lex lögmannsstofu ehf., 6,5 klst. skráðar á fulltrúann Huldu Árnadóttur og 130,75 klst. á Helga Jóhannesson, alls 223 klst.

Málskostnaður Prestssetrasjóðs ákveðst 3.625.440 kr. að teknu tilliti til kostnaðar af lögmaeltum virðisaukaskatti.

Málskostnaður vatnsréttareigenda Jökulsár í Fljótsdal þykir hæfilegur 6.726.480 kr. með hliðsjón af framlagðri tímaskýrslu Kristins Bjarnasonar hrl. Innifalið í málskostnaðar-fjárhæðinni er útlagður kostnaður að fjárhæð 76.280 kr. og kostnaður af virðisaukaskatti að fjárhæð 1.308.668 kr.

Lögmenn Regula, Jón Jónsson hdl. og Hilmar Gunnlaugsson hrl., hafa lagt fyrir matsnefnd tímaskýrslu. Þar eru skráðar 1.434,60 vinnustundir, sem þeir hafa varið í þágu umbjóðenda sinna á Jökuldal. Víst er um það, að þeir hafa skilað yfirgripsmiklu og vönduðu verki og víða leitað fanga í efnisöflun. Ekki er að sjá, að aðrir starfsmenn Regula hafi komið að þessu verki. Engin ástæða þykir til að draga tímaskráningu þeirra í efa. Þá gera þeir kröfu til greiðslu útlagðs kostnaðar að fjárhæð 1.592.876 kr. Ekki liggja fyrir reikningar yfir þennan útlagða kostnað.

Um er að ræða eftirfarandi kostnaðarliði.

1. Olav Fellland lögmaður í Noregi	428.400 kr.
2. Dr. Jón Þór Sturluson	
átlaður kostnaður vegna síðari skýrslu	400.000 kr.
3. Ferðakostnaður ýmis konar	744.476 kr.
4. Annar útlagður kostnaður	<u>20.000 kr.</u>
Samtals	1.592.876 kr.

Fram kemur á yfirliti Regula yfir útlagðan kostnað, að Landsvirkjun hefur þegar greitt Hannarr ehf. (Sigurði Ingólfssyni, verkfræðingi) 2.220.993 kr. og Jóni Þór Sturlusyni 1.126.103 kr. Lögmaður Landsvirkjunar mótmælti sérstaklega reikningslið í ferðakostnaðar-kröfu að fjárhæð 269.076 kr. Reikningur er skýrður svo, að um sé að ræða kostnað vegna fundar í Róm með samstarfslögmönnum á sviði orku- og umhverfisréttar.

Matsnefnd lítur svo á, að lögmenn verði að leita sér menntunar á eigin kostnað, enda nýtist þeim slík menntun og reynsla til frambúðar. Því aðeins geti lögmaður krafði um slíkan kostnað, að greiðandi hafi áður fallist á greiðslu hans.

Matsnefnd fellst því á sjónarmið Landsvirkjunar og lækkar kröfu lögmanna Regula, sem þessum kröfufélagi nemur. Landsvirkjun skal því greiða lögmönnum Regula 1.323.800 kr. í útlagðan kostnað.

Matsnefnd ákveður með hliðsjón af tímaskýrslu lögmanna Jóns Jónssonar hdl. og Hilmars Gunnlaugssonar hrl., að Landsvirkjun skuli greiða umbjóðendum Regula-lögmanna ehf., 27.468.800 kr. í málskostnað, þar af er útlagður kostnaður 1.323.800 kr. en kostnaður af virðisaukaskatti kr. 5.145.000 kr.

Kristinn Bjarnason hrl. og Regulalögmennirnir Jón Jónsson hdl. og Hilmar Gunnlaugsson hrl. krefjast þess, að matsnefnd ákveði upphæð málskostnaðar hvers og eins vatnsréttareigenda hlutfallslega eftir eignarhluta þeirra í hlutaðeigandi vatnsfalli, hvort sem málskostnaður verði ákveðinn með hliðsjón af hagsmunum eða samkvæmt tímaskýrslum þeirra.

Í tímaskýrslum lögmanna kemur ekki fram, hversu mikilli vinnu hefur verið varið í þágu hvers einstaks umbjóðenda þeirra. Ekki liggur heldur fyrir, hvort grunngjald verði innheimt hjá hverjum einstökum vatnsréttarhafa, eða hvort eða hvaða hagsmunatengingu verði beitt gagnvart hverjum og einum vatnsréttareiganda við innheimtu lögmansþóknunar.

Matsnefnd telur sig því engar forsendur hafa til þess að jafna niður á hvern og einn vatnsréttarhafa hlutdeild hans í úrskurðuðum málskostnaði. Því verður málskostnaður ákveðinn sem heildarfjárhæð, eins og nánar er gerð grein fyrir í úrskurðarorði.

Kostnaður af störfum matsnefndar.

Í grein 6.1 í samningnum frá 13. desember 2005 segir m.a. svo: „Landsvirkjun greiðir allan kostnað af störfum matsnefndar samkvæmt samningi þessum. Matsnefnd skal ákvarða um þann kostnað sem af störfum hennar hefur hlotist í úrskurði sínum. Greina skal á milli þóknunar matsnefndarmanna og annars kostnaðar.”

Matsnefndarmenn hafa haldið saman þeim vinnustundum, sem þeir hafa varið til verkefnisins. Starf nefndarmanna fólst í setu fjölmargra funda með lögmönnum málsaðila, vettvangsför 24. og 25. ágúst 2006 og viðveru við munnlegan flutning málsins á Egilsstöðum dagana 14. og 15. maí sl. Einnig hafa nefndarmenn hist á ótal vinnufundum. Fundargerðir liggja fyrir um alla fundi, sem nefndin hefur átt með lögmönnum málsaðila, en engar skráðar heimildir er um fundi nefndarmanna.

Matsnefnd hefur leitað til vatnamælinga Orkustofnunar um ýmsar upplýsingar og gögn og einnig til verkfræðistofunnar Vatnaskila. Landsvirkjun hefur að undirlagi nefndarinnar staðið straum af kostnaði við þessa sérfræðiaðstoð. Matsnefndin sjálf hefur engan beinan

útlagðan kostnað haft af störfum sínum. Einnig hefur matsnefnd þegið þjónustu við frágang og prentun þessa úrskurðar, sem Landsvirkjun mun bera kostnað af.

Heildarþóknun til matsnefndarmanna er ákveðin kr. 21.093.089 að meðtöldum lögmæltum virðisaukaskatti.

Ákvörðunin er byggð á samtölu skráðra vinnustunda allra nefndarmanna og þóknun hvers og eins fyrir útselda vinnu.

ÚRSKURÐARORÐ

Landsvirkjun hf. greiði vatnsréttareigendum að Jökulsá á Dal sem fullnaðarbætur fyrir þau vatnsréttindi, sem nýtt verða til að knýja hverfla Fljótsdalsstöðvar 1.222.611.305 kr. að viðbættum 27.468.800 kr. í málskostnað, sem ganga til umbjóðenda Jóns Jónssonar hdl. og Hilmars Gunnlaugssonar hrl..

Landsvirkjun hf. greiði eigendum vatnsréttinda í Jökulsá í Fljótsdal 300.866.316 kr. auk málskostnaðar 6.726.480 kr. sem ganga til umbjóðenda Kristins Bjarnasonar hrl.

Landsvirkjun greiði vatnsréttareigendum að Kelduá 110.918.146 kr. að viðbættum málskostnaði að fjárhæð 2.551.184 kr., sem renni til umbjóðenda Bjarna Eiríkssonar hdl.

Landsvirkjun greiði Prestssetrasjóði 3.625.440 kr. í málskostnað.

Landsvirkjun greiði Gunnhildi Þ. Hjarðar, 1.743.000 kr. í málskostnað.

Bætur skiptast milli fallréttareigenda að Jökulsá á Dal þannig:

Bætur vegna vatnsréttinda í Jökulsá á Dal

				Grunnbætur	1.540.000.000 kr.
Vinstri bakki	Hæð við landamerki m y.s.	Fall milli landamerkja m	Hlutfall af heildarfalli %	Grunnhlutfall 38,075 %	Bætur til vatnsréttarhafa kr.
Hæð í Háslóni	625,00				
Ofan ármóta Sauðár vestari:					
	464,03	160,97	26,9		
Brú				11,98540	184.575.189
Laugarvellir				0,33246	5.119.840
(sjá töflu um skiptingu innrennslis í Háslón)					
Neðan ármóta Sauðár vestari:					
Laugarvellir	391,10	72,93	12,165	4,63188	71.330.893
Brú	330,64	60,47	10,087	3,84053	59.144.098
Eiríksstaðir	285,94	44,69	7,455	2,83832	43.710.100
Grund	270,42	15,52	2,589	0,98569	15.179.699
Breiðilækur	259,30	11,12	1,855	0,70625	10.876.176
Hákonarstaðir	241,92	17,38	2,899	1,10383	16.998.916
Langagerði	224,03	17,89	2,984	1,13622	17.497.733
Arnórsstaðasel	211,91	12,13	2,023	0,77039	11.864.030
Arnórsstaðir	194,23	17,68	2,949	1,12288	17.292.338
Gilsá	184,48	9,76	1,628	0,61987	9.545.996
Skjöldólfsstaðir II	180,48	4,00	0,667	0,25405	3.912.294
Skjöldólfsstaðir I	164,28	16,20	2,702	1,02888	15.844.789
Hjarðarhagi	141,22	23,06	3,847	1,46457	22.554.372
Hjarðargrund	138,06	3,16	0,527	0,20070	3.090.712
Hofteigur	121,37	16,70	2,786	1,06064	16.333.826
Hvanná II	116,12	5,25	0,876	0,33343	5.134.885
Hvanná	102,35	13,77	2,297	0,87455	13.468.071
Hauksstaðir	87,87	14,48	2,415	0,91964	14.162.503
Hrólfstaðir	83,27	4,60	0,767	0,29215	4.499.138
Hrólfstaðir lóð	81,27	2,00	0,334	0,12702	1.956.147
Hrólfstaðir	75,06	6,21	1,036	0,39440	6.073.836
Selland	56,01	19,05	3,178	1,20989	18.632.298

Vinstri bakki
framh.

	Hæð við landamerki m y.s.	Fall milli landamerkja m	Hlutfall af heildarfalli %	Grunnhlutfall 38,075 %	Bætur til vatnsréttarhafa kr.
Fossvellir I og II	54,59	1,42	0,237	0,09019	1.388.864
Fossvellir II	53,31	1,28	0,214	0,08129	1.251.934
Fossvellir I og II	50,69	2,62	0,437	0,16640	2.562.552
Hrafnabjörg I - IV	41,91	8,78	1,465	0,55763	8.587.484
Hallgeirsstaðir	34,81	7,10	1,184	0,45093	6.944.321
Surtsstaðir	29,31	5,50	0,917	0,34931	5.379.404
Breiðamörk	24,12	5,19	0,866	0,32962	5.076.201
Sleðbrjótur	18,43	5,69	0,949	0,36138	5.565.238
Hlíðarhús	15,81	2,62	0,437	0,16640	2.562.552
Hlíðargarður	11,55	4,26	0,711	0,27056	4.166.593
Hnitbjörg	8,92	2,63	0,439	0,16703	2.572.333
Árteigur	7,39	1,53	0,255	0,09717	1.496.452
Torfastaðir	4,39	3,00	0,500	0,19053	2.934.220
Hólmatunga	3,40	0,99	0,165	0,06288	968.293
Eyjasel	0,00	3,40	0,567	0,21594	3.325.450
Samtals:					643.579.768 kr.

Hægri bakki

	Hæð við landamerki m y.s.	Fall milli landamerkja m	Hlutfall af heildarfalli	Grunnhlutfall 38,075 %	Bætur til vatnsréttarhafa kr.
Hæð í Háslóni	625,00				
Ofan ármóta Sauðár vestari:	464,03	160,97	26,9		
Valþjófsstaður				8,12896	125.185.920
(sjá töflu um skiptingu innrennslis í Háslón)					
Neðan ármóta Sauðár vestari:					
Valþjófsstaður	423,12	40,91	6,824	2,59825	40.012.983
Aðalból	364,52	58,59	9,773	3,72112	57.305.320
Vaðbrekka	325,76	38,76	6,465	2,46170	37.910.125
Valþjófsstaður	321,87	3,89	0,649	0,24706	3.804.706
Skriðuklaustur	276,51	45,36	7,566	2,88087	44.365.409
Fossgerði	261,81	14,70	2,452	0,93362	14.377.679
Klaustursel	231,53	30,28	5,051	1,92312	29.616.062
Arnarhóll	225,62	5,91	0,986	0,37535	5.780.414
Merki	211,38	14,24	2,375	0,90440	13.927.765
Arnórsstaðapartur	202,44	8,94	1,491	0,56779	8.743.976
Gauksstaðir	147,17	55,27	9,219	3,51027	54.058.117
Skuggahlíð	132,41	14,76	2,462	0,93743	14.436.363
Mælivellir	131,20	1,20	0,200	0,07621	1.173.688
Hnefilsdalur	123,91	7,29	1,216	0,46300	7.130.155
Smáragrund	122,44	1,46	0,244	0,09273	1.427.987
Skeggjastaðir	111,74	10,71	1,786	0,68021	10.475.166
Refshöfði	105,01	6,73	1,123	0,42743	6.582.434
Teigasel	98,80	6,21	1,036	0,39440	6.073.836
Teigasel II	90,90	7,90	1,318	0,50174	7.726.780
Gil	70,37	20,53	3,425	1,30389	20.079.847
Hrúthamar	56,54	13,83	2,307	0,87836	13.526.755
Blöndugerði	52,38	4,17	0,696	0,26484	4.078.566
Blöndubakki	48,92	3,46	0,577	0,21975	3.384.134
Stóri Bakki	46,66	2,26	0,377	0,14354	2.210.446
Árbakki	44,10	2,56	0,427	0,16259	2.503.868
Stóri Bakki	42,18	1,92	0,320	0,12194	1.877.901
Litli Bakki	32,48	9,69	1,616	0,61542	9.477.531
Hrærekslækur	26,06	6,42	1,071	0,40774	6.279.231
Ytri Galtastaðir	14,29	11,77	1,963	0,74753	11.511.924
Geirastaðir I og II	12,07	2,23	0,372	0,14163	2.181.104
Húsey	0,00	12,07	2,013	0,76658	11.805.346
Samtals:					579.031.537 kr.

Skipting bóta milli fallréttareigenda að Jökulsá í Fljótssdal er eftirfarandi:

Bætur vegna vatnsréttinda í Jökulsá í Fljótssdal

Grunnbætur 1.540.000.000 kr.

Vinstri bakki

	Hæð við landamerki m y.s.	Fall milli landamerkja m	Hlutfall af heildarfalli	Grunnhlutfall 8,570 %	Bætur til vatnsréttarhafa kr.
Hæð í Ufsarlóni	625,00				
Afréttur (að J. í Fljótssd.)	231,20	393,80	65,688	5,62947	86.693.806
Kleif	121,48	109,72	18,302	1,56847	24.154.506
Egilsstaðir	82,63	38,85	6,480	0,55537	8.552.703
Þuríðarstaðir	59,00	23,64	3,943	0,33794	5.204.270
Hóll	38,19	20,80	3,470	0,29734	4.579.053
Valþjófsstaður II	27,66	10,53	1,756	0,15053	2.318.146
Valþjófsstaður I	25,79	1,87	0,312	0,02673	411.674
Valþjófsstaður II	25,50	0,29	0,048	0,00415	63.843
Samtals:					131.978.000 kr.

Hægri bakki

	Hæð við landamerki m y.s.	Fall milli landamerkja m	Hlutfall af heildarfalli	Grunnhlutfall 8,570 %	Bætur til vatnsréttarhafa kr.
Hæð í Ufsarlóni	625,00				
Afréttur (Gl. I og Gl. II)	232,81	392,19	65,420	5,60645	86.339.369
Glúmsstaðasel	108,14	124,67	20,796	1,78219	27.445.700
Glúmsstaðir I	90,66	17,48	2,916	0,24988	3.848.166
Glúmsstaðir II	76,59	14,07	2,347	0,20113	3.097.465
Glúmsstaðir I	72,30	4,29	0,716	0,06133	944.430
Glúmsstaðir II	52,23	20,07	3,348	0,28691	4.418.346
Glúmsstaðir I	39,51	12,72	2,122	0,18184	2.800.267
Langhús	29,82	9,69	1,616	0,13852	2.133.222
Víðivellir I og II	25,50	4,32	0,721	0,06176	951.034
Samtals:					131.978.000 kr.

Bætur vegna vatnsréttinda í Jökulsá í Fljótssdal neðan Ufsarstíflu

Fallhæðir og rennsli samkvæmt skýrslum Orkustofnunar: OS-2006/008 (mskj. nr.41) og OS-2007/003 (mskj. nr.53)

Innrennsli í Ufsarlón: 21,6 m³/s

Grunnbætur 1.540.000.000 kr.

Vinstri bakki	Fallhæð m	Rennsli m³/s	Mismunur rennslis m³/s	Meðal aukning m³/s	Rennslisaukn. x fallhæð	Hlutfallsleg skipting	Skipting miðað við grunnbætur % af heild	Bætur kr.
Afréttur (Jökulsá í Fljótssdal)	393,80	25,5	3,9	1,95	767,91	0,408	0,48917	7.533.280
Kleif	109,72	26,9	5,3	4,60	504,71	0,268	0,32151	4.951.279
Egilsstaðir	38,85	27,8	6,2	5,75	223,39	0,119	0,14230	2.191.455
Þuríðarstaðir	23,64	28,4	6,8	6,50	153,66	0,082	0,09788	1.507.421
Hóll	20,80	28,5	6,9	6,85	142,48	0,076	0,09076	1.397.744
Valþjófsstaður II	10,53	28,7	7,1	7,00	73,71	0,039	0,04695	723.103
Valþjófsstaður I	1,87	28,7	7,1	7,10	13,28	0,007	0,00846	130.249
Valþjófsstaður II	0,29	29,0	7,4	7,25	2,10	0,001	0,00134	20.626
						Alls:	1,198	
Samtals:								18.455.158 kr.

Hægri bakki	Fallhæð m	Rennsli m ² /s	Mismunur rennslis m ² /s	Meðal aukning m ² /s	Rennslisaukn. x fallhæð	Hlutallsleg skipting	Skipting miðað við grunnbætur % af heild	Bætur kr.
Glúmsstaðir I og II (þjóðl.kr.)	392,19	25,5	3,9	1,95	764,77	0,402	0,48212	7.424.596
Glúmsstaðasel	124,67	27,3	5,7	4,80	598,42	0,315	0,37725	5.809.582
Glúmsstaðir I, spilda 1	17,48	27,7	6,1	5,90	103,13	0,054	0,06502	1.001.233
Glúmsstaðir II, spilda 2	14,07	28,0	6,4	6,25	87,94	0,046	0,05544	853.721
Glúmsstaðir I, spilda 3	4,29	28,1	6,5	6,45	27,67	0,015	0,01744	268.633
Glúmsstaðir II, spilda 4	20,07	28,4	6,8	6,65	133,47	0,070	0,08414	1.295.719
Glúmsstaðir I, spilda 5	12,72	28,5	6,9	6,85	87,13	0,046	0,05493	845.901
Langhús	9,69	28,6	7,0	6,95	67,35	0,035	0,04246	653.808
Víðivellir I og II	4,32	29,0	7,4	7,20	31,10	0,016	0,01961	301.966
						Alls:	1,198	
							Samtals:	18.455.158 kr.

Bætur skiptast þannig milli eigenda fallréttinda í Kelduá:

Bætur vegna vatnsréttinda í Kelduá

Grunnbætur 1.540.000.000 kr.

Vinstri bakki

	Hæð við landamerki m y.s.	Fall milli landamerkja m	Hlutfall af heildarfalli	Grunnhlutfall 3,355 %	Bætur til vatnsréttarhafa kr.
Hæð í Kelduárlóni	669,00				
Afréttur (Gl. I og Gl. II)	396,82	272,18	45,4	1,5232	23.457.421
Þorgerðarstaðir	70,31	326,51	54,5	1,8273	28.139.770
Arnaldsstaðir	52,16	18,15	3,0	0,1016	1.564.230
Skógrækt	43,27	8,89	1,5	0,0498	766.171
Langhús	29,36	13,91	2,3	0,0778	1.198.812
Víðivellir I og II	26,79	2,57	0,4	0,0144	221.492
Víðivellir II	26,21	0,58	0,1	0,0032	49.986
Víðivellir I	25,50	0,71	0,1	0,0040	61.190
				Samtals:	55.459.073 kr.

Hægri bakki

	Hæð við landamerki m y.s.	Fall milli landamerkja m	Hlutfall af heildarfalli	Grunnhlutfall 3,355 %	Bætur til vatnsréttarhafa kr.
Hæð í Kelduárlóni	669,00				
Afréttur (að Kelduá)	98,44	570,56	95,2	3,1930	49.172.850
Sturlufliót	79,85	18,59	3,1	0,1040	1.602.151
Víðivallagerði	42,14	37,71	6,3	0,2110	3.249.979
Víðivellir fremri	33,16	8,98	1,5	0,0503	773.928
Klúka	29,21	3,95	0,7	0,0221	340.425
Víðivellir II	26,04	3,17	0,5	0,0177	273.202
Víðivellir I	25,50	0,54	0,1	0,0030	46.539
				Samtals:	55.459.073 kr.

Landsvirkjun hf. skal greiða almenna vexti af úrskurðuðum fjárhæðum, samkvæmt II. kafla laga nr. 38/2001, frá uppsögudegi þessa úrskurðar, hinn 22. ágúst 2007 til greiðsludags en dragist greiðsla fram yfir 60 daga skal greiða dráttarvexti, samkvæmt III. kafla sömu laga, frá 60. degi til greiðsludags.

Landsvirkjun greiði kr. 21.093.089 í kostnað við störf matsnefndar.

Gestur Jónsson hrl.

Sigurður Þórðarson

Skúli J. Pálmason

Sverrir Ingólfsson

Niðurstöður nefndarinnar eru í tveimur heftum. Sératkvæði Egils Benedikts Hreinssonar er í sérstöku hefti